

**STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM**

ÁRSSKÝRSLA

1. 9. 2006 – 31. 12. 2007

REYKJAVÍK

2008



Jóhanna Ólafsdóttir tók allar myndir í ársskýrslunni
nema mynd af Þjóðmenningarhúsi, sem birt er með leyfi Þjóðmenningarhúss.

Stafirnir S og Á, sem skreyta kápuna,
eru teknir úr Staðarhólsbók Grágásar, AM 334 fol.

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

ÁRSSKÝRSLA

1. 9. 2006 – 31. 12. 2007

REYKJAVÍK 2008

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
veffang: <http://www.arnastofnun.is>
netfang: arnastofnun@hi.is

FORMÁLSORÐ

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók til starfa 1. september 2006 samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi 2. júní 2006 og staðfest af forseta Íslands 12. júní. Fimm stofnanir voru sameinaðar í þessari nýju stofnun: Íslensk málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands. Allar hafa þær gefið út skýrslur sem ná yfir fyrstu átta mánuði ársins 2006. Ekki þótti ástæða til að gefa út sérstaka skýrslu fyrir þá fjóra mánuði sem eftir lifðu árs þegar stofnunin tók til starfa, og því tekur þessi skýrsla til tímans frá 1. september 2006 til 31. desember 2007.

Samkvæmt lögum um stofnunina, sem birt eru í Viðauka 1, tók Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við eignum og skuldbindingum þeirra stofnana sem lagðar voru niður, en í því fólst meðal annars að starfsmenn hinna eldri stofnana urðu sjálfkrafa starfsmenn þeirrar nýju. Vésteinn Ólason, sem áður var forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, var með bréfi menntamálaráðherra 12. september 2006 skipaður forstöðumaður, en aðrir fyrrum forstöðumenn halda áfram störfum hjá stofnuninni og eru í forsvari fyrir þau verksvið hennar sem þeir stjórnuðu áður.

Þótt sameining hafi tekið gildi samkvæmt lögum á ákveðnum degi er hér í raun um að ræða sameingarferli, sem þá fór af stað, og fjarri fer að því sé lokið. Starfsemin er áfram dreifð, fór á tímabilinu fram í Árnagarði við Suðurgötu, Neshaga 16 og Þingholtstræti 29 í Reykjavík og Lyngási 7 í Garðabæ. Samhæfing mannaúðsins, sem er mesti styrkur stofnunarinnar auk þeirra verðmætu frumgagna sem hún varðveitir, er nú meginviðfangsefnið. Áfangar í því starfi á tímabilinu voru gerð skipurits, stefnumótunarstarf og undirbúningur reglugerðar, eins og fram kemur hér aftar, en einnig margvíslegt starf sem fram fór í starfshópum sem myndaðir eru af starfsfólki af ýmsum sviðum.

Ríkisstjórn og Alþingi hafa samþykkt að varið verði einum milljarði af andvirði Landsímans til að reisa á svæði Háskóla Íslands hús yfir starfsemi stofnunarinnar. Menntamálaráðuneyti hefur ákveðið að efna til samkeppni um hönnun hússins, nefnd undir forystu forstöðumanns starfaði á árinu 2007 að undirbúningi. Samkomulag tókst við Háskóla Íslands um staðsetningu hússins á lóð í námunda við Þjóðarbókhöð og ennfremur um að íslenskuskor Háskóla Íslands verði þar einnig til húsa. Nefndin skilaði drögum að samkeppnislýsingu til ráðuneytisins í júní, og menntamálaráðherra skipaði 17. desember 2007 dómnefnd til að auglýsa samkeppnina og annast hana. Formaður nefndarinnar er Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrv. alþingismaður og ráðherra. Vonir standa til að hægt verði að reisa húsið á árunum 2009 og 2010 og taka það formlega í notkun 17. júní 2011.

Efni ársskýrslunnar er að miklu leyti fengið frá starfsmönnum stofnunarinnar, eins og gefur að skilja, en Rósa Þorsteinsdóttir hefur aðstoðað mig við frágang og samræmingu; Bessi Aðalsteinsson braut um.

Á höfuðdag 2008

Vésteinn Ólason

STJÓRN OG STARFLIÐ

Stjórn stofnunarinnar:

Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. ráðherra, formaður
Sigríður Snævarr, sendiherra
Guðrún Nordal, prófessor
Torfi H. Tulinius, prófessor
Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor

Forstöðumaður:

Vésteinn Ólason, prófessor

Sérfræðingar ráðnir til rannsóknarstarfa:

Ari Páll Kristinsson, rannsóknardósent, stofustjóri málræktarsviðs (í rannsóknarleyfi jan.-mars og sept.-nóv. 2007)
Ásta Svavarsdóttir, rannsóknardósent
Einar G. Pétursson, rannsóknarprófessor
Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor, stofustjóri þjóðfræðisviðs
Guðrún Ása Grímsdóttir, rannsóknarprófessor
Guðrún Kvaran, prófessor, stofustjóri orðfræðisviðs
Guðvarður Már Gunnlaugsson, rannsóknardósent
Gunnlaugur Ingólfsson, rannsóknardósent
Jón Hilmar Jónsson, rannsóknarprófessor
Margrét Eggertsdóttir, rannsóknarprófessor
Sigurgeir Steingrímsson, rannsóknardósent, stofustjóri handritasviðs
Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknardósent
Svavar Sigmundsson, rannsóknarprófessor, stofustjóri nafnfræðisviðs
Sverrir Tómasson, rannsóknarprófessor
Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor, stofustjóri alþjóðasviðs (í rannsóknarleyfi feb.-apr. 2007)

Rannsóknarstaða Árna Magnússonar: Ármann Jakobsson dr. phil. (frá 15.3.2007)

Rannsóknarstaða Sigurðar Nordals: Daniel Sävborg fil.dr. (frá 15.8.2007)

Sérfræðingar ráðnir til ákveðinna verkefna:

Aðalsteinn Eyþórsson, verkefnisstjóri (lét af störfum 5. apríl 2007)
Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri (1.1.–15.3. og frá 1.11.2007)
Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri
Halldóra Jónsdóttir, verkefnisstjóri (50% 1.9.2006–31.8.2007, 80% frá 1.9.2007)
Hallgrímur J. Ámundason, verkefnisstjóri
Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, verkefnisstjóri
Jónína Hafsteinsdóttir, deildarstjóri
Kristín Bjarnadóttir, verkefnisstjóri
Kristján Eiríksson, verkefnisstjóri
Rósa Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri
Sigrún Helgadóttir, verkefnisstjóri
Þórdís Úlfarsdóttir, verkefnisstjóri

Starfsmenn við stjórnáslu og þjónustu:

Bessi Aðalsteinsson, verkefnisstjóri
Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri (50%)
Kári Kaaber, deildarstjóri
Rósa Sveinsdóttir, deildarstjóri (50%)
Þórunn Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Bókavörður: Ólöf Benediktsdóttir

Safnkennari: Svanhildur Gunnarsdóttir

Forvörður: Hersteinn Brynjúlfsson

Ljósmyndari: Jóhanna Ólafsdóttir

Öryggisverðir: Magnús Jónsson, Sigurður Valtýsson, Ævar Sigurðsson

Ræsting Þingholtsstræti og Hvassaleiti:

Ragnhildur Bragadóttir

Tímabundin ráðning til rannsókna (að mestu hlutastörf greidd af styrkfé):

Eyrún Valsdóttir (1.1.–31.5.2007)
Gísli Rúnar Harðarson (1.8.–31.12.2007)
Guðmundur Steinn Gunnarsson (1.6.–31.8.2007)
Guðrún Ingólfsdóttir (1.8.–31.8.2007)
Jóhanna Bogadóttir (50% frá 15.9.2007)
Margrét Birna Auðunsdóttir (1.9.–31.12.2007)
Marteinn H. Sigurðsson
Tinna Sigurðardóttir (1.8.–31.12.2007)
Þórunn Sigurðardóttir

Styrkþegastöður RANNÍS:

Aðalheiður Guðmundsdóttir dr. phil.
Haraldur Bernharðsson Ph.D.

Doktorsnemar sem fá leiðbeiningu og aðstöðu:

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova), Þórður Ingi Guðjónsson

Fyrrverandi starfsmenn með vinnuástöðu:

Jónas Kristjánsson dr. phil., Ólafur Halldórsson dr. phil.

Starfsfólk við afleysingar:

María Guðnadóttir (1.7.–13.8.2007)
Nína Leósdóttir (17.2.–17.5.2007)
Philip Roughton (frá 28.5.2007)

Ársskýrsla 2006–2007

FJÁRMÁL

Reikningar ársins 2006 urðu þannig til hjá Fjársýslu ríkisins að rekstur og efnahagur hveirar hinna eldri stofnana var gerður upp miðað við 31.8.2006 og rekstrarniðurstaða og höfuðstóll (þ.e. inneign í ríkissjóði eða skuld við hann) fært yfir til nýrrar stofnunar. Tölur þær sem hér eru birtar fyrir árið 2006 eru í samræmi við ársreikning nýju stofnunarinnar fyrir 2006 endurskoðaðan af Ríkisendurskoðun. Samkvæmt efnahagsreikningi var höfuðstóll í árslok kr. 17.025.561, og stafaði af rekstrarafgangi sem nam 14.5 m. Í apríl 2008 bárust boð frá Fjársýslu ríkisins um að mistök hefðu orðið bókhaldi, þannig að tvítaldar hefðu verið tekjur sem nemur kr. 15.814.336. Þess vegna eru tölur, sem í raun eru rangar, stjórnmerktar hér að neðan. Tölur fyrir árið 2007 eru teknar úr ársreikningi gerðum af Fjársýslu ríkisins, en hann hefur enn ekki verið endurskoðaður.

Rekstrarreikningur

Tekjur	2007	2006
Sértekjur	48.074.947	34.630.983
Markaðar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0
Tekjur samtals	48.373.484	34.630.983
Gjöld		
Almennur rekstur	320.192.941	98.533.044
101 Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum	320.192.941	93.687.733
111 Íslenskukennsla erlendis		3.374.029
120 Bókaútgáfa		1.471.282
Gjöld samtals	320.192.941	98.533.044
Tekjur umfram gjöld	-272.117.351	-63.902.061
Framlag úr ríkissjóði	253.584.000	78.400.000
Hagnaður/Tap ársins	*-18.533.994	*14.497.939

Úr efnahagsreikningi:

Höfuðstóll í árslok - 1.508.433 *17.025.561

Lækkun á framlagi úr ríkissjóði og þar af leiðandi mikill halli á rekstrinum 2007 skýrist af því að ofangreindar 15.814.336, sem ofreiknaðar voru á árinu 2006, hafa verið dregnar frá framlagi ríkisins 2007. Þetta gefur vitaskuld alranga mynd af rekstrinum. Eftir að villan frá 2006 hefur verið leiðrétt eru raunverulegar tölur þannig:

Hagnaður/Tap ársins	2007	2006
	-2.719.658	-1.316.397
Höfuðstóll í árslok	- 1.508.444	1.211.225

Af framangreindu má sjá að stofnunin hefur verið rekin með lítills háttar tapi þessi tvö ár og hefur staða hennar gagnvart ríkissjóði versnað að sama skapi. Hallinn á ári er þó vel innan við 1% af veltu en um 1% af fjárheimildum á árinu 2007. Tekið skal fram að þessi mistök urðu hjá Ríkisbókhaldi en eru ekki sök starfsmanna stofnunarinnar.

Sértekjur 2007

Stærsti liðurinn eru styrkir frá Nordplus, Rannsóknarsjóði H.Í., Þjóðhátíðarsjóði og RANNÍS,

samtals 17 m. kr., 8 m. kr. eru vegna Samstarfsnefndar um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis, tekjur af sölu Stafsetningarorðabókar nema 4,6 m. kr., kennsla fyrir H.Í. 3,5 m. kr. Þá eru framlög úr bókasjóðum talin sem sértekjur og nema þau 4,1 m. kr. Aðrar upphæðir eru lægri. Rétt er að taka fram að mikið af þessu er gegnumstreymi til fyrirfram ákveðinna verkefna.

STARFSANNÁLL

Störf stjórnar

Menntamálaráðherra skipaði stjórn stofnunarinnar 1. júlí 2006 í samræmi við bráðabirgða-ákvæði í lögum. Stjórnin hóf þegar að kynna sér starfsemi þeirra stofnana sem verið var að sameina, tilnefndi fulltrúa í dómnefnd um hæfi forstöðumanns og sendi álitserð til menntamálaráðherra á grundvelli dómnefndarálitsins. Eftir að forstöðumaður hafði verið skipaður hélt stjórnin fyrsta reglulega fund sinn með honum 15. september 2006, en fram til ársloka 2007 voru haldnir 11 stjórnarfundir með forstöðumanni. Voru þar kynnt og rædd öll helstu mál sem á döfinni voru hjá stofnuninni. Stjórnarformaður tók þátt í stefnumótunarstarfi og samningu uppkasts að reglugerð, en einnig sóttu stjórnarmenn málþing stofnunarinnar og fleiri atburði eftir því sem aðstæður leyfðu.

Störf húspings

Í 4. gr. laga um stofnunina segir svo: „Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda húsping sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar.“ Í lögnum er einnig kveðið á um aðkomu húspings að ráðningum: það skal tilnefna fulltrúa í dómnefnd um umsækjendur um starf forstöðumanns og ráðningu til rannsóknarstarfa og veita umsagnir um ráðningu til rannsóknarstarfa, einnig hinar sérstöku rannsóknarstöður sem kenndar eru við Árna Magnússon og Sigurð Nordal, og um tillögur til reglugerðar.

Hentugt hefur þótt að gera húspingin að vettvangi almennrar umræðu um málefni og störf stofnunarinnar og boða þá til þeirra alla starfsmenn. Haldin voru tvö slík húsping á árinu 2006 og tvö á árinu 2007. Þar voru kynnt og rædd flest þeirra mála sem nú verður fjallað um: skipurit, kynningar- og samskiptamál, ritstjórnir og útgáfumál, húsnæðismál, stefnumótun, gagnagrunnamál, jafnréttismál, samstarfssamningar og tillögur að reglugerð, auk helstu verkefna og fjármála. Til húspings 2. mars 2007 voru aðeins boðaðir þeir sem atkvæðisrétt hafa samkvæmt lögum og voru þar afgreiddar tillögur um ráðningu í hinar sérstöku rannsóknarstöður og tekin afstaða til tveggja framgangsmála, en með þau er farið með sama hætti og nýráðningar til rannsóknarstarfa. Þeir sem sæti áttu á þessu húspingi höfðu þá þegar hist óformlega nokkrum sinnum til að fjalla um meðferð málsins og undirbúa umsögn. Húspingin hafa verið haldin í almenningi á 3. hæð á Neshaga 16, en það er eina svæðið í húsnæði stofnunarinnar sem rúmar alla starfsmenn, og er þó æðiþröngt ef enginn er forfallaður.

Skipurit

Fyrsta verkefni nýrrar stofnunar var að gera skipurit. Forstöðumaður lagði á fyrsta húspingi 13. október 2006 fram til umræðu drög að skipuriti með skilgreiningu og afmörkun starfssviða. Það var einnig rætt á 2. húspingi í nóvember og jafnframt á fundum í stjórn stofnunarinnar. Niðurstaðan varð skipurit sem lítur þannig út:

Stjórn ↔ Forstöðumaður ↔ Húsping

Bóka- og skjalasafn	—	Stjórnsýslusvið
Bókavörður	—	Framkvæmdastjóri stjórnsýslu
Aðrir starfsmenn	—	Aðrir starfsmenn

Bóka- og skjalasafn og stjórnsýslusvið hafa sérstöðu af því að þau þjóna allri stofnuninni, en hin lögbundnu verkefni stofnunarinnar fara fram á sex starfssviðum:

Alþjóðasv.	Handritasv.	Málræktarsv.	Orðfræðisv.	Nafnfræðisv.	Þjóðfræðisv.
Stofustjóri Starfsmenn	Stofustjóri Starfsmenn	Stofustjóri Starfsmenn	Stofustjóri Starfsmenn	Stofustjóri Starfsmenn	Stofustjóri Starfsmenn

Skýldur einstakra starfsmanna geta verið á fleiri starfssviðum en einu samkvæmt ákveðnu hlutfalli.

Samskipti

Við upphaf starfsins bar að ýmisleg mikilvæg úrlausnarefni sem snúa beint að daglegum samskiptum bæði inn á við og út á við, svo sem breytingar á símakerfi, netföngum og nettengingum. Mikilvægast var að hefja vinnu við hönnun og skipulag sameiginlegrar vefsíðu stofnunarinnar. Á húspingi 9. nóvember 2006 var kosin vefritstjórn, en í henni hafa setið síðan og skilað miklu og góðu starfi: Rósa Sveinsdóttir, formaður, Ásta Svavarsdóttir, Hallgrímur J. Ámundason, Jóhannes B. Sigtryggsson, Ólöf Benediktsdóttir og Svanhildur Gunnarsdóttir. Nokkrar umræður urðu um merki handa stofnuninni, og vann vefhópur að því máli um skeið og síðan annar hópur sem í voru Gunnlaugur Ingólfsson, Sigurgeir Steingrímsson, Svavar Sigmundsson og Úlfar Bragason. Leitað var eftir tillögum hönnuða en viðunandi niðurstaða fékkst ekki fyrir árslok 2007.

Á húspingi 25. september 2007 var skipaður starfshópur til að leggja drög að tilhögun kynningarmála stofnunarinnar. Í honum sitja Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran, Úlfar Bragason, Svanhildur Óskarsdóttir og Svavar Sigmundsson.

Húsnæðismál

Húsnæðismál nafnfræðisviðs voru á dagskrá allan tímann sem þessi skýrsla nær til. Í fyrstu var gert ráð fyrir að sviðið yrði að fara sem fyrst úr húsnæðinu að Lyngási 7 í Garðabæ, og voru kannaðar ýmsar lausnir, en engin þótti viðunandi. Að lokum fór það svo að sviðið var kyrrt að Lyngási til ársloka 2007, en þá hafði fyrir nokkru fengist vilyrði fyrir að hægt yrði að flytja starfsemina inn í húsnæði á Neshaga 16 upp úr áramótum. Þar verður sviðið í sambýli við orðfræðisvið og málræktarsvið. Mikill þorri starfsmanna er því annaðhvort í Árnagarði eða á Neshaga 16, en alþjóðasvið verður áfram í Þingholtsstræti 29. Eins og fram kemur í formálsorðum standa vonir til að öll starfsemin verði komin undir eitt þak árið 2011.

Ritstjórnir og útgáfunefndir

Á húspingi 13. október 2006 var fjallað um tímaritaútgáfu stofnunarinnar og ákveðið að tímaritin tvö, *Gripla* og *Orð og tunga*, yrðu gefin út áfram en með nokkuð breyttum viðfangsefnum og nýjum eða breyttum ritstjórnnum. Í ritstjórn *Griplu*, sem áfram verður

einkum helguð textafræði, bókmenntum fyrri alda og þjóðfræði, voru kosin: Gísli Sigurðsson, Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Úlfar Bragason, en jafnframt gert ráð fyrir að Sverrir Tómasson tæki áfram þátt í ritstjórn þangað til út væri komin *Gripla XVIII* (2007). Samþykkt var að víkka efnissvið *Orðs og tungu* frá því sem verið hefur; auk greina um orðabókafræði og orðfræði verði birtar greinar um nafnfræði og iðorðafræði og fræðilegar greinar um málrækt. Ritstjóri verður áfram Guðrún Kvaran, og í ritstjórn voru kosin: Ari Páll Kristinsson, Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson, Svavar Sigmundsson og Veturlíði Óskarsson; sá síðastnefndi er prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Ákveðið var að sitjandi ritstjórn mundi ljúka 9. hefti.

Á húsþingi 9. nóvember 2006 voru kosnar útgáfunefndir til að taka við handritum sem lögð eru fram til útgáfu, lesa þau yfir eða fela það öðrum, leggja síðan tillögur um útgáfu fyrir húsþing og finna hverju riti ritstjóra eða ábyrgðarmann. Í útgáfunefnd handritasviðs og þjóðfræðisviðs voru kosnir Guðvarður Már Gunnlaugsson, Sverrir Tómasson og Sigurgeir Steingrímsson, en í útgáfunefnd málræktarsviðs, nafnfræðisviðs og orðfræðisviðs Gunnlaugur Ingólfsson, Ágústa Þorbergsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir.

Gagnagrunnar og gagnavinnsla

Stofnunin ræður yfir mikilvægum gagnagrunnum sem þurfa stöðugar endurnýjunar og endurskipulagningar við, auk nýrra gagnagrunna sem til verða. Unnið var að því að koma heildarskipan á þau mál öll, en það er kostnaðarsamt og tekur tíma. Í árslok 2006 var gerður samningur við Reiknistofnun Háskóla Íslands um hýsingu o.fl., sem var fyrsta skref í framtíðarlausn. Flutningur grunna til RHÍ hefur þó gengið hægar en vonir stóðu til. Í samningnum felst engin hugbúnaðarvinna; hana verður að kaupa af verktökum nema unnin sé af starfsmönnum. Starfshópur undir forystu Kristínar Bjarnadóttur hefur unnið að söfnun gagna og tillögum um gagnagrunna, en Bessi Aðalsteinsson hefur unnið með hópnum. Auk þess hefur Bessi annast margvíslega tölvuþjónustu innan stofnunar, innkaup og samskipti við RHÍ.

Stefnumótun

Í desember 2006 komu starfsmenn saman til stefnumótunarvinnu og nutu leiðsagnar og stjórnar Davíðs Lúðvíkssonar frá Samtökum iðnaðarins. Annar fundur var haldinn með Davíð í janúar 2007, eftir að hann hafði unnið úr ýmsum gögnum sem til urðu á fyrri fundi. Gísli Sigurðsson og Jón Hilmar Jónsson liðsinnntu forstöðumanni við að semja lýsingu á stefnunni, en þeirri vinnu lauk ekki á árinu. Sviðin hafa hvert um sig forgangsraðað ýmsum verkefnum sem rædd voru í stefnumótunarstarfinu, og er stefnt að því að afgreiða það mál í heild á árinu 2008, þótt verkefni og forgangs röðun þeirra séu sífellt til endurskoðunar.

Reglugerð

Á húsþingi 28. mars 2007 var skipaður starfshópur til að semja drög að reglugerð fyrir stofnunina. Í honum áttu sæti auk forstöðumanns og stjórnarformanns, Ari Páll Kristinsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Guðrún Kvaran. Nefndin starfaði í samráði við lögfræðideild menntamálaráðuneytis. Uppkast var lagt fyrir húsþing 25. september, og komu þar fram ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Drögin voru síðan send ráðuneyti 8. október. Þau höfðu ekki verið afgreidd í árslok.

Jafnréttismál

Á eldri stofnunum höfðu verið jafnréttisfulltrúar og jafnréttisnefndir og höfðu þeir byrjað samstarf áður en til sameiningar kom. Fljótlega eftir að ný stofnun tók til starfa var ákveðið

að mynda jafnréttishóp, og tóku sæti í honum Aðalsteinn Eyþórsson, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Eggertsdóttir og Ólöf Benediksdóttir, sem er formaður hópans. Eftir að Aðalsteinn lét af störfum tók Halldóra Jónsdóttir sæti hans. Hópurinn hélt á tímabilinu fjóra fundi og sendi fulltrúa á námskeið um gerð jafnréttisáætlana og samstarfsfundi jafnréttisfulltrúa hinna ýmsu stofnana og deilda H.Í. Unnið var að gerð jafnréttisáætlunar fyrir stofnunina.

Samstarfssamningar við Háskóla Íslands

Samkvæmt 6. gr. laga um stofnunina ber henni að gera samstarfssamninga við Háskóla Íslands um sameiginleg mál. Undirbúningur að gerð samstarfssamnings hófst á árinu 2006 og 20. mars 2007 skrifuðu Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands og Vésteinn Ólason forstöðumaður undir samstarfssamning. Í samstarfsnefnd um málefni samningsaðila sitja sex fulltrúar. Auk háskólarektors og forstöðumanns S.Á. sitja nú í nefndinni Gísli Sigurðsson og Jón Hilmar Jónsson en til vara Svanhildur Óskarsdóttir og Svavar Sigmundsson af hálfu S.Á.; af hálfu H.Í. Bergljót Kristjánsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson en til vara Terry Gunnell og Valdimar Tr. Hafstein. Á grundvelli þessa samnings voru síðan gerðir sérstakir samningar um kennslu við Hugvísindadeild og Félagsvísindadeild, sem undirritaðir voru 19. nóvember 2007.

Nýjar rannsóknarstöður

Í 7. gr. laga um stofnunina segir að þar skuli vera „tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Forstöðumaður getur að fenginni umsögn húsþings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar.“ Fjárveiting fyrir þessum stöðum var tryggð 2007. Ljóst er af því sem segir um ráðningu í stöðurnar í lagagreininni að ekki er gert ráð fyrir að þær séu fastar rannsóknarstöður með hefðbundinni akademískri ráðningu, heldur sé hægt að ráða í þær til takmarkaðs tíma og lagt í vald forstöðumanns hvort þær séu auglýstar og hvernig sé valið úr umsækjendum ef auglýst er, að því tilskildu að almennum reglum um jafnrétti og jafnræði sé fylgt. Að höfðu samráði við húsþing voru stöðurnar auglýstar í byrjun janúar 2007 og tekið fram að hvor þeirra yrði veitt í minnst eitt ár en mest þrjú. Miðað var við rannsóknir á fræðasviði stofnunarinnar en ákveðið að takmarka það ekki frekar. 26 umsóknir bárust frá fræðimönnum í 9 löndum, þar af voru 11 Íslendingar. Þegar var ljóst að meðal umsækjenda voru margir mjög vel hæfir einstaklingar. Húsþing, þ.e. starfsmenn ráðnir til rannsóknarstarfa, að undanskildum einum sem var vanhæfur, fór yfir umsóknir með kerfisbundnum hætti og ræddi þær. Að lokum gerði hópur valinn af húsþingi rökstudda tillögu um að stöðunum yrði ráðstafað þannig að staða kennd við Árna Magnússon skyldi veitt Ármanni Jakobssyni dr. phil. í eitt ár og síðan Haraldi Bernharðssyni Ph.D. í tvö, en staða kennd við Sigurð Nordal skyldi veitt Daniel Sävborg fil.dr. í eitt ár, Elizabeth Ashman Rowe Ph.D. í eitt ár og Aðalheiði Guðmundsdóttur dr. phil. í eitt. Húsþing samþykkti tillöguna samhljóða 2. mars 2007. Með því að ráðstafa báðum stöðunum í þrjú ár til svo margra umsækjenda taldi húsþing að hægt væri að veita hæfustu umsækjendunum stöðuna en gæta jafnframt jafnræðis milli umsækjenda eftir kyni og uppruna. Ármann Jakobsson gat hafið störf þegar 15. mars, en Daniel Sävborg kom til starfa 15. ágúst.

BÓKASAFN

Umsvifbókasafnsins jukust mjög á árinu þar sem safndeildir eru nú á öllum fimm starfsstöðvum. Aðstoðarmanneskja var ráðin í hálf tætt starf í fjóra mánuði til að tengja eintök í Gegni. Vefsíða

safnsins var endurbætt á nýjum vef. Drög voru lögð að skjalalykli fyrir stofnunina og reglum um skráningu og meðferð skjala.

Fjárbagur og aðföng

Á árinu 2007 var varið 4,1 m. kr. til bóka og tímaritakaupa úr sjóðum Þorsteins M. Jónssonar og Birgit Baldwin, þar af um 3,1 m. kr. úr þeim síðarnefnda. Til Landskerfis bókasafna voru greiddar kr. 42.953 á mánuði. Safnið tekur auk þess þátt í að greiða þrjú gagnasöfn á netinu ásamt Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

Áhersla var lögð á að bæta ritakost orðfræðisviðs og málræktarsviðs, en mest bættist við í safnið í Árnagarði, sem allir starfsmenn hafa aðgang að. Ritakaup fara fram í samráði við starfsmenn á öllum sviðum og nokkrar tillögur bárust einnig frá kennurum við H.Í. Aðföng bóka voru alls 711 eintök en þar af fékk stofnunin 152 eintök að gjöf eða í ritaskiptum og fjölmörg sérprent. Jón Samsonarson færði safninu fjölda sérprenta, og hann og dætur hans gáfu tónlistarbækur, sérprent og ýmis skjalagögn eftir Helgu Jóhannsdóttur konu hans. Safnið fékk einnig sérprent eftir Stefán Karlsson. Tímarit og fréttabréf sem berast árlega eru u.þ.b. 138 titlar, þar af um 54 í ritaskiptum eða að gjöf. Í örfilmusafnið bættust tíu filmur og fjórir geisladiskar og stafrænar myndir voru prentaðar út eftir þörfum með aðstoð örfilmuskanna.

Skráningarmál og kerfi

Öll rit eru skráð í Gegni um leið og þau berast en auk þess var ritakostur orðfræðisviðs (1241 eint.) og málræktarsviðs (1608 eint.) skráður og tengdur í kerfið á árinu. Skráð eintök örnefnasviðs eru 3.473. Skráður eintakaföldi í bókasafni hinnar nýju stofnunar er nú 32.804 eintök (25.328 titlar), langflest í Árnagarði. Þar með eru talin um 500 handrit í Sagnaneti. Skrá yfir ný aðföng birtist á vefsíðu safnsins. Tímaritsgreinar um íslenskt efni eru lyklaðar úr um tíu tímaritum á efnissviði stofnunarinnar.

Notendur og þjónusta

Sem fyrr var mikið og gott samstarf um millisafnalán við Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, einkum vegna vinnu við Ljóðmæli Hallgríms Péturssonar. Stúdentar og háskólakennarar notuðu safnið talsvert og er ætíð mikil eftirspurn eftir vinnuáðstöðu. Safninu berast jafnan fyrirspurnir og beiðnir um upplýsingar úr ritum þess og er þeim svarað jafnóðum, oftast með tölvupósti.

KENNSLA STARFSMANNA STOFNUNARINNAR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hautmisseri 2006:

- 05.40.02. Íslenskt mál að fornu I (5e). Haraldur Bernharðsson (og Guðrún Þórhallsdóttir).
- 05.40.13. Skrift og handrit 1100–1900 (5e). Guðvarður Már Gunnlaugsson.
- 05.42.10. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar (5e). Margrét Eggertsdóttir, (Gunnar Harðarson og) Svanhildur Óskarsdóttir.
- 05.42.23. Veraldlegar samtímasögur (5e). Úlfar Bragason.
- 05.98.05. Sturlunga saga (2,5e). Úlfar Bragason.
- 10.10.15. Þjóðsagnafræði (5e). Aðalheiður Guðmundsdóttir.
- 10.10.31. Rannsóknar- eða námskeiðsritgerð í þjóðfræði (Martina E. H. Pötsch - 2e). Aðalheiður Guðmundsdóttir.

Vormisseri 2007:

- 05.40.11. Forsaga íslenskrar tungu (5e). Haraldur Bernharðsson (og Guðrún Þórhallsdóttir).
05.40.19. Málnotkun (5e). Haraldur Bernharðsson (og Sigríður Sigurjónsdóttir).
05.40.24. Goðafræði Snorra Eddu (5e). Marteinn H. Sigurðsson.
05.40.62. Málstofa: Bókmenntir 15. og 16. aldar (5e). Sverrir Tómasson, Svanhildur Óskarsdóttir, (Guðrún Nordal og Ásgeir Jónsson).
05.43.01. Textafræði (5e). Guðrún Ása Grímsdóttir, Margrét Eggertsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir.
05.98.03. Working with manuscripts: Palaeography and transcription (5e). Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir.
05.98.07. The Sources of Norse Mythology (5e). Marteinn H. Sigurðsson.
10.10.65. Söfnun þjóðfræða (5e). Gísli Sigurðsson.

Haustmisseri 2007:

- 05.40.62. Nafnfræði (5e). Guðrún Kvaran, Jónína Hafsteinsdóttir og Svavar Sigmundsson.
05.43.02. Handritafræði (5e). Guðvarður Már Gunnlaugsson, Hersteinn Brynjúlfsson, Margrét Eggertsdóttir og Sigurgeir Steingrímsson.
05.60.89. Ritheimildarýni (3e). Haraldur Bernharðsson (og Már Jónsson).
05.98.10. Old Icelandic (2,5 e). Haraldur Bernharðsson.
10.10.04. Íslenskar sagnir, þjóðtrú og samfélag: Fylgjur, hulduverur og fjörulallar (5e). (Terry Gunnell, Júlíana Þ. Magnúsdóttir og) Rósa Þorsteinsdóttir.
10.10.15. Þjóðsagnafræði (5e). Aðalheiður Guðmundsdóttir.

LEIÐBEININGAR VIÐ LOKAVERKEFNI:

Ritgerðir til B.A.-prófs í íslensku:

- Fríða Proppé: „Qlr ertu, Loki“ – Áfengissýki og meðvirkni í Lokasennu. Brautskráning í október 2006. Leiðbeinandi Marteinn H. Sigurðsson.
Kristín Eik Gústafsdóttir: Hálb er öld hvar. Um lokhljóðun [v] á eftir l og r. Brautskráning í október 2006. Leiðbeinandi Haraldur Bernharðsson.
Auður Benediktsdóttir: Vilhjálms saga sjóðs. Handritsbrotin AM 567 XXIII alfa 4to og AM 567 XXIII beta 4to. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinandi Guðvarður Már Gunnlaugsson.
Hanna María Harðardóttir: Sagan af Sigurði hinum þögla. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinandi Aðalheiður Guðmundsdóttir.
Sigrún María Ammendrup: Flámæli á 19. öld. Rannsókn á stafsetningu einkabréfa. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinandi Haraldur Bernharðsson.
Tómas Joensen: Allir eiga ætt til Adams að telja. Um upprunasögur og ættartöluhefð Íslendinga á miðöldum. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinandi Marteinn H. Sigurðsson.

Ritgerðir til B.A.-prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta:

- Jurgita Millerienė: Þátíðarmyndun íslenskra sagna hjá litháískum börnum. Brautskráning í október 2006. Leiðbeinendur Haraldur Bernharðsson (og Birna Arnbjörnsdóttir).
Giovanni Verri: Nokkur óþekkt handrit Hrafnagaldurs Óðins/Forspjallsljóðs. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinandi Guðvarður Már Gunnlaugsson.

Ritgerðir til B.A.-prófs í þjóðfræði:

- David P. Nickel: The Comic Book as Folklore: An Analysis of Bill Willingham's Fables. Brautskráning í október 2006. Leiðbeinandi Aðalheiður Guðmundsdóttir.
- Þorvaldur Þorbjörnsson: „...Því það er ekkert land sem stendur okkur nær en Ísland!“ Reynslusögur Íslendinga í Danmörku af samskiptum sínum við Dani. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinendur Gísli Sigurðsson (og Valdimar Tr. Hafstein).
- Eggert Sólberg Jónsson: Vald á sömu hendi? Um andlegt vald á Íslandi fyrir kristnitöku. Brautskráning í október 2007. Leiðbeinandi Gísli Sigurðsson.

Ritgerð til M.A.-prófs í Medieval Icelandic Studies:

- Susanne Miriam Fahn: Revealing the secrets of a medieval manuscript. Description and analysis of the Manuscript AM 382 4to in the Árni Magnússon Institute in Iceland. Brautskráning í febrúar 2007. Leiðbeinendur Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir.

Ritgerðir til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum:

- Sigrún Halla Guðnadóttir: Sagnasveigur um syndugar konur. Brautskráning í október 2006. Leiðbeinendur Aðalheiður Guðmundsdóttir og Vésteinn Ólason.
- Harpa Hreinsdóttir: Ljóðabréf Bjarna Gissurarsonar í Lbs 838 4to. Brautskráning í júní 2007. Leiðbeinendur Margrét Eggertsdóttir (og Sveinn Yngvi Egilsson).

Nám í miðaldafræðum

Hinn 14. janúar 2004 var skipuð nefnd að tilhlutan deildarráðs heimspekideildar til að undirbúa 45 eininga nám á ensku í íslenskum miðaldafræðum til M.A.-prófs. Í nefndinni voru Ásdís Egilsdóttir dósent, Guðrún Nordal dósent, sem jafnframt var formaður, Helgi Þorláksson prófessor, Svanhildur Óskarsdóttir sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Torfi H. Tulinius prófessor og Úlfar Bragason forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals. Nefndin skilaði tillögum sínum ásamt greinargerð í maí sama ár. Nefndinni var síðan falið að vinna áfram að skipulagi námsins, sem ákveðið var að hæfist haustið 2005. Nefndin skipulagði námið á árinu 2004, og að tilhlutan hennar var það auglýst víða um lönd um haustið. Allmargar umsóknir bárust og fór nefndin yfir þær og ákvað hverjir umsækjendanna hefðu forsendur til að taka þátt í náminu. Það hófst í byrjun haustmisseris 2005. Aftur var boðið upp á meistarnámið skólaárið 2006–2007. Á vormisseri var m.a. boðið upp á tveggja vikna námskeið um miðaldabókmenntir sem Margaret Clunies-Ross, prófessor frá University of Sidney í Ástralíu, annaðist. Nægar umsóknir bárust fyrir skólaárið 2007–2008 svo að aftur var unnt að bjóða upp á þessa námsleið. Undirbúningur fyrir námskeið 2008–2009 hófst á árinu.

NÁMSKEIÐ Á VEGUM STOFNUNARINNAR

Sumarnámskeið í íslensku

Dagana 2. til 27. júlí gengust stofnunin og hugvísindadeild Háskóla Íslands fyrir fjögurra vikna alþjóðlegu námskeiði í íslensku máli og menningu. Var það haldið í Háskólanum. Þetta var í tuttugasta og fyrsta skipti, sem slíkt alþjóðlegt sumarnámskeið var haldið við Háskólann. Stofnunin fékk 1 m. kr. á fjárlögum til að efna til námskeiðsins. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir sá um alla skrifstofuvinnu og aðstoðaði við framkvæmd námskeiðsins. Á meðan Guðrún Laufey var í barneignarleyfi annaðist Nína Leósdóttir M.A. verkefnisstjórnina. Úlfar Bragason var námskeiðsstjóri.

Solveig Brynja Grétarsdóttir B.A. og Sigríður D. Þorvaldsdóttir aðjunkt kenndu íslenskt mál. Þá flutti Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fyrirlestur um jarðfræði Íslands. Fyrirlestra um íslenska sögu og menningu fluttu þau Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Úlfar Bragason. Þátttakendurnir heimsóttu Alþingi, Þjóðmenningarhús, Þjóðminjasafn og Listasafn Íslands og skoðuðu undir leiðsögn. Farið var í ferð um Reykjavík og nágrenni og komið við í Perlunni og á Bessastöðum. Tvær dagsferðir voru farnar, önnur til Þingvalla og í Reykholt en hin á sögulóðir Njálu. Þátttakendur voru sautján karlar og fimmtán konur frá þrettán löndum. Flestir þeirra komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada.

Alþjóðlegt sumarnámskeið 2008 var auglýst á netinu á árinu 2007, mörgum fyrirspurnum um það svarað með bréfi eða í tölvupósti og tekið á móti fyrstu umsóknunum.

Íslenskunámskeið fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku

Stofnunin fékk 400 þús. kr. framlag á fjárlögum til að gangast fyrir sex vikna námskeiði í íslensku fyrir stúdenta frá Norður-Ameríku í samvinnu við University of Minnesota, dagana 21. maí til 29. júní. Þetta var í sjöunda skipti sem boðið var upp á slíkt námskeið á sumarmisseri Minnesotaháskóla. Fór fyrrihluti þess fram í Minneapolis en síðustu þrjár vikurnar í Reykjavík og sjö nemendur tóku þátt. Brynja Guðjónsdóttir doktorsnemi við University of Minnesota kenndi þar í forföllum Guðrúnar Theodórsdóttur aðjunkt en Sigríður D. Þorvaldsdóttir aðjunkt kenndi hér á landi. Arsena Ianeva-Lockney háskólakennari við University of Minnesota aðstoðaði við kennsluskipulagninguna í Minneapolis og fylgdi hópnum til Íslands. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir flutti tvo fyrirlestra um íslenska sögu, Úlfar Bragason einn fyrirlestur um íslenska menningu, Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur um íslenska jarðfræði og Svanborg Sigmarsdóttir stjórnmálafræðingur um stjórnmál og stöðu kvenna á Íslandi. Þá voru Alþingi, Þjóðmenningarhús og Þjóðminjasafn Íslands heimsótt. Farnar voru tvær dagsferðir með nemana, var önnur vestur í Dalí en hin á Þingvöll og að Gullfossi og Geysi.

Þar sem þessi námskeið hafa tekist vel var ákveðið að halda samstarfinu áfram, bjóða námskeið á árinu 2008 og leggja kapp á að fá fleiri þátttakendur. Var námskeiðið auglýst víða við háskóla fyrir vestan haf á haustdögum með umsóknarfresti til 15. febrúar 2008.

Snorraverkefnið

Stofnunin tók að sér að skipuleggja tveggja vikna námskeið í íslensku og um íslenska menningu fyrir norður-amerísk ungmenni sem dvöldust sumarið 2007 hér á landi á vegum svonefnds Snorraverkefnis. Námskeiðið fór fram í Háskóla Íslands dagana 11.–21. júní. Nemarnir voru látnir fara í gegnum kennsluefni Icelandic Online I áður en þeir komu til landsins. Í hópnum voru fjórtán manns, þrettán frá Kanada og einn frá Bandaríkjunum. Sigurborg Hilmarsdóttir sá um að kenna hópnum íslensku, alls 20 tíma. Þá flutti Guðrún Laufey Guðmundsdóttir þeim fyrirlestra um íslenska sögu, Ari Trausti Guðmundsson fjallaði um náttúru Íslands, Úlfar Bragason um íslenska menningu og Svanborg Sigmarsdóttir um stjórnmál og kvenréttindabaráttu á Íslandi. Farið var með nemana í Alþingishúsið, Þjóðmenningarhús og Þjóðminjasafn Íslands. Einnig gafst þeim tækifæri til að kynnast uppruna sínum gegnum ættfræðivefinn „Íslendingabók“ og hlusta á Kristján Kristjánsson gítarleikara og söngvara. Námskeiðið tókst mjög vel og voru nemarnir mjög ánægðir með það. Var ákveðið að stofnunin tæki aftur að sér að skipuleggja svipað námskeið árið 2008.

Fjórði alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum

Eins og undanfarin ár stóðu Árnastofnanirnar í Reykjavík og Kaupmannahöfn í samvinnu við háskólana í Tübingen og Zürich fyrir sumarskóla í handritafræðum og í þetta sinn bættist Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í hóp samstarfsaðila. Skólinn var haldinn dagana

18.–25. ágúst og sóttu hann 43 meistara- og doktorsnemar í norrænum fræðum af sextán þjóðernum. Kennararnir komu frá Íslandi, Bandaríkjunum, Danmörku, Sviss og Þýskalandi. Þeir fjölluðu í fyrirlestrum sínum um ýmsar hliðar handrita og handritafræða en jafnframt er í skólanum lögð mikil áhersla á að nemendur vinni saman í hópum við að tileinka sér handritalestur, uppskrift handrita, textafræði og útgáfutækni.

Nemendunum var skipt í þrjá hópa, byrjendur (basic group), lengra komna (advanced group) og svokallaðan „master-class“ en síðastnefnda hópinn skipuðu sjö nemendur sem sóttu skólann nú í þriðja sinn. Þessir nemendur spreyttu sig á því að kanna textageymd *Likafróns sögu* og leggja drög að útgáfu hennar. Þeir höfðu aðsetur í vinnuherbergi í Þjóðarbókhöfðu og unnu þar undir umsjón Matthews Driscoll, Sjafnar Kristjánsdóttur og Herberts Wäckerlin. Á lokadegi skólans kynntu þeir afrakstur vinnu sinnar fyrir öðrum nemendum og kennurum. Nemendur sumarskólans fengu sérstaka kynningu á þjóðfræðisafni stofnunarinnar og leiðsögn um handritasýninguna í Þjóðmenningarhúsinu, auk þess sem farið var í ferð um Njáluslóðir.

Þessir leiðbeindu á sumarskólanum af hálfu S.Á.: Svanhildur Óskarsdóttir námskeiðs-
stjóri, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Margrét Eggertsdóttir, umsjónarmenn framhalds-
nema, Hallgrímur J. Ámundason, Haraldur Bernharðsson, Hersteinn Brynjúlfsson, Jóhannes
Bjarni Sigtryggsson og Rósa Þorsteinsdóttir.

Þess er einnig að geta að „master-class“ hópur Þriðja sumarskólans hélt áfram vinnu sinni við Margrétar sögu á árinu 2007 og hittist meðal annars á vinnufundi í Cambridge dagana 3.–4. mars ásamt leiðbeinendum Svanhildi Óskarsdóttur frá S.Á. og Michael Chesnutt frá AMS.

RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Orðabækur og tímans tönn

Föstudaginn 16. mars 2007 var haldið málþing á vegum tímaritsins *Orð og tunga* undir þessu heiti. Fyrirlesarar voru fjórir, Gauti Kristmannsson, Gottskálf Þór Jónsson, Jón Hilmar Jónsson og Laufey Leifsdóttir. Efni fyrirlestranna mun birtast sem þemagreinar í 10. hefti tímaritsins snemma árs 2008.

Norræn orðfræðiráðstefna

Orðfræðisvið og Norrænt félag um orðabókafræði (Nordisk forening for leksikografi) stóðu að ráðstefnu á Akureyri 6.–9. júní 2007. Ráðstefnur þessar eru haldnar annað hvort ár og eru vettvangur fyrir fólk á Norðurlöndum til að kynna viðfangsefni sín á sviði orðfræða og orðabókafræða og fræðast um rannsóknarverkefni annarra. Flutt voru 40 erindi og ráðstefnuna sóttu rúmlega 100 manns. Vinna við ráðstefnuritið er þegar hafin og er gert ráð fyrir að það komi út á árinu 2008. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Halldóra Jónsdóttir og Jón Hilmar Jónsson.

14. norræna nafnfræðiráðstefnan

Fjórtánda norræna nafnfræðiráðstefnan var haldin í Borgarnesi dagana 11.–14. ágúst 2007 en hana skipulögðu Nafnfræðifélagið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fyrsta Norræna nafnfræðiráðstefnan var haldin í Uppsölum í ágúst 1946 og hefur verið haldin á fjögurra til fimm ára fresti en hún var nú haldin í fyrsta sinni á Íslandi. Undirbúningsnefnd skipuðu Svavar Sigmundsson, Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason og Jónína Hafsteinsdóttir. Aðalefni ráðstefnunnar nú var *Norræn nöfn – nöfn á Norðurlöndum: hefðir og endurnýjun* og sóttu hana 64 fræðimenn frá átta löndum. Flutt voru 46 erindi um nafnfræði

í tveimur málstofum, bæði um örnefni og mannanöfn. Þau fjölluðu m.a. um rannsóknir á uppruna, merkingu og þróun örnefna, rannsóknir á norrænum örnefnum á Bretlandi, opinberum og óopinberum nafngiftum í borgarsamfélögum og sagt var frá nýjum aðferðum við tölvuskráningu örnefna á kort. Fjallað var um nýjungar í mannanöfnum, erlend áhrif á nafnvenjur og sambúð mismunandi nafnasiða á Norðurlöndum, einnig um áhrif bókmennta á nafngjafir og löggjöf um mannanöfn.

Vésteinn Ólason forstöðumaður setti ráðstefnuna að morgni 11. ágúst. Eftir hádegi sunnudaginn 12. ágúst var gert hlé á fyrirlestrum og farið í ferðalag um Borgarfjörð, m.a. í Reykholt, og um kvöldið var móttaka í Landnámssetri Íslands í Borgarnesi eftir að sýningar þar höfðu verið skoðaðar. Að kvöldi mánudags var hátíðarmálsverður á Hótel Borgarnesi en ráðstefnunni lauk með fundi Norrænu samstarfsnefndarinnar um nafnfræðirannsóknir, NORNA, á þriðjudeginum 14. ágúst. Þátttakendur létu margir í ljós ánægju með ráðstefnuna og þótti vel til takast um framkvæmd hennar. Clara Lachmanns Fond, Kungliga Gustav Adolfs Akademien í Uppsölum, Nordplus Sprog, Edda – útgáfa og Glitnir styrktu ráðstefnuna.

Undirbúningur að útgáfu ráðstefnurits frá ráðstefnunni í Borgarnesi með um 40 greinum hefur staðið yfir frá því að henni lauk og er ætlunin að það komi út í ritröðinni NORNA-rapporter á árinu 2008. Ritnefnd skipa þau hin sömu sem undirbyggju ráðstefnuna. Letterstedtska föreningen veitir styrk til útgáfu ráðstefnuritsins.

Þingeyraving

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og heimamenn í héraði gengust fyrir þingi um Þingeyraklaustur sem ritstofu, Vatnsdælasögu og skáldasögur í Þingeyrakirkju 18. og 19. ágúst 2007. Þeir sem fluttu erindi voru: Gottskálf Jenson lektor, Guðrún Nordal prófessor, Gunnar Karlsson prófessor, Helgi Þorláksson prófessor, Magnús Hauksson lektor, Sverrir Tómasson rannsóknarprófessor, Torfi H. Tulinius prófessor og Þór Hjaltalín minjavörður. Að dagskránni lokinni var þinggestum boðið að taka þátt í ferð um söguslóðir á Þingeyrum og í Vatnsdal undir leiðsögn Magnúsar Haukssonar og Þórs Hjaltalíns. Blönduósbær, Landsvirkjun, menntamálaráðuneytið og Þingeyrakirkja veittu fjárhagslegan stuðning til að efna til sagnþingsins. Um fimmtíu manns sóttu þingið. Stofa Sigurðar Nordals annaðist undirbúning og Úlfar Bragason stjórnaði þinginu.

Málþing um skrift, skriftarfræði og handrit

Í tengslum við ráðsfund Medieval Nordic Text Archive (MENOTA) í Reykjavík var haldið málþing 30. ágúst 2007 um skrift, skriftarfræði og handrit. Erindi fluttu Guðbjörg Kristjánsdóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Svanhildur Óskarsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Odd Einar Haugen frá Nordisk institutt við Háskólann í Björgvin, Karl G. Johansson frá Institutt for lingvisticke og nordiske studier við Háskólann í Osló og Alex Speed Kjeldsen frá Nordisk forskningsinstitut við Kaupmannahafnarháskóla.

Nordic Civilization in the Medieval World

Stofnunin stóð að málþingi í Skálholti 6.–9. september 2007 ásamt Siðfræðistofnun og Háskóla Íslands um menningu Norðurlanda á miðöldum, þar sem 25 fræðimenn úr ýmsum greinum ræddu um sérstöðu norrænnar menningar á miðöldum og stöðu hennar í evrópskri miðaldamenningu. Erindi fluttu fræðimenn frá La Trobe háskóla í Melbourne, Björgvinjarháskóla, Háskóla Íslands, Kaupmannahafnarháskóla, Vísindaakademíu Póllands, Harvardháskóla, Sydneyháskóla og háskólanum í Bonn. Að hverju erindi loknu voru flutt undirbúin andmæli og síðan fóru fram umræður. Andmælendur voru frá háskólunum í Uppsölum og Gautaborg í Svíþjóð, Brandeisháskóla í Massachusetts, Háskóla Íslands,

Kaliforníuháskóla og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Fyrirhugað er að gefa erindin út í *Griplu* í endurskoðaðri mynd auk nokkurra greina sem samdar eru upp úr andmælum eða umræðum. Málþingið hlaut styrki frá menntamálaráðuneyti, Háskólasjóði, Norræna menningarsjóðnum, Clara Lachmanns Fond og Kgl. Gustav Adolfs Akademien. Undirbúning og framkvæmd önnuðust prófessorarnir Gunnar Karlsson, Vésteinn Ólason og Vilhjálmur Árnason og Salvör Nordal starfsmaður Siðfræðistofnunar.

Sigfúsarþing

Stofnunin tók þátt í Sigfúsarþingi sem haldið var á Héraði 12. og 13. október 2007 í minningu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnaritara. Auk stofnunarinnar áttu Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Gunnarsstofnun, Félag þjóðfræðinga á Íslandi og Miðstöð munnlegrar sögu hlut að verkefninu, sem var styrkt af Menningarráði Austurlands. Dagskráin hófst á málþingi sem Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. þingmaður og ráðherra setti, en síðan voru fluttir fimm fyrirlestrar um Sigfús sjálfan, þjóðsögur, sagnamennsku og munnlegar heimildir. Þá tóku við námskeiðið í því að segja sögur og að safna þjóðfræðum og munnlegri sögu. Einnig var farin skemmti- og menningarferð á Sigfúsarslóðir undir stjórn Arndísar Þorvaldsdóttur starfsmanns Héraðsskjalasafns Austurlands og haldin Sigfúsarvaka á Seyðisfirði. Rósa Þorsteinsdóttir sat í undirbúningsnefnd fyrir hönd stofnunarinnar og kenndi á námskeiði um söfnun þjóðfræða.

Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða?

Laugardaginn 1. desember 2007 var haldið málþing í Reykholti í samvinnu við Snorrastofu og var það helgað minningu dr. Jakobs Benediktssonar, fyrrum forstöðumanns Orðabókar Háskólans, en 20. júlí 2007 voru liðin 100 ár frá fæðingu hans. Flutt voru átta erindi sem birt verða í tímaritinu *Orð og tunga*. Ráðstefnan var vel sótt og lauk henni með tónleikum í Reykholtskirkju í boði Máls og menningar – Heimskringlu ehf. Undirbúning ráðstefnunnar önnuðust Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson.

Málstofa um íslenskan tónlistararf

Á Nikulásmessu 6. desember 2007 og daginn eftir gekkst stofnunin fyrir málstofu um íslenskan tónlistararf í Árnagarði. Markmið hennar var að leiða saman fræðimenn og flytjendur sem fengist hafa við rannsóknir og miðlun á íslenskum tónlistararfi, bæði þeim sem finnst í handritum og í hljóðritum. Áhugi á þessum arfi hefur aukist mjög á undanförunum árum og töldu umsjónarmenn að tími væri kominn til að standa fyrir skoðanaskiptum um sögu hans, áhrif í gegnum tíðina og gildi fyrir okkur sem nú lifum. Alls voru fluttir tíu fyrirlestrar um efnið og dagskránni lauk síðan á kynningu á „gömlum“ hljóðfærum og tónlistarflutningi. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir höfðu umsjón með málstofunni.

ÚTGÁFA

Bækur

- 1) Einar Sigurðsson í Eydölum: *Ljóðmæli*. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007.
- 2) *Einu sinni átti ég gott*. Umsjón með útgáfu: Rósa Þorsteinsdóttir. Smekkleysa SM ehf. og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2006.
- 3) Guðvarður Már Gunnlaugsson: *Sýnisbók íslenskrar skriftar*. 2. útg. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007.

- 4) Jóhannes Nordal: *Ferill Skarðsbókar*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2006.
- 5) Jóhannes Nordal: *The History of Skarðsbók*. Þýð. Philip Roughton. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2006.
- 6) *Vel trúi ég þessu! Tólf munnmælasögur með myndum eftir tólf teiknara*. Umsjón með útgáfu: Áslaug Jónsdóttir, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson og Rósa Þorsteinsdóttir. Bókaútgáfan Æskan og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007.

Tímarit

- 1) *Gripla XVII* (2006) kom úr prentun í ársbyrjun 2007. Ritstjórar voru Gísli Sigurðsson, Margrét Eggertsdóttir og Sverrir Tómasson. Í ritinu eru sex fræðigreinar en auk þess minningargreinar um Stefán Karlsson, Magnús Mátí Lárusson og Ögmund Helgason. Með minningargrein um Stefán Karlsson fylgir Ritaskrá. Útgáfur og fræðilegar greinar 1960–2006.
- 2) *Gripla XVIII* (2007) var undir sömu ritstjórn og XVII. Þar eru birtar sjö fræðigreinar. Í Málstofu eru andmæli og svör við doktorsvörn Margrétar Eggertsdóttur, sem fram fór 2005. Loks eru í bindinu birt tvö bréf frá 19. öld.
- 3) *Orð og tunga* 9. hefti kom út á árinu 2007. Í því birtust fjórar þemagreinar, unnar upp úr fyrirlestrum sem fluttir voru á málþingi sem fram fór 17. febrúar 2006 á vegum tímaritsins og Orðabókar Háskólans undir heitinu *Tungutækni og orðabækur*, auk tveggja annarra greina, umsagna um bækur og fréttar af orðabókar- og rannsóknarverkefnum. Ritstjóri heftisins var Guðrún Kvaran en í ritnefnd sátu Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson og Veturliði Óskarsson.

Fréttabréf

Alþjóðasvið sér um útgáfu fréttabréfs á ensku sem kom út tvisvar á árinu 2007. Ritstjóri er Úlfar Bragason. Fréttabréfinu er ætlað að auka tengslin milli íslenskra og erlendra fræðimanna og veita upplýsingar um íslensk fræði. Fréttabréfið var sent til um 1200 aðila. Það var prentað í 500 eintökum og sent til þeirra stofnana víða um heim sem stofnunin hefur á pósthöfundaskrá sinni en til einstaklinga sem viðhengi í tölvupósti.

ATBURÐIR

Sigurðar Nordals fyrirlestrar

Stofnun Sigurðar Nordals hóf fyrir nokkrum árum þann sið að bjóða til opinbers fyrirlestrar á fæðingardegri dr. Sigurðar Nordals 14. september, og heldur ný stofnun þeim sið fram. Stofa Sigurðar Nordals annast undirbúning og framkvæmd. Afmælisfyrirlesturinn 2006 flutti Páll Skúlason, fyrrverandi háskólarektor, í Norræna húsinu og nefndist hann: „Menning og markaðshyggja“. Húsfyllir var og hlýddu um 100 manns á fyrirlesturinn.

Jonna Louis-Jensen, prófessor emeritus við Kaupmannahafnarháskóla, flutti síðan fyrirlestur 14. september 2007 sem hún kallaði: „Heimskringla og Egils saga Skallagrímssonar – sami höfundur?“ Í fyrirlestrinum fjallaði hún annars vegar um það hvort allir þrír hlutar Heimskringlu væru ritaðir af sama höfundi, þ.e.a.s. Snorra Sturlusyni, og hins vegar hvort texti Egils sögu Skallagrímssonar, eins og hann er prentaður í *Íslenskum fornritum*, gefi besta mynd af upphaflegri gerð sögunnar. Jonna Louis-Jensen vinnur nú að rannsókn á þessu efni og gerði grein fyrir henni í fyrirlestrinum. Rúmlega eitt hundrað manns sótti fyrirlesturinn og þágu veitingar að honum loknum.

27. október 2006 hélt stofnunin samkomu í Þjóðmenningarhúsi í tilefni af því að 40 ár voru liðin frá komu Skarðsbókar postulasagna til Íslands. Af því tilefni var Skarðsbók komið fyrir á handritasýningunni og gefinn var út myndskreyttur bæklingur með grein Jóhannesar Nordal um feril Skarðsbókar og endurheimt hennar, sem birtist í *Griplu* XVI 2005. Forstöðumaður bauð gesti velkomna, og Ólafur Halldórsson flutti erindi um Skarðsbók.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2007 heimsótti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra stofnunina. Starfsemi á Neshaga og í Árnagarði var kynnt fyrir ráðherra og hún opnaði nýja heimasíðu stofnunarinnar.

5. desember 2007 hélt Ármann Jakobsson, sérfræðingur í starfi kenndu við Árna Magnússon opinberan fyrirlestur á vegum stofnunarinnar sem nefndist „Þáttur um þætti“.

Málstofa stofnunarinnar á haustmisseri 2006

22. september. Sverrir Tómasson: Hirðsveit himnakonungs og aðrir riddarar. Málróf um Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs.

20. október. Ari Páll Kristinsson: Málræktarfræði.

10. nóvember. Svavar Sigmundsson: Hvaðan komu örnefni?

8. desember. Guðrún Kvaran: „... orðasöfnunin er andleg grasatínsla ...“ Um orðasöfnun Björns M. Ólsens og Þórbergs Þórðarsonar.

Málstofa stofnunarinnar 2007

19. janúar. Úlfar Bragason: Til varnar ættfræðinni.

23. febrúar. Kendra Willson: Auknefni og önnur ónöfn.

30. mars. Jón Hilmar Jónsson og Þórdís Úlfarsdóttir: Samfylgd forms og merkingar – samhengi orðaforðans í Íslensku orðaneti.

11. maí. Kristján Eiríksson: Óðfræðivefurinn Bragi.

21. september. François-Xavier Dillmann: Að þýða Snorra á frönsku.

26. október. Daniel Sävborg: Tradition och egenart i den efterklassiska sagalitteraturen.


ÆILD AÐ STJÓRNUM SJÁLFSEIGNARSTOFNANA

Snorrastofa

Með bréfi dagsettu 24. júlí 2006 var Úlfar Bragason skipaður fulltrúi menntamálaráðuneytisins í stjórn Snorrastofu í Reykholti til fjögurra ára, skv. tilnefningu Stofnunar Sigurðar Nordals, og Már Jónsson prófessor varamaður hans. Úlfar Bragason er ritari stjórnarinnar. Stjórnarnefndin hélt fjóra fundi á árinu.

Gunnarsstofa

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tók boði um að verða einn af stofnaðilum Gunnarsstofnunar, sem er sjálfseignarstofnun á Skriðuklaustri. Forstöðumaður skrifaði ásamt fulltrúum annarra stofnaðila undir stofnskrá að Skriðuklaustri 18. maí 2007. Í samráði við stjórn S.Á. tók forstöðumaður síðan sæti í stjórn Gunnarsstofnunar. Varamaður er Svanhildur Óskarsdóttir. Tveir stjórnarfundir voru haldnir á árinu.



Skarðsbók postulasagna (SÁM 1). Upphaf að sögu Jakobs í Tveggja postula sögu Jóns og Jakobs

STARFSEMI SVIÐA

Alþjóðasvið

Alþjóðasvið tók við verkefnum Stofnunar Sigurðar Nordals og starfsvettvangurinn er nefndur Stofa Sigurðar Nordals. Auk alþjóðlegra samskipta og umsjónar með kennslu í íslensku erlendis annast sviðið ýmis verkefni innanlands.

Sendikennsla

Stofnunin annast umsjón með kennslu í íslensku við erlenda háskóla samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið og veitir sendikennurum í íslensku erlendis upplýsingar, svo sem um kennslubækur og kennslugögn, bókaútgáfu og styrki.

Árið 2007 voru fjórtán íslenskukennarastólar við jafnmarga erlenda háskóla styrktir af íslenskum stjórnvöldum. Flestir sem sinntu kennslunni voru í fullu starfi: fjórir á Norðurlöndum, fjórir í Þýskalandi, þrír í Frakklandi, einn í Austurríki, einn í Bretlandi og einn í Kanada. Sérstakir samningar gilda um framlög til íslenskukennslu við University College London og Humboldtháskóla í Berlín, en í báðum þessum skólum greiða íslensk stjórnvöld hálf laun íslenskukennara, og Manitobaháskóla í Winnipeg, en árlegt launaframlag til kennslunnar þar nemur einni milljón króna. Annars staðar byggjast framlög á bréfflegu vilyrði stjórnvalda menntamála og eru einkum ætluð til að auðvelda sendikennurum að hafa samband við heimalandið. Allir sendikennarastólarnir fá nokkurn bókastyrk árlega. Einnig nýtur bókasafnið við Manitobaháskóla 500 þúsund kr. styrks á hverju ári. Stundakennsla í íslensku við Cambridgeháskóla var styrkt með fjárframlagi á skólaárinu 2006–2007. Einnig var stundakennsla í íslenskum fræðum við Wasedaháskóla í Tókýó styrkt en þarlendir kennarar sinntu þeirri kennslu.

Þær breytingar urðu í liði íslenskukennara erlendis á árinu 2007 að Sæmundur G. Halldórsson íslenskukennari við Kílarháskóla hætti störfum og Laufey Guðnadóttir M.Paed. var ráðin í hans stað. Þá lét Jón Gíslason af störfum við Humboldtháskóla og tók Eiríkur Sturla Ólafsson M.A. við af honum. Gréta Kristjánsdóttir sem sinnt hafði stundakennslu við háskólann í Cambridge undanfarin ár hætti einnig störfum og var Victoria Cribb B.A. ráðin til að sinna kennslunni frá hausti 2007.

Íslenskt nútímamál er auk þess kennt við nokkra erlenda háskóla af þarlandum kennurum eða Íslendingum í stundakennslu án þess að stofnunin hafi stutt þá kennslu beinlínis með fjárframlagi. Meðal þessara skóla eru háskólarnir í Greifswald, Frankfurt, Bonn, Köln, Tübingen og Freiburg í Þýskalandi, Basel og Zürich í Sviss, Moskvu í Rússlandi, Vilnías í Litháen, Poznan í Póllandi, Sofíu í Búlgaríu, Brigham Young University og University of Wisconsin í Madison í Bandaríkjunum og Tokaiháskóli í Japan. Stofnunin hefur þó veitt þessum skólum margháttaðar upplýsingar og sent sumum þeirra bókagjafir.

Lektorafundur

Þrítugasti og þriðji fundur íslenskra sendikennara var haldinn í Université Lumière Lyon dagana 1.–2. júní 2007. Stofnunin skipulagði fundinn í samráði við Þór Stefánsson sendikennara við skólann. Fundinn sóttu þrettán sendikennarar, sem gegndu störfum á vormisseri 2007, auk Hartmuts Mittelstädt, íslenskukennara í Greifswald, og Úlfars Bragasonar, stofustjóra. Fengu þátttakendur nokkurn styrk frá stofnuninni til ferðarinnar.

Á fundinum gerðu sendikennarar grein fyrir skýrslum um störf sín skólaárið 2006–2007. Af þeim sést að íslenskukennsla við erlenda háskóla er öflug og áhuginn á kennslunni mikill. Ár hvert stunda á annað þúsund namar nám í íslensku við háskóla erlendis. Einnig



Dinghóltsstræti 29, þar sem alþjóðasvið er til húsa

var fjallað um stöðu íslenskukennslu erlendis á fundinum, nemendaferðir til Íslands sem lið í kennslunni, ISLEX verkefnið og önnur orðabókarverkefni sem sendikennarar tengjast, nýjar íslenskar bókmenntasögur og bókmenntakynningu erlendis. Í tengslum við fundinn var haldinn aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis. Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur Samtaka sendikennara í íslensku erlendis vill vekja athygli íslenskra stjórnvalda og áhugamanna um íslenskukennslu erlendis á því, að hröð þróun háskóla á síðustu árum hefur leitt til þess, að staða smárra greina eins og íslensku er víða harla ótrygg. Innri hagræðing í háskólum, sem fylgt hefur samræmingu á prófgráðum og námsfyrirkomulagi í evrópskum háskólum (Bologna-ferlið), hefur einatt verið á kostnað greina, sem ekki uppfylla kröfur um tiltekinn nemendafjölda. Röksemdir um menningarlegar skyldur háskóla við hefðbundnar hugvísindagreinar mega sín nú minna en áður. Fundurinn vill vekja sérstaka athygli á því, að við marga háskóla á Norðurlöndum hefur kennsla í máli og menningu Norðurlanda, þ.e. grannlandanna, átt undir högg að sækja á undanförunum árum, en íslenskukennslan hefur víða verið þáttur í grannmálakennslu skólanna. Samtök sendikennara í íslensku erlendis skora á íslensk stjórnvöld og aðra velunnara íslensks máls og menningar að leggja sitt af mörkum til effingar íslenskukennslu erlendis.

Icelandic Online

Icelandic Online I og II er kennsluefni á netinu sem unnið var í samstarfi milli íslenskuskorar hugvísindadeildar Háskóla Íslands, Hugvísindastofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals. Birna Arnbjörnsdóttir dósent hefur verið verkefnisstjóri. Aðrir í verkefnisstjórninni eru Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, Þóra Björk Hjartardóttir dósent og Úlfar Bragason rannsóknarprófessor. Samvinna var höfð við Wisconsinháskóla í Madison og nokkra Evrópuháskóla, þar sem íslenska er kennd, um gerð námsefnisins. Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands bauð upp á fjarnámskeið í sambandi við Icelandic Online bæði á vormisseri og haustmisseri 2007. Jafnframt bauð íslenskuskor upp á fimm eininga vefnámskeið í íslensku fyrir skiptistúdenta þar sem Icelandic Online var notað. Kolbrún Friðriksdóttir M.A. og Bjarki M. Karlsson B.A. unnu í hlutastarfi allt árið við að endurskoða efnið og bæta við það. Jafnframt unnu þau að gerð íslenskuprófa á netinu.

Síðan 2005 hefur það verið skilyrði fyrir þátttöku á sumarnámskeiði stofnunarinnar að hafa lokið Icelandic Online I með góðum árangri. Gerð var viðhorfskönnun um Icelandic Online meðal nemenda á sumarnámskeiði 2007. Reyndust flestir mjög ánægðir með vefnámssefnið. Í lok 2007 voru að jafnaði 300 manns víða í heiminum sem heimsóttu Icelandic Online hvern dag. Slóðin er www.icelandic.hi.is

Samráðsnefnd vegna íslenskukennslu erlendis

Með samningi menntamálaráðuneytis og Háskóla Íslands frá 6. september 2004 um tiltekin verkefni Stofnunar Sigurðar Nordals var komið á fót samráðsnefnd stofnunarinnar og hugvísindadeildar Háskólans vegna íslenskukennslu erlendis. Samkvæmt samningnum á forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals sæti í nefndinni með tveimur fulltrúum tilnefndum af íslenskuskor. Í nefndinni hafa setið auk forstöðumanns, nú stofustjóra á alþjóðasviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Bergljót Kristjánsdóttir prófessor og Þóra Björk Hjartardóttir dósent. Nefndin hélt einn fund á árinu.

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis

Samstarfsnefnd um kennslu í Norðurlandafræðum erlendis er samstarfsvettvangur stofnana á Norðurlöndum sem annast sendikennslu í tungumálum Norðurlanda erlendis. Nefndin starfar á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn og fær fjárveitingu þaðan. Stofnunin á aðild að nefndinni og hefur annast skrifstofuhald hennar síðan á árinu 2005 samkvæmt samningi þar að lútandi. Úlfar Bragason hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni síðan 1992. Nú er Þóra Björk Hjartardóttir dósent varamaður hans. Nefndin kom tvisvar saman til reglulegs fundar á árinu, í Helsinki 30. mars og í Pétursborg 7.–8. nóvember.

Í samráði við Málráð Norðurlanda úthlutar nefndin styrkjum til samstarfsverkefna, einkum til kynningar á menningu Norðurlanda annars staðar í Evrópu, og gengst auk þess fyrir kennaraþingum í Evrópu. Samstarfsnefndin hefur einnig leitast við að efla Norðurlandafræði í Norður-Ameríku. Árið 2006 var gerður samningur við háskóla í Kaliforníu og Utah um verkefni til þriggja ára á sviði bókmenntasögu og kallast „Mapping Nordic Literary Culture“.

Í samvinnu við norrænu deild háskólans í Pétursborg efndi nefndin til ráðstefnunnar „Mulighetenes Norden – Så nær deg“ dagana 8.–10. nóvember. Til hennar var boðið háskóla-kennurum í tungumálum Norðurlanda, sem starfa í Rússlandi. Á ráðstefnunni var fjallað um kennslu í tungumálum, menningu og samfélagsskipan á Norðurlöndum og kynntar nýjar bókmenntir. Rúmlega hundrað manns sóttu ráðstefnuna.

Upplýsingar um skipulag og starfsemi nefndarinnar voru settar á vefsíðu stofnunarinnar og tenglar við stofnanir á Norðurlöndum sem sinna sendikennslu í Norðurlandamálum. Þá var unnið að gerð frekara kynningarefnis fyrir nefndina.

ELN plus

Stofnun Sigurðar Nordals hóf á árinu 2005 þátttöku í þriggja ára Evrópuverkefni sem Linguaaætlanin styður og stjórnað er frá Litháen. Með verkefninu á að auka upplýsingaflæði til almennings á netinu um tungumál Evrópu og tungumálakennslu í námsflokkum og á endurmenntunarstofnunum. Markmiðið með þátttökunni er að kynna og stuðla að framgangi íslenskrar tungu og menningar. Unnið var að því að setja upplýsingar um íslensku, íslenskukennslu og íslenska menningu á íslenska vefsíðu verkefnisins. Einnig var unnið að kynningu á vefnum meðal fræðimanna og erlendra nemenda sem stunda nám í íslensku.

Snorrastyrkir

Reglur um styrki Snorra Sturlusonar voru gefnar út 24. júní 1992. Með þeim var ákveðið að Stofnun Sigurðar Nordals auglýsti styrkina, tæki á móti umsóknum og greiddi götu styrkþega meðan á Íslandsdövl þeirra stæði. Þá var forstöðumaður skipaður formaður úthlutunarnefndar. Á árinu 2004 var ný úthlutunarnefnd styrkjanna skipuð til þriggja ára. Auk forstöðumanns áttu sæti í nefndinni Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur, tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands, og Ásdís Egilsdóttir dósent, fulltrúi Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands. Þessi nefnd var endurskipuð árið 2007.

Styrki Snorra Sturlusonar skal veita erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í þrjú mánuði hið minnsta í því skyni að kynnast sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Miðast þeir að öðru jöfnu við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega til og frá Íslandi og dvalarkostnaði innanlands. Á árinu 2007 nutu þriggja mánaða styrkja hvort þau François-Xavier Dillmann, prófessor við École pratique des Hautes Études (Sorbonne) í París, til að vinna að þýðingu á *Ólafs sögu ins helga* á frönsku og Patricia Pires Boulhosa, fræðimaður í Cambridge á Englandi, til að þýða *Völuspá* á portúgölsku og vinna að undirbúningi kynningar á íslenskum fornbókmenntum í Brasilíu.

Styrkirnir fyrir árið 2008 voru auglýstir lausir til umsóknar í júlí 2007. Bárust fjöru tíu umsóknir áður en umsóknarfresti lauk frá tuttugu og þremur löndum. Þau sem hljóta styrki árið 2008, til þriggja mánaða hvert, eru: Dr. Christopher Abram, lektor við University College London, Bretlandi, til að vinna að bók um norræna goðafræði og viðtökur á Eddunum á síðari öldum; dr. Jakub Morawiec, fræðimaður við Silesíuháskóla í Katowice, Póllandi, til að vinna að þýðingu á Hallfreðar sögu vandræðaskálds á pólsku, skrifa fræðilegan inngang að þýðingunni og taka saman skýringar við söguna og dr. Hélène Tétrel, lektor við Bretaníuháskólann í Brest, Frakklandi, til að vinna að þýðingu á Breta sögum á frönsku og rannsókn á viðtökum Historia Regum Britanniae í Norðvestur-Evrópu.

Handritasvið

Handritasvið – Árnasafn varðveitir þann hluta af handritasafni Árna Magnússonar (1663–1730) sem afhentur var frá Danmörku til Íslands á árunum 1971 til 1997 ásamt íslenskum handritum sem samtímis voru afhent úr Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, en einnig hefur stofnunin eignast handrit úr öðrum áttum. Í handritasafni stofnunarinnar eru geymdar margar elstu ritaðar heimildir um íslenskt mál, sögu og bókmenntir allt frá því um miðja tólftu öld. Handritasafn Árna Magnússonar á að baki um 300 ára sögu en það varð til við söfnun hans á handritum hér á Íslandi á árunum 1685 til 1730. Eftir hans dag var það í varðveislu Árnanefndar og Háskólans í Kaupmannahöfn uns rösklega helmingur þess var afhentur til Íslands eins og áður segir.

Á handritasviði er unnið að rannsóknum og fræðilegum útgáfum á textum handritanna í safninu, skráningu þeirra, forvörslu og stafrænni ljósmyndun. Handritasýning á vegum sviðsins er opin í Þjóðmenningarhúsi og sviðið tekur þátt í sýningum í samstarfi við önnur söfn heima og erlendis. Handritasvið á margháttaða samvinnu við innlendar og erlendar stofnanir og er aðili að fjölbjóðlegum rannsóknarverkefnum. Sviðið annast styrki sem árlega eru veittir dönskum fræðimönnum til rannsókna á handritum hér á landi.

Konungsbók eddukvæða

Á árinu var fram haldið vinnu við rafræna útgáfu Konungsbókar eddukvæða, sem styrkt er af RANNÍS. Markmiðið er að gefa út á geisladiski ljósmyndir af handritinu, bæði litmyndir í mikilli upplausn og svarthvítar myndir teknar í útfjólubláu ljósi. Á sama diskum verður xml-

merktur texti handritsins og verður hægt að kalla hann fram staftáknréttan, þar sem leyst er upp úr böndum en þeir stafir skáletraðir, og með samræmdri stafsetningu. Staftáknrétti textinn og sá samræmdi verða ennfremur prentaðir á bók þar sem einnig verða athugasemdir um skrift og stafsetningu, nákvæm kóðíkólógísk lýsing handritsins og greinargerð um sögu þess og rannsóknarsögu. Þá var unnið að lemmuðum orðstöðulykli. Lemmaður orðstöðulykill yfir allan texta handritsins – það er orðabók þar sem öllum orðum í textanum hefur verið skipað undir flettiorð ásamt nánasta textaumhverfi (þ.e. næstu orðum á undan og eftir svo að unnt sé að sjá sérhvertt orð í sínu samhengi) – verður birtur á vefsetri ásamt sjálfum textanum sem hægt verður að kalla fram í táknrétttri gerð, þar sem ekki er leyst upp úr böndum. Verk þetta hefur tafist af óviðráðanlegum orsökum, en er á lokastigi. Verkefnisstjóri er Vésteinn Ólason en Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Haraldur Bernharðsson hafa unnið að verkefninu á tímabilinu.

Heildarútgáfa á verkum Hallgríms Péturssonar

Fjórða bindi Ljóðmæla Hallgríms Péturssonar er væntanlegt á árinu 2008. Í því verða meðal annars morgun- og kvöldsálmur, vikusálmur, barnalærdómur, borðsálmur, matarvísur, tóbaksvísur og veðurvísur. Þórunn Sigurðardóttir cand.mag. vann mest að útgáfunni ásamt Margréti Eggertsdóttur og Svanhildi Óskarsdóttur. Jafnframt er hafinn undirbúningur fimmta og síðasta bindis Ljóðmæla en í því verða einkum lausavísur. Unnið hefur verið jöfnum höndum að því að bæta og auka gagnagrunn verkefnisins.

Íslensk þýðing Makkabeabóka Gamla testamentisins í handriti í safni Breska biblíufélagsins (BFBS 251)

Unnið var áfram að útgáfu þýðingarinnar fyrir styrk frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Kristnihátíðarsjóði. Karl Óskar Ólafsson M.A. hefur unnið að verkefninu undir umsjón Svanhildar Óskarsdóttur.

Teiknibókin, AM 673 a III 4to

Unnið er að lokafrágangi ljósprentaðrar útgáfu og rannsóknar á þessu verki. Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur stjórnar verkinu og vinnur rannsóknina, en henni til aðstoðar við frágang hefur verið dr. Marteinn H. Sigurðsson. Texti ritsins er þýddur á ensku af prófessor Peter Foote. Verkið hefur notið styrkja úr Kristnihátíðarsjóði.

Bragi – óðfræðivefur

Óðfræðivefurinn Bragi var opnaður almenningi á vísindavöku, 28. september 2007, á slóðinni: <http://tgapc05.am.hi.is/bragi/> Vefurinn miðar meðal annars að því að tölvuskra bragarhætti íslenskra kvæða en einingar hans eru: bragarhættir, höfundar, ljóð, lausavísur, lög, ljóðasafn og handbók. Stefnt er að því að háttgreina í Braga megnið af hefðbundnum kveðskap íslenskum frá upphafi til okkar daga. Út frá þeirri skráningu yrði unnt að gera rækilega grein fyrir íslenskri bragsögu. Nú hafa verið skráðir yfir 500 bragarhættir en þar af eru um 80 rímnahættir. Bragarhættir eru sýndir í myndrænu formi (bragmynd) sem tölvan býr til út frá svonefndum kennistreng. Þá eru einnig gefin dæmi um einstaka hætti.

Í ljóðasafnið hafa nú verið skráð 134 heil kvæði. Þar á meðal eru fjölmörg eddukvæði, allir sálmur Marteins Einarssonar úr Sálmakveri hans frá 1555 og talsvert af kvæðum Einars í Eyðölum. Stefnt er að því að skrá í ljóðasafn sem mest af íslenskum kveðskap, að minnsta kosti fram að 1800. Þessi eining ætti að geta nýst sem grunnur að fjölbreyttri útgáfustarfsemi þegar fram líða stundir, auk þess sem hún getur komið að margvíslegu gagni við orðfræðirannsóknir. Einnig hafa verið skráðar tæplega 200 lausavísur og þær flokkaðar og gerð grein fyrir sögum

sem þeim tengjast séu þær þekktar. Þessi eining er enn minnst en á henni eru þó líklega einna minnstir hnökrar.

Um fimmtíu lög hafa verið skráð í grunninn og eru flest þeirra úr Sálmaþók Guðbrands Þorlákssonar frá 1589. Þessi eining er yngst og er enn verið að þreifa sig áfram með framsetningu hennar.

Í handbókinni eru skýringar á táknaði bragarháttar eins og þeir eru táknaðir í Braga ásamt helstu hugtökum sem fyrir koma á vefnum og óðfræði yfirleitt. Uppfærsla handbókar hefur dregist nokkuð og miðar myndræn túlkun hálftríms þar til dæmis við eldri gerð Braga. Reynt verður að ráða bót á þeim annmörkum hið fyrsta.

Bragi er síbreytilegur vefur sem vex og dafnar eftir því sem meira efni kemur inn á hann. Á næstu mánuðum verður unnið í öllum einingum hans og þær auknar. Fyrst í stað verður þó megináhersla lögð á að treysta grunninn og leiðréttu og bæta einstakar einingar. Kristján Eiríksson hefur umsjón með Braga og allri vinnu við hann.

ENRICH

Þann 3. desember 2007 var hleypt af stokkunum í Prag samstarfsverkefninu ENRICH sem styrkt er af eContentPlus áætlun Evrópusambandsins. Heiti verkefnisins ENRICH er skammstöfun fyrir European Networking Resources and Information concerning Cultural Heritage, *Evrópskar net- og upplýsingaveitur um menningararfleifð*. Markmið þess er að opna greiðan aðgang að stafrænum myndum af fornum heimildum sem varðveittar eru í ýmsum evrópskum menningarstofnunum og skapa með því móti sameiginlegt sýndarumhverfi, einkum til rannsókna á handritum en einnig vögguprenti, fágætum gömlum prentuðum bókum og öðrum sögulegum skjölum. Verkefnið byggir á þeirri reynslu sem fengist hefur af verkefninu *Manuscriptorium Digital Library* (<http://www.manuscriptorium.eu>) en þar eru samtengd gögn frá 46 söfnum í Tékklandi og víðar. Verkefnið mun standa yfir í tvö ár eða til loka nóvember 2009.

ENRICH verkefnið mun ná til því sem næst 85% stafrænna mynda sem fram til þessa hafa verið teknar af handritum í evrópskum þjóðbókasöfnum. Á verktímanum mun umtalsverður fjöldi gagna frá háskólabókasöfnum og öðrum stofnunum bætast við. Samstarfið mun opna aðgang að rösklega fimm milljónum stafrænna blaðsíðna. Þátttakendur í ENRICH samstarfsverkefninu eru 18 og að auki styður það fjöldi annarra stofnana sem margar hafa yfir mikilvægum gagnasöfnum að ráða. Þjóðbókasafn Tékklands leiðir verkefnið ásamt tveimur tékkneskum þátttakendum: AiP Beroun og Crossczech Prague hf. Þjóðbókasafnið og AiP Beroun leiða einnig einstaka verkþætti verkefnisins ásamt Tölvuþjónustu Oxford háskóla; Miðstöð rannsókna í boðskiptum og fjölmiðlun við Flórensháskóla á Ítalíu; Stærð- og upplýsingafræðistofnuninni í Vilnius, Lettlandi; SYSTRAN Paris í Frakklandi, og Þjóðbókasafni Spánar. Aðrir þátttakendur sem leggja til tækni og gögn eru: Árnasafn við Kaupmannahafnarháskóla; Miðstöð Þjóðbókasafnsins í Flórens á Ítalíu; Þjóðbókasafnið í Vilnius í Lettlandi; Háskólabókasafnið í Wrocław, Póllandi; Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Reykjavík; Tölvunarfræðistofnun mannvísinda við Kölnarháskóla í Þýskalandi; Biskupsskjalasafnið í St. Pölten (Monasterium-verkefnið), Austurríki; Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík; Tækni- og hagfræðiháskólinn í Búdapest, Ungverjalandi; og Reikni- og netsamskiptastofnun í Poznań, Póllandi.

Aðild Árnastofnananna beggja og Landsbókasafns að þessu verkefni er hugsuð sem grundvöllur að samstarfi um frekari stafræna skráningu handrita og eflingu aðgengis að stafrænum upplýsingum og myndum af handritum í vörslu þeirra gegnum netið. Stefnt er að því að stofnanirnar opni sameiginlega netgátt að handritum sínum innan tveggja ára og að hún leysi af hólmi Sagnanetið svokallaða sem Landsbókasafn hefur haldið úti á vefsíðu sinni

í samvinnu við Cornellháskóla og Stofnun Árna Magnússonar. Verkefnið gerir Árnastofnun kleift að taka að nýju upp stafræna skráningu handrita sem legið hefur niðri frá 2004 vegna fjáskorts. Skráning sem þá var gerð samkvæmt MASTER-staðli verður nú yfirfærð á hinn nýja TEI-P5 xml-staðal fyrir skráningu handrita og ráðgert er að skrá öll handrit í vörslu stofnananna þriggja samkvæmt þeim staðli og vista þau í sameiginlegum gagnagrunni.

Sigurgeir Steingrímsson, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Bessi Aðalsteinsson og Þórunn Sigurðardóttir vinna að verkefninu af hálfu stofnunarinnar.

Fræðilegar útgáfur og fræðirit á lokastigi

- 1) Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir.
- 2) Hallgrímur Pétursson: Ljóðmæli 4. Útg. Margrét Eggertsdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir.
- 3) Rómverja saga. Útg. Þorbjörg Helgadóttir.
- 4) Makkabeabækur Gamla testamentisins. Útg. Svanhildur Óskarsdóttir.
- 5) Teiknibókin, AM 673 a III 4to. Útg. Guðbjörg Kristjánsdóttir.
- 6) Konungsbók eddukvæða. Rafræn, prentuð og netútgáfa.
- 7) Heimsádeilur á kaþólskri tíð. Sjö kvæði. Útg. Guðrún Nordal.
- 8) Gerðir Gíslasögu. Útg. og höf. Þórður Ingi Guðjónsson.
- 9) Sögur úr Vesturheimi. Útg. Gísli Sigurðsson.
- 10) Sagan upp á hvern mann. Höf. og útg. Rósa Þorsteinsdóttir.

Sýning um Jónas Hallgrímsson

Í minningu 200 ára fæðingarafmælis Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúrufræðings (1807–1845) var sett upp sýning um ævi hans og störf. Hún var fyrst opnuð í Amtsbókasafninu á Akureyri 21. mars 2007, síðan um sumarið á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn og loks í Þjóðmenningarhúsinu 15. nóvember. Nokkrar áherslubreytingar voru í sýningunni eftir sýningarstöðum. Stofnunin lánaði úr sinni vörslu eiginhandarit af þremur kvæðum Jónasar: *Dáinn, horfinn – harmafregn* (KG 31 a 3, 7); *Ég bið að heilsa* (KG 31 b IV) og *Hulduljóðum* (KG 31 b V), og voru þau höfð til sýnis fyrstu fimm daga sýningarinnar á Akureyri og svo allan sýningartímann í Þjóðmenningarhúsinu.

Sýning í Þjóðmenningarhúsi

Sýningin HANDRITIN var opin í Þjóðmenningarhúsi alla daga frá kl. 11 til 17. Almennir gestir á sýninguna frá 1. september til ársloka 2006 voru 2.887 og á öllu árinu 2007 voru þeir 15.045.

Safnkennari tók á móti nemendum frá kl. níu árdegis á skóladögum og leiðbeindi þeim um sýninguna eins og venja hefur verið. Frá 1. september til ársloka 2006 þáðu 1.163 nemendur og kennarar leiðsögn safnkennara um sýninguna og á öllu árinu 2007 voru þeir 3.079. Skólafólk sem heimsækir handritasýninguna stundar nám á öllum skólastigum, allt frá elstu börnum í leikskóla til nemenda við háskóla auk þess sem nemendur úr Kvenna- og karlasmiðju Mímis eru farnir að koma á hverri önn. Langfjölmennastir eru nemendur af stór-Reykjavíkursvæðinu en nemendur frá Grunnskóla Sandgerðis, Flúðaskóla, Laugabakkaskóla og nemendur úr grunnskólum á Snæfellsnesi koma einnig árlega á handritasýninguna.

Hópar erlendra framhaldsskólanemenda koma árlega á handritasýninguna, t.d. erlendir skiptinemar sem eru hérlendis á vegum AFS, erlendir nemendur við Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og nemendur á sumarnámskeiðum á vegum stofnunarinnar. Þá óska erlendir grunn- og framhaldsskólakennarar, einkum frá Danmörku og Noregi, sem eru hér

í námsferðum, iðulega eftir leiðsögn safnkennara um sýninguna og eru því flokkaðir sem skólahópar sem ekki greiða aðgangseyri.

Meðal opinberra gesta sem tekið var á móti var fjármálaráðherra Indlands sem skoðaði sýninguna í fylgd forstöðumans 29. júní 2007.



Ljóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15, þar sem handritasýning stofnunarinnar er

Aðföng handrita

Stofnuninni bættust nokkur handrit í safn sitt á árunum 2006 og 2007. Örn Arnar ræðismaður í Minneapolis færði stofnuninni kvæða- og rímnahandrit að gjöf frá Rita Goodmanson, ekkju Friðriks Thorsteins Goodmanson (f. 18. apríl 1921), sem fæddur var í Selkirk í Manitoba og voru foreldrar hans þau Grimsie Goodmanson og Roonie Magnusson. Þá færði Árni Gunnarsson fyrrv. alþingismaður stofnuninni lítið, óheilt kver sem verið hafði í fórum frænku hans, en í því eru tvö ljóðabréf og er annað ort af Sigurði Guðmundssyni (1795–1869) hreppstjóra á Heiði í Gönguskörðum en hitt, sem handritið geymir aðeins brot af, er ort af Birni Jónssyni á Svarfhóli.

Stofnunin keypti einnig handrit af Fornbókabúð Braga Kristjónssonar, fyrst sálma- og kvæðahandrit og sögubók en bæði handritin voru skrifuð af Eyjólf E. Jóhannssyni kaupmanni í Flatey og annað þeirra einnig af konu hans Sigurborgu Ólafsdóttur á árunum 1884–1900. Seinna keypti stofnunin af Fornbókabúðinni handrit sem mun komið úr Eyjafirði og hefur að geyma *Rímur af Vilhjálmi Vallnir* ortar af Sigfúsi Jónssyni (um 1786–1855) hreppstjóra á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði.

Þann 10. janúar 2007 bárust stofnuninni að gjöf tvö handrit frá Shirley Meikle í Edmonton í Kanada. Frændi hennar hafði fundið þau fyrir röskum aldarfjórðungi þegar hann vann við að rífa gamalt bóndabýli sem stóð þar sem nú er norðausturhluti Edmonton. Voru bækurnar pakkaðar inn í gamlan dagblaðapappír og hafði verið komið fyrir í sagi sem notað hafði verið til einangrunar í veggjum hússins. Annað handritið er samsett úr nokkrum handritum eða handritabrotum skrifuðum á 18. og 19. öld sem hafa verið bundin saman. Efni þess eru þrjú rímnaflokkar: *Rímur af Tístran og Indíönu* ortar 1844 af Níels Jónssyni skálda (1782–1857); *Agnars konungs ævi Hróarssonar*, ortar 1776 af Árna Böðvarssyni (1713–1776) og vantar upphaf rímnanna í handritið; *Rímur af Otuel* ortar 1681 af Guðmundi Bergþórssyni

(1657–1705), texti þeirra er óheill. Þá eru í handritinu *Tíðavísur árið 1812* og voru þær skrifaðar 1812 samkvæmt því sem segir í handritinu. Að síðustu eru í handritinu brot af texta með 18. aldar hendi sem fjallar um réttindi og skyldur landeigenda og leiguliða. Rithönd hins handritsins bendir til þess að það muni skrifað á 18. öld og er ártalið 1735 skrifað á eina síðu þess. Skrifarinn virðist vera Jón Guðmundsson sá er ritaði nafn sitt á síðustu síðuna. Það vantar framan af handritinu og hefst texti þess í miðjum klíðum í ritgerð sem fjallar um það hvernig spá megi fyrir veðri og uppskeru út frá ýmsum fyrirbrigðum náttúrunnar. Seinni hluti handritsins er þýðing á ritinu *Compendio Cosmographico* (stutt lýsing á alheiminum) eftir danska kaupmanninn og borgarstjóra Kaupmannahafnar Hans Nansen (1598–1667) sem fyrst var prentað 1633 og þýtt á íslensku 1648 af sr. Gísli Bjarnasyni (1576–1656) prestri á Stað í Grindavík.

Handritaviðgerðir

Forvörður stofnunarinnar vinnur nú að viðgerð á bandi Flateyjarbókar en hún er varðveitt bundin í alskinn í tveimur bindum. Bandið er frá lokum 18. aldar, gert í Danmörku fyrir bókhlöðu konungs og ber afþrykk af fangamarki Kristjáns VII sem var konungur 1766–1808. Bandgerðina kalla Danir spegilband (spejlbind) en það var mjög algengt í Danmörku á þeim tíma. Viðgerð er hafin á fyrra bindinu sem orðið var mjög slitið og í ljós hefur komið þegar bandið var opnað að eldri viðgerðir sem gerðar voru á því, sennilega á fyrri hluta 20. aldar, höfðu gefið sig. Ætlunin er að halda hinu gamla bandi konungs en viðgerðin er vandasöm og seinunnin vegna þeirra límtegunda og viðgerðarefna sem notuð hafa verið við eldri viðgerðir.

Ljósmyndastofa

Meginverkefni ljósmyndastofunnar er að annast stafræna ljósmyndun handrita, en unnið hefur verið að því um árabíl að mynda handrit stofnunarinnar í heild eitt af öðru með þeim hætti. Að auki sinnir ljósmyndastofan pöntunum á myndum af einstökum blaðsíðum frá fræðimönnum til rannsókna og bókaforlögum til birtingar í bókum.

Handritastyrkir

Styrkir þeir sem stofnunin býður dönskum fræðimönnum, til dvalar hérlendis við rannsóknir á íslenskum handritum, hafa verið eftirsóttir og ekki hefur alltaf reynst unnt að sinna öllum óskum. Að jafnaði er umsækjendum veittur styrkur um eins til þriggja mánaða skeið. Styrkþegar árið 2007 voru Karen Bek-Pedersen, doktorsnemi í Edinborg, í tvo mánuði til að vinna við doktorsritgerð sína um nornir í norrænni goðafræði, Michael Chesnutt, fræðimaður í Kaupmannahöfn, í þrjá mánuði til að ljúka við útgáfu á B-gerð *Egils sögu*, Tove Hovn Ohlsson, fræðimaður í Hälsingborg, í einn mánuð til að vinna að útgáfu á *Elís sögu* og Alex Speed Kjeldsen, doktorsnemi í Kaupmannahöfn, í tvo mánuði til að vinna við doktorsritgerð sína um *Morkinskinnu*.

Málræktarsvið

Málræktarsvið annast ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli og ýmiss konar íðorðafræðileg verkefni, sér um varðveislu, eflingu og viðhald málfarsbanka og orðabanka; beitir sér fyrir rannsóknum á sviði málræktar og íðorðafræði og annast samningu stafsetningarorðabóka og hliðstæðra gagna. Málræktarsvið annast jafnframt málefni Íslenskrar málnefndar fyrir hönd stofnunarinnar.



Neshagi 16 hýsir orðfræðisvið og málræktarsvið

Ráðgjöf og leiðbeiningar – Málfarsbankinn

Svarað var u.þ.b. 2.500 fyrirspurnum um málfar árið 2007, ýmist í síma eða tölvupósti. Fjöldi fólks nýtir sér nú orðið málfarsbankann sem veldur því að álag á starfsmenn í þessari þjónustu verður ekki eins mikið og annars stefndi í.

Málfarsbankinn (<http://www.ismal.hi.is/malfar>) var formlega opnaður 30. maí 2002. Í bankanum er að finna leiðbeiningar um það sem algengast er að starfsmenn málræktarsviðs séu spurðir um, svo sem stafsetningu og beygingu orða, ýmis orðasambönd, ritreglur, landa- og íbúaheiti og margt annað. Ljóst er af samtölum við almenning að málfarsbankinn er allmikið notaður og almenn ánægja er með hann. Lengi hefur staðið til að settur yrði upp teljari til að mæla notkunina en ekki hefur tekist að fá tölvufróðan mann til verksins. Engin önnur tæknileg þróun hefur orðið á málfarsbankanum á tímabilinu 1. september 2006 til 31. desember 2007 vegna sömu ástæðu þótt unnið hafi verið ötullega að stefnumótun og m.a. kannað hvernig hægt væri að flytja efni hans yfir í nýjan gagnagrunn. Nýr og nútímalegur grunnur myndi auðvelda tækni- og efnisþróun bankans, leit og tengingar við aðra grunna. Samdar voru nokkrar nýjar greinar upp úr listum yfir málfarsfyrirspurnir sem Kári Kaaber svaraði um 14 mánaða skeið. Fjölmargar flettur voru einnig endurskoðaðar á tímabilinu auk þess sem farið var yfir flettur í vinnsluhluta málfarsbankans og þær gerðar hæfar til birtingar. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson verkefnisstjóri sér um rekstur og viðhald á málfarsbankanum. Í árslok 2007 voru í birtingarhluta hans 7.642 flettur.

Auk málfarsbankans var margvíslegu öðru leiðbeiningarefni um mál og málnotkun komið fyrir á nýrri heimasíðu stofnunarinnar, m.a. þeim ritreglum sem prentaðar voru í *Stafsetningarorðabókinni* (2006) og tveimur leiðbeiningaritum sem áður höfðu komið út í prentuðu formi, þ.e. riti Ara Páls Kristinssonar, *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða* (2004), og íslenskri þýðingu á riti Heidi Suonuuti, *Leiðbeiningar um iðorðastarf* (2004).

Orðabankinn

Orðabankinn er á vef stofnunarinnar og hefur einkum að geyma íðorðasöfn. Í árslok 2007 voru í orðabankanum 22.900 færslur (hugtök) í vinnsluhluta og 164.984 í birtingarhluta í orðasöfnum í ýmsum greinum. Heiti (orð) í orðabankanum eru raunar mun fleiri enda eru þau jafnan fleiri en hugtökin. Á tímabilinu 1. september 2006 til 31. desember 2007 var unnið að um 60 mismunandi orðasöfnum á vinnusvæðum í vinnsluhluta orðabankans. Í árslok 2007 voru 53 orðasöfn í birtingarhluta orðabankans. „Heimsóknir“ í birtingarhluta orðabankans á árinu 2007 voru samtals 298.277 en árið 2006 var sambærileg tala 187.752. Slíkar „heimsóknir“ árið 2007 voru þannig að meðaltali 817 á dag allan ársins hring (en voru 514 á dag árið 2006). Uppflettingar í orðabankanum voru að sjálfsgöðdu miklu fleiri því að notendur fletta oft mörgum atriðum upp í hverri lotu. Uppflettingar í birtingarhlutanum á árinu 2007 voru þannig samtals 657.923 sem jafngildir 1.802 uppflettingum að jafnaði á dag allt árið (en voru 1.776 á dag árið 2006). Áfram var unnið við ýmis orðasöfn sem eru í vinnslu, einkum Íslenska lögfræðiorðabók, Plöntuheiti, Upplýsingafræði og Tannlækningar. Rætt var um íðorðastörf og gerð íðorðasafna við Hólmfríði K. Gunnarsdóttur (um íðorð í faraldsfræði), við Fríðu Proppé (um orð á matvælasviði), við Sigrúnu Eddu Theódórsdóttur (um íðorð á táknmáli) og við Gerði Óskarsdóttur (um íðorð í menntarannsóknnum). Samgönguráðherra var ritað bréf og hvatt var til þess að stofnuð yrði ný flugorðanefnd þar sem komið hafði í ljós að mikil þörf væri á slíkri nefnd. Samgönguráðuneytið ákvað að stofna nýja flugorðanefnd til nokkurra ára og að nefndin myndi einnig vinna að endurskoðun Flugorðasafnsins sem kom út árið 1993. Allmikil vinna var lögð í endurhönnun og forritun Orðabankans, m.a. vegna samstarfs um Íslenska lögfræðiorðabók. Meðal annarrar íðorðastarfsemi má nefna að samnorrænu tilraunaverkefni um fjarkennslu í íðorðafraði, TERMDIST, sem hófst árið 2005, var haldið áfram. Ágústa Þorbergsdóttir deildarstjóri sér um orðabankann og aðra íðorðastarfsemi á málræktarsviði.

Stafsetningarorðabókin

Sett var á fót nefnd sem fékk það verkefni frá hausti 2007 að undirbúa nýja og endurskoðaða útgáfu bókarinnar. Stofnunin tók við bókinni af Íslenskri málnefnd en málnefndinni var boðið að eiga fulltrúa í endurskoðunarnefnd. Málnefndin tilnefndi Harald Bernharðsson en af hálfu Árnastofnunar sitja í endurskoðunarnefndinni Ari Páll Kristinsson og Svavar Sigmundsson. Nefndin hélt fjóra fundi 2007 og fékk m.a. nokkra sérfræðinga á sinn fund. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var staðgengill Ara Páls í nefndinni sept.-nóv. 2007.

Handbók um málnotkun.

Stofnunin ákvað á tímabilinu að gefa út handbók um málnotkun, og er verkefnið í höndum málræktarsviðs. Ritnefnd var skipuð frá hausti 2007. Íslenskri málnefnd var boðið að tilnefna fulltrúa í ritnefndina enda telur málnefndin verkefnið mikilvægt og hafði haft áform um slíkt rit fyrir lagabreytinguna 2006. Ritnefnd handbókar um málnotkun er skipuð Guðrúnu Kvaran af hálfu Íslenskrar málnefndar og Ara Páli Kristinssyni og Gunnlaugi Ingólfssyni af hálfu stofnunarinnar. Nefndin hélt átta fundi á árinu. Jóhannes Bjarni Sigtryggsson var staðgengill Ara Páls í nefndinni sept.-nóv. og vann hann jafnframt ýmsa aðra undirbúningsvinnu að handbókinni. Meginverkefni nýs starfsmanns málræktarsviðs, Jóhönnu Bogadóttur, var að aðstoða Jóhannes Bjarna og ritnefndina við undirbúning handbókarinnar. Jóhannesi Bjarna var falið 5. desember að vera ritstjóri bókarinnar. Stefnt er að því að handrit verði tilbúið seinni hluta árs 2009.

Þjónusta við íslenska málnefnd

Stofnunin sér Íslenskri málnefnd fyrir fundaraðstöðu og fundarritara, veitir nefndinni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti. Árnastofnun lagði á tímabilinu fram 317 vinnustundir, eða sem svarar um átta vikna vinnu, í þjónustu við Íslenska málnefnd. Þá greiddi stofnunin á tímabilinu ýmsan annan kostnað við starf nefndarinnar, að upphæð 267.185 kr. Af hálfu stofnunarinnar vann einkum Jóhannes Bjarni Sigtryggsson að málefnum Íslenskrar málnefndar árið 2007, m.a. við undirbúning málræktarþings Íslenskrar málnefndar í nóvember og við að aðstoða málnefndina og vinnuhópa hennar við undirbúning málstefnuskjals.

Norrænt samstarf

Stofnunin tekur þátt í samstarfsneti norrænu málnefndaskrifstofanna, s.s. með þátttöku í samvinnuverkefnum á sviði málfarsráðgjafar, rannsókna, tæknimála, útgáfu tímaritsins *Språk i Norden* o.fl. Ágústa Þorbergsdóttir, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson og Kári Kaaber sóttu málþing málnefndaskrifstofanna um málfarsráðgjöf, skráningu fyrirspurna, gerð og notkun mál-gagnagrunna o.fl. í Stokkhólmi 23.–24. apríl 2007. Ari Páll Kristinsson sótti fund í ritnefnd *Språk i Norden* í Helsinki 6. nóvember 2007.

Samstarf við innlenda aðila

Málræktarsvið nýtur góðs af samvinnu við Mjólkursamsöluna, m.a. við undirbúning og framkvæmd málræktarþings Íslenskrar málnefndar. Stofnunin lagði árið 2007 til 80 stunda vinnu Jóhönnu Bogadóttur við yfirlestur og frágang bókar um sögu Mjólkursamsölnnar.

Dagur íslenskrar tungu

Málræktarsvið annaðist fyrir hönd menntamálaráðuneytis og í samráði við starfsmenn þess undirbúning dagskrár á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Dagskráin var sérstaklega umfangsmikil árið 2007 vegna þess að jafnframt var minnst tveggja alda afmælis Jónasar Hallgrímssonar.

Orðfræðisvið

Orðfræðisvið varðveitir söfn Orðabókar Háskólans og annast frekari heimildasöfnun um orð og orðanotkun í rituðu og töluðu máli. Söfnin geyma mikilvægar heimildir um orðaforðann og þau eru aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning, m.a. í opnum gagnasöfnum á vef stofnunarinnar. Á orðfræðisviði er unnið að ýmiss konar fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem snerta íslenskt mál og íslenskan orðaforða. Áhersla er lögð á rannsóknir sem tengjast orðum og orðasamböndum, rannsóknir á orðaforðanum og þróun hans og rannsóknir í orða-bókafræðum og tungutækni.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls og Veflæg orðmyndabók

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN) er safn beygingardæma á tölvutæku formi sem er grunnur að ýmiss konar tungutækniverkefnum en jafnframt er efnið birt á vefsetri stofnunarinnar og gagnast þar með almennum notendum.

Vinna við BÍN hófst árið 2002 hjá Orðabók Háskólans og var fyrsti áfangi verksins unninn fyrir styrk frá tungutækniverkefni menntamálaráðuneytisins en honum lauk í mars 2004. Þá voru beygingardæmin rúmlega 170 þúsund. Í lok ársins 2007 voru beygingardæmin um 260 þúsund og var ný útgáfa af BÍN opnuð almenningi á vefsetri stofnunarinnar á Degi íslenskrar tungu 2007.

Nýja útgáfan af BÍN byggist á gagnagrunni sem Kristín Bjarnadóttir og Hjálmar Gíslason (hjá Spurl ehf., síðar Já hf.) hafa unnið að frá haustinu 2005. Það verkefni gengur undir nafninu *Veflæg orðmyndabók* (VO) og er unnið fyrir styrk úr Tækniþróunarsjóði. Gagnagrunnurinn gerir leit í BÍN mun sveigjanlegri en áður og jafnframt mun hraðvirkari. Þá býður vinnuviðmótið upp á ýmsa möguleika sem ekki voru fyrir hendi í fyrri útgáfum, t.d. einfalda og fljótlega leið til að bæta inn athugasemdum við einstök beygingardæmi eftir því sem ástæða þykir til. Þannig verður auðveldara að koma til móts við notendur sem senda inn athugasemdir og ábendingar um efnið. Vinna við leiðréttingar er jafnframt mun fljótlegri en hingað til þar sem allar breytingar birtast jafnóðum.

Á árinu 2007 hafa verið gerðar tilraunir með orðtökutól sem byggir á BÍN. Markmiðið er að orðtaka tölvutæka texta til þess að bæta nýjum orðum í gagnasófn stofnunarinnar og til þess að endurbæta BÍN. Þá bætist orðaforði við BÍN vegna samstarfs í tungutækniverkefnum, t.d. rúmlega 1.200 orð úr nýrri útgáfu Biblíunnar haustið 2007. Efni úr BÍN er nú notað í ýmiss konar verkefni, innan stofnunar og utan, t.d. í leitarvél.

Ritstjóri *Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls* er Kristín Bjarnadóttir. Verkefnisstjóri í verkefninu *Veflæg orðmyndabók* er Hjálmar Gíslason.

Mörkuð íslensk málheild

Með markaðri málheild (e. *tagged corpus*) er átt við safn fjölbreyttra texta sem eru geymdir í stöðluðu sniði í rafrænu formi. Til þess að textarnir verði sem gagnlegastir við málrannsóknir eru þeir greindir á margvíslegan hátt. Hverri orðmynd fylgir þá greiningarstrengur, **mark** (e. *tag*), sem sýnir orðflokk og oft líka málfræðileg atriði eins og fall, tölu og kyn fallorða og persónu, tölu og tíð sagna. Auk þess fylgir **nefnimynd** (e. *lemma*) með hverri orðmynd, t.d. nefnifall í eintölu fyrir fallorð og nafnháttur sagna. Hverjum texta í málheildinni fylgja jafnframt bókfræðilegar upplýsingar um verkið sem textinn er úr. Árið 2004 var hafist handa við að búa til markaða málheild fyrir íslenskt samtímamál á Orðabók Háskólans og því er nú haldið áfram undir merkjum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkið er kostað af tungutækniverkefni menntamálaráðuneytisins og meginmarkmið þess er að bæta forsendur fyrir þróun íslenskrar tungutækni. Stefnt er að því að í málheildinni verði í fyrstu um 25 milljón orð úr um það bil 900 textum af ýmsu tagi. Á árinu 2007 var lokið við að semja notkunarleyfi vegna málheildarinnar og samþykkisyfirlýsingar sem réttthafar texta í málheildinni eru beðnir um að undirrita. Erla S. Árnadóttir, lögmaður, veitti aðstoð við frágang skjalanna.

Í lok ársins hafði verið safnað tæplega 14 milljónum orða úr öðrum miðlum en bókum og jafnframt var aflað leyfa frá réttihöfum textanna, þar sem það átti við, til þess að nota þá í málheildinni og í Textasafni stofnunarinnar. Bæði er hér um að ræða prentaða texta og texta sem einungis eru aðgengilegir í rafrænu formi á vefsetrum. Prentað efni er oft einnig aðgengilegt á vefmiðli. Efnið skiptist í grófum dráttum þannig: Blogg (1.964 þús. orð); dagblöð, prentuð eða á vef (7.376 þús. orð); texti til upplestrar (488 þús. orð); lög, reglugerðir og dómar (413 þús. orð); skólaritgerðir (240 þús. orð); ýmiss konar smáprent (33 þús. orð); textavarp (47 þús. orð); tímarit, prentuð eða á vef (1.287 þús. orð); tölvupóstlistar (121 þús. orð); vefsetur stofnana og fyrirtækja (1.069 þús. orð); vísindavefur H.Í. (838 þús. orð).

Starfsmenn verkefnisins á árinu 2007 voru Sigrún Helgadóttir, verkefnisstjóri, Eyrún Valsdóttir og Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir (nóvember og desember). Sigrún Helgadóttir og Eyrún Valsdóttir kynntu verkefnið *Mörkuð íslensk málheild* á Vísindavöku RANNÍ 28. september 2007 og Sigrún kynnti enn fremur verkefnið á Gervigreindarhátíð í Háskólanum í Reykjavík 22. október 2007.

Tvö verkefni styrkt af Rannsóknasjóði tengjast málheildarverkefninu. Hið fyrra er *Samhengisháð villuleit*. Að verkefninu standa Eiríkur Rögnvaldsson (verkefnisstjóri), Háskóla

Íslands, Hrafn Loftsson, Háskólanum í Reykjavík, og Sigrún Helgadóttir. Markmiðið er að finna ritvillur í texta út frá umhverfi – villur sem hefðbundin villuleitarforrit finna ekki vegna þess að þau skoða aðeins einstök orð. Í tengslum við það verkefni hefur verið unnið að gerð hugbúnaðar til þess að finna á vélrænan hátt nefnimyndir (lemmur) orða. Hugbúnaðurinn byggist m.a. á því að nota gagnasafn yfir beygingarlýsingu íslensks nútítmamáls. Sömu aðilar standa að verkefninu *Aukin mörkunarnákvæmni íslensks texta* en markmið þess er að rannsaka og þróa aðferðir til að auka nákvæmni við mörkun íslensks texta. Líta má á verkefnið sem framhald af vinnu við gerð markara fyrir íslensku sem var unnið hjá Orðabók Háskólans á árunum 2002 til 2004 og var styrkt af tungutækni-verkefni menntamálaráðuneytisins. Niðurstöður úr verkefninu má nota til þess að bæta mörkun orða í málheildinni.

ISLEX – Íslensk-norræn veforðabók

ISLEX er orðabókarverk sem er unnið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (Orðabókar Háskólans til 1. september 2006) ásamt samstarfsstofnunum á Norðurlöndum. Verkið er stórt og kostnaðarsamt og er áætlað að það taki sex ár í vinnslu frá og með árinu 2005. Verkinu á að ljúka árið 2011. Um er að ræða rafræna orðabók með um 50.000 íslenskum uppflettiorðum ásamt þýðingum á sænsku, norsku (bæði bókmáli og nýnorsku) og dönsku. Orðabókin á að endurspeglar íslenska málnotkun samtímans og er markmiðið að gera hana öllum aðgengilega á vefnum. Við ritstjórnina er notaður vefteygur gagnagrunnur sem er hannaður sérstaklega fyrir þetta verkefni. Ritstjórnarvinnan fer fram samhliða í fjórum löndum.

Utan Íslands koma þrjár stofnanir á Norðurlöndum að ISLEX-verkefninu: *Institutionen för svenska språket* við Gautaborgarháskóla, *Institut for lingvistiske, litterære og estetiske studier* (áður *Nordisk Institutt*) við háskólann í Bergen og *Det Danske Sprog- og Litteraturselskab* í Kaupmannahöfn. Hver þessara stofnana hefur séð um að ráða þýðendur til verksins í sínu landi og einnig hafa þær með höndum yfirlestur á efninu á viðkomandi tungumáli.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti haustið 2005 fasta fjárveitingu til ISLEX-verkefnisins að upphæð 10 milljónir króna á ári til ársins 2011 (sem er um 2/3 hlutar af áætluðum kostnaði við íslenska hluta verksins). Hinar þátttökuþjóðirnar hafa séð um að fjármagna vinnu við ISLEX í sínum löndum. Auk þess hefur verkefnið hlotið styrki frá *NordPlus Sprog* og *Dansk-Norsk fond*.

Á árinu 2007 unnu að jafnaði þrír fastir starfsmenn í tveimur og hálfu stöðugildi við íslenska hluta ISLEX-orðabókinar. Árið 2007 voru þetta Þórdís Úlfarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Aðalsteinn Eypórsson, sem lét af störfum 5. apríl 2007, og Ágústa Þorbergsdóttir sem hefur sinnt ISLEX í hálfu starfi frá 1. mars. Þrír sérfræðingar orðfræðisviðs hafa einnig lagt verkefninu lið og unnið við það. Á vegum ISLEX starfar sérstök samráðsnefnd allra aðildarstofnana, og eru Guðrún Kvaran og Jón Hilmar Jónsson fulltrúar stofnunarinnar í þeirri nefnd. Á árinu 2007 voru haldnir tveir fundir með þátttakendum af öllum stofnunum sem koma að verkefninu. Þá hefur það verið kynnt fyrir ýmsum opinberum aðilum, m.a. menntamálaráðherra Íslands.

Vinna við ISLEX gekk samkvæmt áætlun á árinu 2007 og í lok desember var búið að fullvinna 22 þús. flettur. Unnið var við þrjá orðflokka á árinu, nafnorð, lýsingarorð og töluorð. Áfram var unnið út frá efnislegri flokkun nafnorða og lýsingarorða, en samkvæmt því vinnulagi eru orðin ekki afgreidd í stafrófsröð heldur eru teknir fyrir ákveðnir flokkar í einu. Flokkarnir eru misstórir en oftast eru þeir 20–200 orð. Dæmi um slíka merkingarflokka eru *starfsheiti*, *matur*, *dýr*, *landslag*, *veður*, *vegur/leið* (einkum nafnorð) og *dugnaður*, *eigingirni*, *göngulag*, *háralitur*, *heiðarleiki*, *sóðaskapur* og *vaxtarlag* (bæði nafnorð og lýsingarorð).

Jafnt og þétt hefur bæst við það efni sem búið er að þýða hjá samstarfsstofnunum á Norðurlöndum. Um miðjan desember 2007 var búið að þýða 14.700 flettur á dönsku, 14.500 flettur á norsku og 9.500 flettur á sænsku.



Lyngás 7, þar sem starfsemi nafnfræðisviðs fór fram

Nafnfræðisvið

Nafnfræðisvið hefur umsjón með örnefnasafni stofnunarinnar, varðveislu þess og eflingu, viðhaldi, skráningu og kynningu. Þar er unnið að fræðilegum og hagnýtum verkefnum sem snerta örnefni og nafnfræði. Auk þess veitir sviðið einstaklingum, stofnunum, sveitarfélögum og fyrirtækjum þjónustu sem felst meðal annars í því að miðla upplýsingum og svara fyrirspurnum. Nafnfræðisvið hefur samstarf við margar innlendar og erlendar stofnanir og annast skrifstofuhald fyrir Örnefnanefnd.

Örnefnasafn

Í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum eru geymdar skrár yfir örnefni á flestum jörðum á Íslandi. Elsta skráin er úr forum Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi og er dagsett 29. október 1910. Skrárnar skipta þúsundum en margar eru enn sem komið er aðeins til vérlitaðar. Unnið er að því á vegum stofnunarinnar að koma skránum á stafrænt form og er dálítill hluti þegar kominn í gagnagrunninn Sarp. Lítið var sett inn í Sarp á árinu, m.a. vegna óvissu um framtíð hans. Hægt er að leita í gagnagrunninum á nafnfræðisviði eða skoða skrárnar sjálfar í vérliti. Örnefnasafnið er mikið notað af almenningi og fræðimönnum, bæði fólki sem byggir jarðir eða tengist þeim á annan hátt, sumarhúsafólki, ferðamönnum, sagnfræðingum, málfræðingum, landfræðingum, þjóðfræðingum og mörgum öðrum. Stöðugt bætast við endurskoðaðar örnefnaskrár og einstöku kort, uppdrættir eða loftmyndir með örnefnum sem einstaklingar hafa gert á stafrænu formi eða á pappír. Meðal aðfanga á árinu eru gervihnattamyndir frá Landmælingum Íslands á hörðum disk. Stofustjóri á sæti í framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps fyrir hönd stofnunarinnar.

Tækjakaup

Stofnunin festi kaup á öflugum tækjabúnaði á árinu og naut til þess styrks úr tækjakaupasjóði RANNÍS. Keyptur var kortaskanni af gerðinni Colortrac SmartLF Cx40 sem gerir örnefnasviði kleift að taka afrit af korta- og uppdráttasafni sínu auk þess sem nú er hægt að senda almenningi kort og uppdrætti í tölvupósti. Stofnunin keypti einnig kortaprentara af gerðinni Canon iPF700. Stofnunin er nú loks sjálfbjarga með að prenta út kort, uppdrætti og loftmyndir en hingað til hefur hún þurft að leita til einkafyrirtækja með það. Að endingu keypti stofnunin mjög öflugan textaskanna af gerðinni Canon DR-9080C sem gerir kleift að skanna allar örnefnaskrár örnefnasafns og önnur prentgögn í eigu stofnunarinnar. Tækið gerir stofnuninni kleift að efla þjónustu við almenning og stuðla að betri varðveislu frumgagna. Öll þessi tæki eru geymd í örnefnasafni en önnur svið hafa leitað þangað með einstök verkefni. Þjóðminjasafn Íslands hefur einnig notað síðastnefnda tækið til að skanna efni í eigin þágu með aðstoð stofnunarinnar.

Þátttaka í NORNA

Með fjórtánu norrænu nafnfræðiráðstefnunni í Borgarnesi lauk stjórnartímabili Íslands í NORNA (Norrænni samvinnunefnd um nafnarannsóknir), þar sem Svavar Sigmundsson gegndi formennsku sl. 4 ár. Ýmis verkefni tengdust þessu hlutverki, m.a. útgáfa fréttabréfs NORNA og ritstjórn norrænnar ritaskrár um nafnfræði fyrir árið 2006 sem hvorttveggja birtist á heimasíðu NORNA, www.norna.org og ritstjórn Nordisk namnforskning 2007 til birtingar í *Namn och Bygd*. Hallgrímur J. Ámundason annaðist þessa ritstjórnarvinnu í samvinnu við formann. Formaður sótti einn stjórnarfund NORNA á árinu, en hann var haldinn í Málmei í Svíþjóð. Jafnframt því sótti hann ráðstefnu um torp- á Norðurlöndum á sama stað.

Uppflettirit um örnefni

Unnið hefur verið áfram að samningu uppflettirits um örnefni sem hefur verið í smíðum undanfarin ár. Uppflettinöfn eru nú um 4.750 og bætast stöðugt ný við auk þess sem skýringar eru lagfærðar. Handritið nýtur góðs af vinnu við svör um örnefni sem samin hafa verið fyrir Vísindavefinn, einnig vinnu við Örnefni mánaðarins, sem birt er á heimasíðu stofnunarinnar.

Örnefnanefnd

Svavar Sigmundsson stofustjóri hefur setið í Örnefnanefnd á árinu eins og undanfarin ár og er nú varaformaður hennar. Nafnfræðisviðið er aðsetur nefndarinnar og berast erindi til hennar þangað. Ýmiss konar erindrekstur er á hendi varaformanns fyrir nefndina, upplýsingagjöf, ritun fundargerða o.fl., en fundir eru haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði.

Þjóðfræðisvið

Þjóðfræðisvið annast þjóðfræðisafn stofnunarinnar, en í því er hljóðritað efni sem safnað er úr munnlegri geymd. Lögð er áhersla á varðveislu, viðhald, flokkun og skráningu safnsins þannig að gott aðgengi sé að því. Á sviðinu er unnið að margvíslegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, oft í samvinnu við aðra. Útgáfa er snar þáttur í starfsemi sviðsins.

Sögur úr Vesturheimi

Nærrí 20 klst. af uppteknum og uppskrifuðum sögum og kvæðum úr söfnunarleiðangri

Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur til Vesturheims veturinn 1972–73 eru að verða tilbúnar til útgáfu. Aðeins vinna við skrár og ítarefni er enn eftir.

Íslands sögur

Söfnun og miðlun þjóðfræðiefnis með kvikmyndum. Samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs og Kára G. Schram, kvikmyndagerðarmanns. Þriggja milljóna fjárveiting fékkst til verkefnisins á fjárlögum. Hugmyndin er að safna efni vítt og breitt um landið, með svipuðum hætti og áður hefur verið gert á vegum stofnunarinnar, en að nýta hreyfimyndatæknina við þá söfnun og gera efnið sem aðgengilegast með skráningu og vistun á vef jafnóðum. Sú skráning verði tengd við Ísmús-samstarf þjóðfræðisviðs og sett upp með svipuðum hætti og hljóðsafnið.

Skráning og útgáfa þjóðfræðiefnis úr Austur-Skaftafellssýslu

Samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs, Háskólaseturs á Hornafirði og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Þjóðfræðisvið átti frumkvæði að því að hrinda af stað uppskriftarverkefni á hljóðrituðu efni úr Austur-Skaftafellssýslu. Nú vinna fjögur að því verki á Háskólasetrinu á Höfn og hyggja á að færa út kvíarnar með eigin söfnun. Þjóðfræðisvið hefur séð um að leiðbeina fólki við skráningu og söfnun nýs efnis. Hluti af þessu starfi er að stefna að útgáfu og miðlun á vef auk þess sem ýmis verkefnavinna í samvinnu við skóla í héraði hefur farið af stað.



Handritasvið og þjóðfræðisvið eru til húsa í Arnagarði

Munnleg geymd

Vinnu við gagnagrunninn Munnleg geymd, sem veitir aðgang að þjóðfræðiefni Árnastofnunar á netinu, var haldið áfram á árinu. Hægt er að leita í honum eftir heimildamönnum, landshlutum og efni, en við hverja færslu er síðan viðeigandi upptaka tengd. Unnið er að því að færa hljóðritað efni safnsins yfir á stafrænt form og er það gert aðgengilegt eftir því sem verkinu miðar. Jafnframt er verið að endurhanna gagnagrunninn og samræma hann öðrum gagnagrunnum í Ísmús.

Gagnagrunnur yfir þjóðlagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar

Samvinnuverkefni þjóðfræðisviðs, Þjóðlagaseturs sr. Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Ísmús. Ætlunin er að gera gagnagrunn um þjóðlagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar þar sem verða myndir af lögnum eins og þau eru prentuð með nótum í bók Bjarna, *Íslensk þjóðlög*, myndir af handritunum sem eru frumheimildir hans að lögnum og skráning hvers lags þar sem fram koma upplýsingar um þau og heimildir fyrir þeim. Verkefnið hlaut 1 millj. kr. styrk úr Þjóðhátíðarsjóði á árinu 2007. Guðmundur Steinn Gunnarsson tónlistarmaður var ráðinn til verksins og vann hann sumarið 2007 við að koma handritum úr safni Bjarna Þorsteinssonar á tölvutækt form og að ljúka við skráningu á þeim, en Gunnsteinn Ólafsson hafði þegar skráð hluta þeirra. Löggin sem tilheyra þessu verkefni reyndust vera 951, og eru þau nú öll skráð og til á tölvutæku formi þar sem myndir af nótum og atriðaskrá fer saman. Undirbúningur að uppsetningu gagnagrunnsins sjálfs hófst einnig á árinu.

Myndskreyttar munnmælasögur

Samvinnuverkefni Þjóðfræðisviðs, Fyrirmyndar, félags myndskreyta á Íslandi, Listasafns Reykjavíkur og Bókaútgáfunnar Æskunnar. Í byrjun árs 2007 hittust nokkrir teiknarar til að undirbúa sýningu í tilefni af alþjóðlegum degi barnabókarinnar 2. apríl. Þeir ráðgerðu að halda sýningu á verkum teiknara með það í huga að líka gæti orðið úr bók sem gæfi gott yfirlit um myndskreytingu íslenskra barnabóka. Ákveðið var að velja sögur úr þjóðfræðisafni stofnunarinnar sem væru til þess fallnar að kveikja ímyndunarafi teiknaranna. Hver teiknari fékk sína sögu til að myndskreyta og úr varð sýning í Ásmundarsafni sem stóð frá 31. mars 2007 til ársloka. Þar var bæði hægt að lesa sögunar og hlusta á þær sagðar um leið og myndirnar sem fylgdu voru skoðaðar. Sýningin verður á árinu 2008 sett upp á nokkrum stöðum úti á landi, fyrst á Höfn í Hornafirði. Í samvinnu við Bókaútgáfuna Æskuna voru sögunar síðan gefnar út á hljómplötu og bók með teikningum listamannanna undir titlinum *Vel trúi ég þessu!*

Aðföng, notkun og varðveisla safnsins

Rósa Þorsteinsdóttir hljóðritaði efni Ásu Ketilsdóttur í desember 2006 og desember 2007 og var við söfnun í Skagafirði eina viku í ágúst 2007. Auk þess bárust safninu hljóðrit frá Albert Eiríkssyni, Margaret Cormack, Hjaltá Pálssyni, Jóni Jónssyni, Magneu Halldórsdóttur og Sigurjóni Bjarnasyni. Þá afhentu eiginmaður Helgu Jóhannsdóttur, Jón Samsonarson, og dætur þeirra safninu ýmis gögn, bæði hljóðrituð og skrifleg, sem varða söfnun hennar. Afgreiddar voru 24 pantanir á afritum sem voru tekin af 565 hljóðritum, þar á meðal voru afrit af efni frá Hala í Suðursveit sem nýtt eru á Þórbergssetri. Nokkuð var um heimsóknir til vinnu í hljóðveri og einnig voru spólur lánaðar til gerðar útvarpsþátta og til afritunar fyrir Þjóðlagasetur á Siglufirði.

Árið 2006 fékkst styrkur úr aðstoðarmannasjóði H.Í. til að afrita, frumskrá og ganga frá gögnum sem nemendur Gísla Sigurðssonar í námskeiðinu Söfnun þjóðfræða söfnuðu og var Sigrún Ísleifsdóttir ráðin til verksins, sem hún lauk í janúar 2007.

Í nóvember sótti Rósa Þorsteinsdóttir vikunámskeið í Vínarborg sem haldið var af Österreichische Akademie der Wissenschaften (Phonogrammarchiv) og Österreichische Mediathek. Þar var fjallað um varðveislu og tölvuvæðingu segulbanda- og myndbandasafna bæði í fyrirlesturum og með verklegum æfingum.

Rannsóknarverkefni nýdoktora og doktorsnema

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Fornaldarsögur Norðurlanda: Þessa heims og annars. Verkefni styrkt af RANNÍS (rannsóknastöðustyrkur). Um er að ræða rannsókn á *Fornaldarsögum Norðurlanda*, þar sem stefnt er að útgáfu bókar sem mun skiptast í 2-3 hluta. Farið verður í uppruna sagnanna, umfang bókmenntagreinarnar og einkenni, auk þess sem sérstök áhersla verður lögð á heimsmynd sagnanna. Í þeim hluta verður sérstaklega litið á hina tvískiptu heimsmynd: þennan heim og „annan“, birtingarmynd hins „yfirnáttúrulega“ og viðhorfs til þess innan sagnanna. Um er að ræða ítarlega samantekt og úrvinnslu. Efnisorð úr fornaldarsögunum (40–50 sögur) hafa nú þegar verið slegin inn í gagnagrunn, og verða hugmyndir sem tengjast viðfangsefninu athugaðar á þeim grundvelli. Í kjölfar grunnrannsóknarinnar verður hið yfirnáttúrulega skilgreint, þ.e. eins og það birtist okkur í sögunum, og spurt verður í hvaða tilgangi sagnahöfundar grípa til þess: eru töfralausnir t.d. notaðar sem „ódyrar lausnir“ fyrir framvindu sagnanna? – eða skírskota þær með einhverjum hætti til samfélags viðtakenda á 13. og 14. öld?

Haraldur Bernharðsson

Breytileiki í íslensku máli á fjórtánu öld. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast betri þekkingu á breytileika í íslensku máli á fjórtánu öld en áður hefur verið fyrir hendi. Allnokkur þekking hefur skapast á bókagerð á fjórtánu öld í rannsóknnum fræðimanna á undanförunum áratugum. Vísbendingar hafa fundist um ritunarstað allmargra handrita og einnig handritahópa þar sem fleiri en einn skrifari hafa unnið saman að bókagerð. Borið er saman málfar á þremur vel þekktum handritahópum sem tengdir hafa verið klaustrunum á Helgafelli, Þingeyrum og Möðruvöllum í Hörgárdal. Þarna hafa verið að verki að minnsta kosti sjö skrifarar sem ætlað er að hafi starfað um miðbik fjórtánu aldar. Búast má við að samanburður á málfari ólíkra skrifara, sem störfuðu á sama tíma á ólíkum stöðum á landinu, muni bæta þekkingu okkar á framrás fjölmargra málbreytinga, bæði þeirra málbreytinga sem síðar hörfuðu og þeirra sem náðu fullnaðarútbreiðslu eða því sem næst og eru hluti af íslensku nútímamáli. Verkefnið er styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS).

Íslenskt mál á níttjánu öld. Mál níttjánu aldar er brýnt rannsóknarefni vegna þeirra sérstöku breytinga sem áttu sér stað á málinu á síðustu áratugum níttjánu aldar þegar málræktar- og málhreinsunarstefnu í anda þjóðernisrómantíkur óx mjög fylgi. Markmið verkefnisins er að safna heimildum um mál íslensks alþýðufólks á níttjánu öld – fólks sem ekki var svo mjög snortið af málhreinsunaranda síðustu áratuga aldarinnar – í þeirri von að geta þar öðlast skýrari mynd af íslensku máli eins og það var áður en kerfisbundinnar málstýringar fór að gæta að einhverju marki. Megináhersla er lögð á að safna einkabréfum sem varðveitt eru í bóka- og skjalasöfnum víða um land. Einkabréf, ekki síst bréf sem skrifuð eru til fjölskyldu eða náinna vina, eru ákjósanleg málheimild vegna þess að minni líkur eru á að bréfitari lagi þar mál sitt að einhverju tilteknu málviðmiði en til að mynda ef skrifað væri til birtingar á opinberum vettvangi. Texti bréfanna er sleginn mjög nákvæmlega inn á tölvu ásamt tiltækum upplýsingum um bréf og bréfitara og þannig verður byggt upp safn texta sem unnt er að nota til margvíslegra rannsókna á íslensku máli á níttjánu öld. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Haraldur Bernharðsson er verkefnisstjóri ásamt Jóhannesi Gísla Jónssyni, aðjunkt við íslenskuskor Háskóla Íslands.

Marteinn H. Sigurðsson

Papar í norrænni hefð: örnefni, arfsagnir og minjar. Verkefni styrkt af RANNÍS (rannsóknastöðustyrkur).

stöðustyrkur) frá 1.8.2007. Á sjötta tug örnefna á norrænum landnámssvæðum í Norður-Atlantshafi hafa verið talin kennd við papa og endurspeglar þar með minningar norrænna landnema um papa eða papaminjar. Heimildagildi þessara örnefna verður endurskoðað og þá m.a. athugað hvort verið geti að hluti þeirra sé í raun náttúrunöfn af anatómískum toga. Heimildagildi norrænna sagna um papa verður einnig endurmetið og þá m.a. hugað að hlutverki raunverulegra eða ímyndaðra papaminja í þess konar sögnum og hugsanleg áhrif örnefna á papasagnir (eða öfugt). Með rannsókninni er stefnt að traustari þekkingu á hlutdeild papa í landnámssögu Norður-Atlantshafs og kynnum norrænna manna af pöpum og vestrænni eða keltneskri kristni snemma á víkingaöld. Einnig verður leitast við að varpa ljósi á hugmyndir um vestræna kristni og kristna landnámssögu á meðal norrænna fornfræðinga eða sagnaritara á miðöldum.

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson

Ævisaga Jóns Steingrímssonar og málið á átjándu öld. Meginhluti þessa verkefnis er ítarleg lýsing á málinu á Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar (1728–1791). Tæmandi lýsing er á hljóð- og beygingarbreytingum í Ævisögunni sem byggist á nákvæmri uppskrift á eiginhandarriti (AM 182 4to) höfundarins af henni. Tiltekin eru dæmi í Ævisögunni um fjölmörg málfræðiatríði og rækilegur samanburður gerður við fyrri málstig og einnig nútímaíslensku. Nýttar eru helstu mállýsingarnar á seinni alda máli, t.d. lýsing Bandle (1956) á málinu á Guðbrandsbiblíu 1584 og einnig er haft til samanburðar ritmálssafn Orðabókar Háskólans. Við rannsóknir á 18. aldar textum þarf að meta áhrif málhreinsunar á textann og er í ritgerðinni ítarlegur kaffi um það og upphaf skipulegrar málhreinsunar og nýyrðastarfsemi hjá Lærdómslistafélaginu á síðari hluta 18. aldar. Aðalleiðbeinandi er dr. Guðrún Kvaran prófessor.

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova)

Íslenskar þulur síðari alda. Í verkefninu felst undirbúningur á útgáfu þulna síðari alda (15.–20. öld), sem byggir á vísindalegum forsendum, ásamt rannsókn og lýsingu á þulum (í ritgerðarformi). Þulur síðari alda eru romsukennð þjóðkvæði sem lúta fáum bragfræðilegum reglum, einkennast af endurtekningum með tilbrigðum og eru síbreytilegar í flutningi. Þær eru einstæð þjóðkveðskapargrein sem stendur mjög nálægt formúlukveðskap. Í rannsókninni er tekið sérstakt tillit til stöðu þulna í bókmenntasögulegu samhengi, m.a. með tilliti til annarra íslenskra munnmennta og bókmenntagreina, sambærilegs kveðskapar á öðrum Norðurlöndum og þróunar hefðarinnar frá fornum þulum til nútíðar. Reynt er að varpa ljósi á sérkenni íslenskrar þuluhefðar og gefa yfirsýn yfir langa þróunarsögu hennar. Leiðbeinandi er prófessor Vésteinn Ólason.

Þórður Ingi Guðjónsson

Gísla saga Súrssonar – Textafræðileg rannsókn og túlkun. Gísla saga er til í tveimur heillegum gerðum og brot hefur varðveist af þeirri þriðju. Þessar sögugerðir verða gefnar út eftir aðalhandritum með samræmdri stafsetningu og gerð verður grein fyrir varðveislu sögunnar í handritum. Með rækilegum samanburði gerðanna er ætlunin að varpa nánara ljósi á þær og meta hvort þær gefi tilefni til ólíkrar túlkunar. Leiðbeinandi er prófessor Vésteinn Ólason.

Tómas saga postula. Útgáfa og inngangur. Hluti samstarfsverkefnis með Jóni Ma. Ásgeirssyni, prófessor við guðfræðideild H.Í., sem felst í útgáfu á Tómas sögu postula, sem varðveist hefur í tveimur gerðum (önnur þeirra er óheil). Textar eru gefnir út með nútímastafsetningu; lesbrigðaskrá fylgir, skýringar og tilvísanir til latínutextans sem liggur að baki báðum sögugerðum. Ítarlegur inngangur er fyrir útgáfunni, þar sem m.a. er gerð grein fyrir uppruna

Ársskýrsla 2006–2007

sögunnar um Tómas postula, sem á rætur að rekja til Sýrlands á 3. öld, og rakin þróun sögutextans í gegnum latneskar gerðir. Einnig er gerð rækileg grein fyrir varðveislu sögunnar í íslenskum handritum og fjallað um texta hennar í Skarðsbók postulasagna, AM 652/630 4to og AM 645 I 4to. Verkefnið hefur verið styrkt af Rannsóknasjóði H.Í. [Kemur út á árinu 2008 (útg.ár 2007).]

Gestir við rannsóknarstörf 2007

Margaret Clunies-Ross	Sidney	Ástralíu
Tarrin Wills	Sidney	Ástralíu
Alex Speed Kjeldsen	Kaupmannahöfn	Danmörku
Johnny Lindholm	Kaupmannahöfn	Danmörku
Matthew Driscoll	Kaupmannahöfn	Danmörku
Michael Chesnutt	Kaupmannahöfn	Danmörku
Patricia Pires Boulhosa	Cambridge	Englandi
Anna Zanchi	London	Englandi
Diana Whaley	Newcastle	Englandi
Jóhanna Katrín Friðriksdóttir	Oxford	Englandi
Stephen Leonard	Oxford	Englandi
Hannah Burrows	York	Englandi
Cyril de Pins	París	Frakklandi
François-Xavier Dillmann	París	Frakklandi
Guðbjörg Kristjánsdóttir	Kópavogi	Íslandi
Guðrún Ingólfssdóttir	Reykjavík	Íslandi
Gunnvör Karlsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Júlíana Þ. Magnúsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Marteinn H. Sigurðsson	Reykjavík	Íslandi
Philip Roughton	Reykjavík	Íslandi
Soffía G. Guðmundsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir	Reykjavík	Íslandi
Viðar Pálsson	Reykjavík	Íslandi
Þorleifur Hauksson	Reykjavík	Íslandi
Berglaug Ásmundardóttir	Seltjarnarnesi	Íslandi
Giovanni Verri	Mílanó	Ítalíu
Katie Parsons		Kanada
Jeffrey Turco	Ontario	Kanada
Bergsveinn Birgisson	Bergen	Noregi
Gisela Attinger	Ósló	Noregi
Merete Røskaft	Þrándheimi	Noregi
Karen Bek-Pedersen	Edinborg	Skotlandi
Teodoro Manrique	Valladolid	Spáni
Herbert Wäckerlin	Basel	Sviss
Lena Rohrbach	Zürich	Sviss
Tove Hovn Ohlsson	Hälsingborg	Svíþjóð
Þórgunnur Snædal	Stokkhólmi	Svíþjóð
Anders Hultgård	Uppsölum	Svíþjóð
Marina Belejkanicová	Prag	Tékklandi
Sárka Wohlmuthová	Prag	Tékklandi

Ársskýrsla 2006–2007

Andy Lemons	Athens, Georgia	U.S.A.
Arsena Yaneva-Lockney	Minneapolis, Minnesota	U.S.A.
Elisabeth Ward	Berkeley, California	U.S.A.
Kendra Willson	Berkeley, California	U.S.A.
Martin Chase	New York	U.S.A.
Margaret Cormack	Charleston, South-Carolina	U.S.A.
Elizabeth M. Swedo	Minneapolis, Minnesota	U.S.A.
Heiko Hittmann	Bamberg	Þýskalandi
Laufey Guðnadóttir	Kiel	Þýskalandi
Andreas Vollmer	Berlín	Þýskalandi

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Þingholtsstræti 29

Gary Laverty og Patricia Prinz frá Bandaríkjunum, Patricia Boulhosa og Hannah Burrows frá Bretlandi, Bernard Alligard, François-Xavier Dillmann, Einar Már Jónsson og Jean Renaud frá Frakklandi, Silvia Cosimini frá Ítalíu, Angela Rawlings frá Kanada og Anders Hultgård og Göran Malmquist frá Svíþjóð.

Gestir í íbúð stofnunarinnar í Hvassaleiti, íbúð Þóru og Kristins

Kaaren Grimstad og Astrid Ogilvie frá Bandaríkjunum, Aldís Sigurðardóttir, Michael Chesnutt og Adrienne Heijnen frá Danmörku, Merete Røskaft frá Noregi og Daniel Sävborg frá Svíþjóð. Auk þess var íbúðin leigð fyrir erlenda gesti ýmissa háskólastofnana og -deilda s.s. Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Raunvísindastofnunar, landafræðiskorar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, heimspekiskorar, lagadeildar, Málvísindastofnunar og verkfræðideildar.

RIT OG FYRIRLESTRAR STARFSMANNA

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Rit:

- 1) *Strengleikar*. Aðalheiður Guðmundsdóttir sá um útgáfuna og ritar inngang. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2006.
- 2) „Ljóð 2005“. *Són* 4,141–167.
- 3) „Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlanda“. *Rannsóknir í félagsvísindum* VII. Félagsvísindadeild. Ritstj. Úlfar Hauksson. Reykjavík 2006, 789–99.
- 4) „Riddarabókmenntir fyrir framhaldsskóla“. *Skíma* 2, 29. árg., 49–50.
- 5) „Interrogating genre in the fornaldarsögur. Round-Table discussion“. *Viking and Medieval Scandinavia* 2:287–289.
- 6) „Historisk-topografisk litteratur i Island, „Indsamling og udgivelse af folkeminder – især danseballader – på Island“, „1600 og 1700-tallets folklivsskildringer“, „De islandske arkiven“ og „Dans i forskning og højere uddannelse i Island“. *Norden i dans. Folk-Fag-Forskning*. Ritstj. Egil Bakka og Gunnel Biskop. Oslo 2007.
- 7) „Örlagaþræðir Sigurðar Fáfnisbana“. *Rannsóknir í félagsvísindum* VIII. Félagsvísindadeild. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2007, 783–92.
- 8) „The Werewolf in Medieval Icelandic Literature.“ *JEGP* 106:3, 277–303.
- 9) „Hvað þarf að vera í sögu til þess að hún sé talin til Íslendingasagna“. *Vísindavefurinn* 22.1.2007. <http://visindavefur.is/?id=6476>

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Old French *lais* and Icelandic *sagnakvæði*. – From *lais* to *Strengleikar*. Ráðstefna við Óslóarháskóla, 24.–25. nóvember 2006.
- 2) Fornfranskar ljóðsögur og íslensk sagnakvæði. – Hugvísindapening heimspeki- og guðfræðideildar Háskóla Íslands, 3.–4. nóvember 2006.
- 3) Yfirnáttúruleg minni í Fornaldarsögum Norðurlanda. – Þjóðarspegill. Rannsóknir í félagsvísindum VII. Ráðstefna í Háskóla Íslands, 27. október 2006.
- 4) Rót og kvistir: um fornaldarsagnaefni í íslenskum heimildum. – Hugvísindapening. Háskóla Íslands, 9.–10. mars 2007.
- 5) Strengleikar. – Menningarvaka Seljasóknar, 27. mars 2007.
- 6) Dans er gárunga glys: Um andstöðu gegn dansi. – Sumarnámskeið Samtaka móðurmálskennara 29. september 2007.
- 7) Fra balladedans til *hringbrot* og sværddans. – Balladdans i Norden. Norræn ráðstefna í Stokkhólmi, 8.–9. nóvember 2007.
- 8) Örlagaþræðir Sigurðar Fáfnisbana. – Þjóðarspegillinn. Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Ráðstefna í Háskóla Íslands, 7. desember 2007.

Ari Páll Kristinsson

Rit:

- 1) Talt vs. skrevet – om manusets rolle i radiospråk. *Språk i Norden* 2007:61–72.
- 2) Ny språklitteratur / Island. *Språk i Norden* 2007:148–151.

Viðtal:

- Ari Páll Kristinsson – sanastotyön osaaja Islannista. *Terminfo* 4/2007:4–5.

Ritstjórn:

- *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006.* Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. [Ásamt Eiríki Rögnvaldssyni, Guðvarði Má Gunnlaugssyni, Höskuldi Þráinssyni og Margréti Guðmundsdóttur.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Málrættarfræði – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 20. október 2006.
- 2) Stafsetningarorðabókin 2006. – 21. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins, Reykjavík 27. janúar 2007.
- 3) Den nye islandske rettskrivningsordboka. – 9. norræna orðabókarráðstefnan, Akureyri 24. maí 2007.
- 4) Iceland's language technology: policy versus practice. – 40th Annual Meeting of the British Association for Applied Linguistics, Edinborg 6. september 2007. [Meðhöfundur: Amanda Hilmarsson-Dunn.]
- 5) Et forsøk på morfologisk normering. – Språknormeringskonferansen: Behov for eller trang til å normere? Universitetet i Agder, Kristiansand 2. nóvember 2007.
- 6) The Icelandic language situation in general, language planning and policy. – Erindi við málvísindadeild University of York 26. nóvember 2007.
- 7) Smíð, lególeikur, endurvinnsla. Þankar um nýyrði og málstefnu fyrr og nú. – Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða? Málþing *Orðs og tungu* í Reykholti 1. desember 2007.

Ármann Jakobsson

Rit:

- 1) „Níu spurningar um fötlun og fjöldamenningu.“ *Rannsóknir í félagsvísindum VIII.* Félagsvísindadeild. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2007, 319–29. [Ásamt Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur.]
- 2) „Var líf án pizzu? Tilraun um kynslóðabil og menningarrof.“ *Íslensk menning, annað bindi: Til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni á fimmtugsafmæli hans 29. ágúst 2007.* Magnús Þór Snæbjörnsson ritstýrði. Reykjavík 2007, 32–41.
- 3) „Masculinity and Politics in Njáls saga.“ *Viator* 38 (2007), 191–215.
- 4) „Two wise women and their young apprentice: a miscarried magic class.“ *Arkiv för nordisk filologi* 122 (2007), 43–57.
- 5) „Hinn fullkomni karlmaður: Ímyndarsköpun fyrir biskupa á 13. öld.“ *Studia theologica islandica* 25 (2007), 119–30.
- 6) „Sagðirðu gubb?: Svava Jakobsdóttir og goðsögurnar í samtímanum.“ *Tímarit Máls og menningar* 68 (2007), 35–45.
- 7) „Útlegðin og smábarnið: 60 ára Stubbur.“ *Börn og menning*, 1. tbl. 2007, 8–11.
- 8) „Saga okkar vélmennanna: Stjórnustríð og nútímamaðurinn.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 10. feb. 2007.
- 9) „Hvað er Völsunga saga? Var hún innblástur Tolkiens við gerð Hringadróttinssögu?“ *Vísindavefurinn* 12.2.2007. <http://visindavefur.is/?id=6494>.
- 10) „Hver er hræddur við handalaus manninn.“ Erindi flutt á fyrirlestraröðinni Listir, menning og fötlun í mars 2007. *Greinasafn Námsbrautar í fötlunarfræði.* (http://www.fotlunarfraedi.hi.is/page/handalaus_i_madurinn).

Ýmsar greinar um samfélags- og menningarmál: *Kístan* <http://kistan.is> og *Múrinn* <http://murinn.is>.

Ritdómar:

- 1) „Til heiðurs og hugbótar: Greinar um trúarkveðskap fyrri alda. Rit Snorrastofu 1. Ritstjórar Svanhildur Óskarsdóttir og Anna Guðmundsdóttir. Reykholt 2003. 173 bls. – Heilagra meylla sögur. Íslensk trúarrit 1. Kirsten Wolf bjó til prentunar og ritaði inngang. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2003. 191 bls.“ *Saga* 45: 2 (2007), 201–4.
- 2) „Frost á sálinni.“ *DV* 5. nóv. 2007.
- 3) „Uppruni kvennaframboðanna.“ *DV* 14. nóv. 2007.
- 4) „Skáldsævi í París.“ *DV* 5. des. 2007.
- 5) „Menningarrúnkið komið til Íslands.“ *Kistan* 9. jan. 2007. <http://kistan.is>.
- 6) „Veruleikasjónvarp í þágu raunsæisins.“ *Kistan* 16. jan. 2007. <http://kistan.is>.
- 7) „Matthías.“ *Kistan* 28. mars 2007. <http://kistan.is>.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) To have a chat with a dragon: Tolkien as translator. – Alþjóðlega miðaldarþingið (IMC) í Leeds 9.–12. júlí 2007.
- 2) Wisdom and royal power in Old Norse-Icelandic kings' sagas. – Málþing um völd, miðaldasetrinu í Durham 13.–16. júlí 2007.
- 3) Elderly medieval Icelanders: the positive side. – Norræna sagnfræðingapíngið í Reykjavík 8.–12. ágúst 2007.
- 4) Hver er hræddur við handalaus manninn? – Fyrirlestrarröð Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum í Norræna húsinu 9. mars 2007.
- 5) Þáttur um þætti. – Erindi við Háskóla Íslands á vegum Árnastofnunar 5. desember 2007.
- 6) Níu spurningar um fötlun og fjöldamenningu. – Þjóðarspeggillinn. Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Ráðstefna í Háskóla Íslands, 7. desember 2007. [Ásamt Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur.]

Ásta Svavarsdóttir

Rit:

- 1) „/Djúsið/ eller /djúsinn/? Om tilpasning af moderne importord i islandsk talesprog.“ *Stuntman og andre importord i Norden. Om udtale og bøjning*. Pia Jarvad og Helge Sandøy (ritstj.) Oslo: Novus. (25 bls.) (Moderne importord i språka i Norden 8).
- 2) „Talmál og málheildir – talmál og orðabækur.“ *Orð og tunga* 9:25–50.
- 3) „The Icelandic (Pilot) Project in ScanDiaSyn.“ *Nordlyd. Tromsø University Working Papers on Language & Linguistics*, Vol. 34, Nr. 1: 87–124. (Sérhefti um Scandinavian Dialect Syntax 2005). Vefrit: www.ub.uit.no/baser/nordlyd/viewissue.php?id=11. [Ásamt Höskuldi Þráinssyni, Ásgrími Angantýssyni, Þórhalli Eyþórssyni og Jóhannesi Gísla Jónssyni.]

Ritstjórn:

- *Orð og tunga* 9/2007. [Í ritnefnd ásamt Jóni Hilmari Jónssyni og Veturliða Óskarssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Orð nema land. – 21. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins, Reykjavík 27. janúar 2007.

- 2) Annarleg sprek á ókunnugri strönd. Tökuorð í íslensku fyrr og nú. – Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða? Málþing *Orðs og tungu* í Reykholti 1. desember 2007. [Ásamt Veturliða Óskarssyni.]

Einar Gunnar Pétursson

Rit:

- 1) „Rímur af Trausta konungi.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. 31–35.
- 2) „Jökuldæla.“ *Múlaþing*. 33 (2006). [Rétt 2007] 96–121.
- 3) „Efi um mátt arnarins.“ *Bændablaðið*. 2. tbl. 2007. 30. jan. 23.
- 4) „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“ *Morgunblaðið*. 13. maí 2007. 47. [Greinin hefur einnig birst á heimasíðu Landssamtaka landeigenda á Íslandi. landeigendur.is]
- 5) „Á hverju byggjast úrskurðir í þjóðlendumálum?“ *Bændablaðið*. 11. tbl. 2007. 12. júní. 7. [Útdráttur úr fyrirlestrinum: Eignir kirkna á fjallendi og málskilningur og heimildanotkun í þjóðlendumálum.]
- 6) „Hver var Jón lærði Guðmundsson?“ *Vísindavefurinn* 29.8.2007. <http://visindavefur.is/?id=6780>.
- 7) „Hvernig var ævi Jóns lærða Guðmundssonar?“ *Vísindavefurinn* 4.9.2007. <http://visindavefur.is/?id=6787>.
- 8) „Hver eru merkustu rit Jóns lærða?“ *Vísindavefurinn* 5.9.2007. <http://visindavefur.is/?id=6790>.
- 9) „Athugasemdir um Kjalleklinga sögu.“ *Encyclopædica Britannica; eller, et Antal Fremstillinger om de skionne og nyttige Videnskaber, i hvilke Diskurser diverse Phænomeners Beskrivelser & Forklaringer gives tillige med adskillige besynderlige og særdeelede Observationer, etcetera i Øst og Vest. Illustrerede med xxv til deels colorede Afbildninger*, bls. 53–56. Udgivne af en Kreds af Danneqvinder paa Amager. Hafniæ.
- 10) „Akrabók. Handrit að Eddum með hendi Árna Böðvarssonar á Ökrum og hugleiðingar um handritarannsóknir á Eddunum.“ *Gripla XVII*, 133–152.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Vitleysa á kreiki. Fjárdauðinn á Skarði á Skarðsströnd veturinn 1865. – Hugvísindaþing, Háskóla Íslands 10. mars 2007.
- 2) Eignir kirkna á fjallendi og málskilningur og heimildanotkun í þjóðlendumálum. – Hálandi hugans. Níunda landsbyggðarráðstefna Félags þjóðfræðinga á Íslandi og Sagnfræðingafélags Íslands í samvinnu við heimamenn á Leirubakka í Landsveit 1.–3. júní 2007.
- 3) Húmanistinn Christiern Pedersen en præsentation. – Bókarkynning á Árnastofnun 6. desember 2007.

Gísli Sigurðsson

Rit:

- 1) „Orality and Literacy in the Sagas of Icelanders.“ *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*. Ritstj. Rory McTurk. Blackwell Publishing 2007 (kiljuútgáfa), bls. 285–301.
- 2) „The Immanent Saga of Guðmundr ríki.“ *Learning and understanding in the Old*

Ársskýrsla 2006–2007

Norse World. Ritstj. Judy Quinn, Kate Heslop og Tarrin Wills. Brepols Publishers 2007, bls. 201–218.

- 3) „Völuspá.“ *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*. Band 35. Berlín, 2007, bls. 525–533.
- 4) „Sagan á bak við Konungsbók.“ Eftirmáli í bók Arnalds Indriðasonar, *Konungsbók*, 2007 (kiljuútgáfa), bls. 365–373.
- 5) „Hvað er málið?“ *Herðubreið* 2/2007, bls. 40–44.
- 6) „Hvað er leprechaun og hver er uppruni hans? Eiga sögur af honum einhverja stoð í raunveruleikanum?“ *Vísindavefurinn* 22.6.2007. <http://visindavefur.is/?id=6697>.

Ritdómur:

- „Af mafiósum og glæpagengjum að fornu.“ Um Sverris sögu (Íslensk fornrit 30). *Morgunblaðið* 8. desember 2007.

Ritstjórn:

- 1) *Gripla XVII* (2006). [Ásamt Margréti Eggertsdóttur og Sverri Tómassyni.]
- 2) *Gripla XVIII* (2007). [Ásamt Margréti Eggertsdóttur og Sverri Tómassyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Mental Map of Norway in the Sagas of Icelanders. – Myth and cultural memory in the Viking diaspora. Ráðstefna við Háskólann í Leicester 9.–10. janúar 2007.
- 2) The Oral Archives in the Árni Magnússon Institute. – Málþing um munnlega sögu á Norðurlöndum, haldið af Miðstöð munnlegrar sögu við Háskóla Íslands 27. janúar 2007.
- 3) Sögur vesturíslenskra kvenna. – Hugvísindaping, Háskóla Íslands 10. mars 2007.
- 4) Arfur og miðlun: Hugmyndafræði og nýjar rannsóknir. – Fyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands 20. mars 2007.
- 5) Handrit, þjóðsögur, örnefni og íslenska handa ferðamönnum. – Félagsfundur Samtaka um sögutengda ferðapjónustu, Skriðuklaustri og Seyðisfirði 23.–24. mars 2007.
- 6) Eddukvæði og munnleg hefð. – Þemakvöld Félags þjóðfræðinga 26. apríl 2007.
- 7) The mental map of faraway places in the Icelandic Sagas: A reflection of traditional knowledge kept alive through storytelling. – Málþingið Oral Tradition and Sagas í Rússnesku Vísindaakademíunni í Moskvu 15. október 2007.
- 8) Andmæli við fyrirlestur Kirsten Hastrup, Barbarians: Canons of Icelandic Civilisation. – Nordic Civilization in the Medieval World, ráðstefna haldin af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Siðfræðistofnun og Háskóla Íslands í Skálholti 6.–9. september 2007.

Guðrún Ása Grímsdóttir

Rit:

- 1) „Jón Ólafsson úr Grunnavík. Annotationes qvædam Occasione nuper editæ Historia de initiis Christianismi in Islandia. Hafniæ 1773 toma 8^{vo}.“ Guðrún Ása Grímsdóttir bjó til prentunar. *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. Bls. 64–68.
- 2) „Lítið eitt um Landnámu.“ *Þriðja íslenska söguþingið 18.–21. maí 2006. Ráðstefnurit*. Ritstj. Benedikt Eypórsson, Hrafnkell Lárusson. Reykjavík 2007. Bls. 353–358.

Ársskýrsla 2006–2007

- 3) „Drög að skrá yfir handrit með hendi sr. Jóns Erlendssonar í Villingaholti.“ *Árnesingur* VIII. 2007. Bls. 165–170.
- 4) „Flautatunga.“ *Mannamál. Greinar, frásagnir og ljóð í tilefni af sextugsafmæli Páls Pálssonar frá Aðalbóli 11. maí 2007*. Ritstj. Kristján Jóhann Jónsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Reykjavík 2007. [Meðhöfundur Gunnlaugur Ingólfsson.] Bls. 47–53.
- 5) „Jón Ólafsson úr Grunnavík: Fréttaskrif úr Kaupmannahöfn.“ *Ársrit Sögufélags Ísfræðinga* 2007. 47. ár. Ritstj. Jón Þ. Þór og Veturliði Óskarsson. Ísafirði 2007. Bls. 89–110.

Ritstjórn:

- *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. [Ásamt Haraldi Bernharðssyni, Sigurgeiri Steingrímssyni og Svanhildi Óskarsdóttur.]

Fyrirlestur:

- Hverjir nýttu fyrrum byggðir og auðnir Íslands frá fjöru til fjalls – og hvernig? – Hálendi hugans. Níunda landsbyggðarráðstefna Félags þjóðfræðinga á Íslandi og Sagnfræðingafélags Íslands í samvinnu við heimamenn á Leirubakka í Landsveit 1.–3. júní 2007.

Guðrún Laufey Guðmundsdóttir

Rit:

- *Bókfræði. Vatnsdæla saga, Hallfreðar saga, Kormáks saga, Hrómundar þáttur halta, Hrafn þáttur Guðrúnarsonar. Sagnaþing í héraði, Þingeyraþing*. Guðrún Laufey Guðmundsdóttir og Nína Leósdóttir tóku saman. Fjölrit Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2007.

Fyrirlestur:

- Þýskaland, Danmörk, Dalasýsla. Hvar liggja rætur gömlu sálmalaganna? – Málstofa um íslenskan tónlistararf haldin af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 6. desember 2007.

Guðrún Kvaran

Rit:

- 1) Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Náttúrufræði. Fiskafræði – Steinafræði*. Guðrún Kvaran og Þóra Björk Hjartardóttir gáfu út. Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, 2007.
- 2) Dr. Jakob Benediktsson – aldarminning. *Orð og tunga* 9. 2007:1–4.
- 3) Das isländische Personennamensystem. *Europäische Personennamensysteme. Ein Handbuch von Abasisch bis Zentralladinisch*. Herausgegeben von Andrea Brendler und Silvio Brendler. Bls. 310–321. Hamburg 2007.
- 4) Ný þýðing Biblíunnar. *Heilög ritning – orð Guðs og móðurmálið*. Bls. 4–12. Reykjavík 2007.
- 5) Undersøgelse af afløsningsord i de nordiske sprog. *Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøgelse af sprogene i Norden*. Bls. 9–16. Oslo 2007.

- 6) Importord og aflösningsord í islandsk. *Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøgelse af sprogene i Norden*. Bls. 19–46. Oslo 2007.
- 7) Brug af aflösningsord i de nordiske sprog. Sammenligning og konklusioner. *Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøgelse af sprogene i Norden*. Bls. 169–186. Oslo 2007.
- 8) Kristen indflydelse på islandske kvindenavne fra det 17. århundrede til nutiden. *Studia anthroponymica Scandinavica*. 2007:61–74.
- 9) Jótur, jötur, jútur og önnur skyld orð. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 28:131–150.
- 10) Söfnun Þórbergs Þórðarsonar úr mæltu máli. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 28:161–184.

Alls skrifaði Guðrún 76 svör fyrir Vísindavefinn á tímabilinu. <http://visindavefur.is>.

Ritstjórn:

- 1) *Orð og tunga* 9/2007.
- 2) *Udenlandske eller hjemlige ord? En undersøgelse af sprogene i Norden*. Red. Guðrún Kvaran. (Moderne importord i språka i Norden 6). Oslo: Novus, 2007.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „... orðasöfnunin er andleg grasatínsla ...“ Um orðasöfnun Björns M. Ólsens og Þórbergs Þórðarsonar. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 8. desember 2006.
- 2) jótur–jútur og önnur skyld orð. – 21. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins, Reykjavík 27. janúar 2007.
- 3) Orð Guðs nær til allra. – Útvarpspredikun í Háskólakapellu 11. febrúar 2007.
- 4) „... sem næst kunni að verða dönskunni“. Eru áhrif dönsku á íslensku jafn ill og af er látið? – Hugvísindafélag, Háskóla Íslands 9.–10. mars 2007.
- 5) Islandsk ordbogshistorie – islandsk historisk ordbog. – Gestafyrirlestur við Institutionen för svenska språket við Háskólann í Gautaborg 30. mars 2007.
- 6) Islandsk sprogpolitik. – Gestafyrirlestur við Institutionen för svenska språket við Háskólann í Gautaborg 30. mars 2007.
- 7) En ny tysk-islandsk ordbog. Metoder og problemer. – 9. norræna orðabókarráðstefnan, Akureyri 22.–26. maí 2007. [Ásamt Heimi Steinarssyni.]
- 8) Nye tendenser i islandsk navngivning – hvorfor? – 14. ráðstefna norræna nafnfræðifélagsins (NORNA) í Borgarnesi 11.–14. ágúst 2007.
- 9) Vatnareyðar spordablik, málbliðar mæður og spegilskyggnd hrafntinnuþök. Um orðasmíð Jónasar Hallgrímssonar. – Ráðstefna Vísindafélags Íslendinga og Háskóla Íslands 29. september 2007.
- 10) Ný þýðing Biblíunnar. – Flutt í tengslum við sýninguna Heilög ritning - orð Guðs og móðurmálið, í Þjóðarbókhöfðu 20. október 2007.
- 11) Nýja biblíuþýðingin: kirkjubiblía, biblíuhefð og tryggðin við frumtextann. – Flutt í Hallgrímskirkju 21. október 2007.
- 12) Nokkur atriði úr þýðingarsögu nýju Biblíunnar. – Fundur Rótarýklúbbs Seltjarnarness í Félagsheimili Seltjarnarness 26. október 2007.
- 13) Nýja biblíuþýðingin og helstu athugasemdir. – Fundur Rótarýklúbbs Reykjavíkur-austur á Hótel Sögu 1. nóvember 2007.
- 14) Ný Biblía – arfur og endurnýjun. – Flutt í Neskirkju 7. nóvember 2007.
- 15) Drög að íslenskri málstefnu. – Málstefna í mótun – málræktarþing Íslenskrar mál-

Ársskýrsla 2006–2007

- nefndar og Mjólkursamsölnnar 10. nóvember 2007.
- 16) Tryggð við frumtexta – kirkjubiblía – biblíuhefð. Um vinnuaðferðir við nýja biblíuþýðingu. – Ný íslensk biblíuþýðing, málþing í Skálholti 16.–17. nóvember 2007.
 - 17) Ný þýðing Biblíunnar. – Verklag, kynning, gagnrýni. – Málstofa Guðfræðistofnunar 19. nóvember 2007.
 - 18) Hvernig fellur „stofnanamálið“ að íslensku í dag? – Flutt fyrir starfsmenn Skrifstofu Reykjavíkurborgar 30. nóvember 2007.
 - 19) Engi lifir orðalaust. Nokkur atriði úr sögu íslensks orðaforða. – Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða? Málþing *Orðs og tungu* í Reykholti 1. desember 2007.

Guðvarður Már Gunnlaugsson

Rit:

- 1) *Sýnisbók íslenskrar skriftar*. 2. útgáfa (aukin og endurbætt). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík 2007.
- 2) „AM 561 4to og Ljósvetninga saga.“ *Gripla* 18:67–88.
- 3) „‘Sú aflanga hola pípa’.“ *Encyclopædica Britannica*; eller, et Antal Fremstillinger om de skønne og nyttige Videnskaber, i hvilke Diskurser diverse Phænomeners Beskrivelser & Forklaringer gives tillige med adskillige besynderlige og særdeele Observationer, etcetera i Øst og Vest. Illustrerede med xxv til deels colorede Afbildninger, bls. 82–86. Udgivne af en Kreds af Danneqvinder paa Amager. Hafniæ.
- 4) „Stefán Karlsson. Ritaskrá. Útgáfur og fræðilegar greinar 1960–2006.“ *Gripla* 17:208–215. [Meðhöfundur: Sigurgeir Steingrímsson.]
- 5) „Stefán Karlsson (1928–2006).“ *Mímir* 51:4–7.
- 6) „Stefán Karlsson (1928–2006).“ *Íslenskt mál* 28:11–15.

Ritstjórn:

- 1) *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen [Ásamt Ara Páli Kristinssyni, Eiríki Rögnvaldssyni, Höskuldi Þráinssyni og Margréti Guðmundsdóttur.]
- 2) Í ritnefnd fyrir *Íslenskt mál og almenn málfræði*.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Skrifitin á Helgafellsbókum. – Hugvísindaping, Háskóla Íslands 9.–10. mars 2007.
- 2) Icelandic Manuscripts. – Flutt fyrir fræðimenn og stúdenta frá Erlangen og Bamberg í Reykjavík 9. maí 2007.
- 3) Skriften i det 12. århundrede. Karolingisk skrift, protogotisk skrift og den ældste del af Reykjaholtsmáldagi. – Málþing um skrift, skriftarfræði og handrit haldið af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 30. ágúst 2007.
- 4) Några ord om isländska handskrifter förr och nu. – Flutt á vegum Samfundet Sverige-Island í Stokkhólmi 12. nóvember 2007.

Gunnlaugur Ingólfsson

Rit:

- „Flautatunga.“ *Mannamál. Greinar, frásagnir og ljóð í tilefni af sextugsafmæli Páls Pálssonar frá Aðalbóli* 11. maí 2007. Ritstj. Kristján Jóhann Jónsson og Ragnar Ingi

Aðalsteinsson. Reykjavík 2007. Bls. 47–53. [Meðhöfundur: Guðrún Ása Grímsdóttir.]

Halldóra Jónsdóttir

Ritstjórn:

- *Dönsk-íslensk lögfræðiorðabók* – tilraunaútgáfa. Orðasafn unnið fyrir lögfræðideild Háskólans í Reykjavík í ritstjórn Halldóru Jónsdóttur. www.vefbaekur.is.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Orðabækur á milli dönsku og íslensku. – Hugvísindafing, Háskóla Íslands 9.–10. mars 2007.
- 2) ISLEX–Íslandsk-skandinavisk webordbog. – 9. norræna orðabókarráðstefnan, Akureyri 22.–26. maí 2007. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]

Hallgrímur J. Ámundason

Rit:

- 1) „Útgáfa á Vísitásiubókum.“ *Brynjólfur biskup: kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld*: safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005. Ritstj. Jón Pálsson o.fl. Reykjavík 2006, bls. 145–149. [Meðhöfundur: Svavar Sigmundsson.]
- 2) „Strútur.“ Örnefni mánaðarins í ágúst 2007. www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefni_manadarins_2007
- 3) „Spjót á bak en fjarlar fyr augu.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*, bls. 53–55.

Haraldur Bernharðsson

Rit:

- 1) „Cabin crew, ten minutes to landing. Er íslenska ekki öruggt mál?“ *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006*, bls. 85–89.
- 2) „Gullepli og gullefli. Nokkrar norðlenskar ritmyndir frá fjórtándu öld.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*, bls. 56–58.
- 3) „Göróttur er drykkurinn. Fornmálsorð í nútímabúningi.“ *Gripla 17:37–73*.
- 4) „Old Icelandic and Modern Icelandic: The Morphological Continuity. Bruno-Kress-Vorlesung 2006.“ *Greifswalder Universitätsreden (Neue Folge) 126*. Greifswald, 2007.
- 5) „Old Icelandic ragnarök and ragnarökkr.“ Alan Nussbaum (ritstj.): *Verba Docenti. Studies in historical and Indo-European linguistics presented to Jay H. Jasanoff by students, colleagues, and friends*, bls. 25–38. Ann Arbor, 2007.
- 6) „Yfir í Reykir og austur í Lauga. Sérkenni í beygingu nokkurra örnefna.“ *Súlur 33:130–41*.

Ritstjórn:

- 1) *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 28. árg. 2006. [Ásamt Höskuldi Þráinssyni.]
- 2) *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. Menningar-

Ársskýrsla 2006–2007

og minningarsjóður Mette Magnussen. [Ásamt Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, Sigurgeiri Steingrímssyni og Svanhildi Óskarsdóttur.]

- 3) *Lesið í hljóði fyrir Kristján Arnason sextugan 26. desember 2006.* Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen [Ásamt Ara Páli Kristinssyni, Eiríki Rögnvaldssyni, Guðvarði Má Gunnlaugssyni, Höskuldi Þráinssyni og Margréti Guðmundsdóttur.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Orðstöðulykill eddukvæða. – Hugvísindaping, Háskóla Íslands 4. nóvember 2006.
- 2) Ending 3. persónu eintölu í norrænu. – Uppruni orðanna, málþing sem Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun Háskóla Íslands héldu í minningu Jörundar Hilmarssonar 25. nóvember 2006.
- 3) Helgafellsbækur og málbreytingar á fjórtándu öld. – Hugvísindaping, Háskóla Íslands 9.–10. mars 2007.
- 4) The 3rd Singular Ending in Old Norse. – 26th East Coast Indo-European Conference (ECIEC), Yale University, New Haven í Connecticut í Bandaríkjunum, 14.–17. júní 2007.
- 5) Local Markedness in Icelandic Place Names. – 14. ráðstefna norræna nafnfræðifélagsins (NORNA) í Borgarnesi 11.–14. ágúst 2007.
- 6) Den islandske navnelov og køn i islandske personnavne. – Nordiskt språkmöte – Nordmålforum, Uppsölum, Svíþjóð, 7.–9. september 2007.
- 7) Beyging orðsins *hönd* í nútímamáli. – Sumarnámskeið Samtaka móðurmálskennara í Borgarnesi 28.–29. september 2007.
- 8) Mótun íslenskrar málstefnu. – Íslenskuhátíð íslenskuskorar Háskóla Íslands og Mímis á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2007.

Jón Hilmar Jónsson

Ritstjórn:

- *Orð og tunga 9/2007.* [Í ritnefnd ásamt Ástu Svavarsdóttur og Veturliða Óskarssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Íslenskt orðanet: efniviður og uppbygging. – 21. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins, Reykjavík 27. janúar 2007.
- 2) Samfelld orðabók: áfangar og endurnýjun. – Orðabækur og tímans tönn. Málþing *Orðs og tungu* 16. mars 2007.
- 3) Samfylgd forms og merkingar – samhengi orðaforðans í Íslensku orðaneti. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 30. mars 2007. [Ásamt Þórdísi Úlfarsdóttur.]
- 4) Lemmatisering og tilgangsstruktur – reflexjóner på bakgrunn av Íslenskt orðanet. – 9. norræna orðabókarráðstefnan, Akureyri 22.–26. maí 2007.
- 5) Hvað segir orðabókin? – Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða? Málþing *Orðs og tungu* í Reykholti 1. desember 2007.

Jónas Kristjánsson

Rit:

- 1) „Kveðskapur Egils Skallagrímssonar.“ *Gripla XVII*, 7–35.
- 2) *Reglur um íslenska greinarmerkjasetningu.* Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík 2007.

Ritstjórn:

- *Sverris saga*. Þorleifur Hauksson gaf út. Íslensk fornrit XXX. Ritstj. Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson. Reykjavík 2007. – Samtímis kom út sérútgáfa bindisins sem hluti af Þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna: Sverris saga – Sverres saga.

Kristín Bjarnadóttir

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Enn um –na. Um eignarfall fleirtölu af veikum kvenkynsorðum í Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls. – 21. Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins, Reykjavík 27. janúar 2007.
- 2) Samanburður á stafkaflanum D í Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans, orðalista úr forn málsorðabókinni í Kaupmannahöfn og orðalista úr Orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. – Fundur Góðvina Grunnavíkur-Jóns 8. maí 2007.
- 3) Automatiske metoder til excerpering af nye ord. – Semínar um málrækt, málstefnu og tungutækni á vegum norrænu málnefndanna í Kaupmannahöfn 29. október 2007. [Ásamt Eiríki Rögnvaldssyni.]
- 4) BÍN og börnin hennar. Erindi um Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls og tengd verkefni. – Fyrirlestur á vegum Tungutækniseturs 11. desember 2007. [Ásamt Hjálmarí Gíslasyni.]

Kristján Eiríksson

Rit:

- 1) Einar Sigurðsson í Eydölum: *Ljóðmæli*. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson bjuggu til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar, 2007.
- 2) „Ögmundur Helgason. 28.7.1944–8.3.2006.“ *Gripla* XVII, 221–225.
- 3) „Hallgrímur Pétursson – skáld alþýðunnar.“ *Són* 5. hefti, 31–45.

Ritstjórn:

- 1) *Són – tímarit um óðfræði*, 5. hefti. [Ásamt Þórði Helgasyni.]
- 2) Í ritstjórn *La Tradukisto*. Út kom eitt hefti á árinu.

Fyrirlestur:

- 1) Óðfræðivefurinn Bragi – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 11. maí 2007.
- 2) Hallgrímur Pétursson í Þjóðsögum. – Hallgrímsstefna á heimaslóð, haldin á Hótel Glym 14. júlí 2007.

Margrét Eggertsdóttir

Rit:

- 1) „From Reformation to Enlightenment.“ *A History of Icelandic Literature*. Ed. by Daisy Neijmann. [Histories of Scandinavian Literature 5], bls. 174–250. Lincoln and London 2006.

Ársskýrsla 2006–2007

- 2) „Laudatur ab his, culpatur ab illis. Tóbaksvísur handa Varða.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*, bls. 80–82. Reykjavík 2006.
- 3) „Hallgrímur Pétursson og barokköldin.“ *Skíma, málgagn móðurmálskennara*, 2/29: 11–16.
- 4) „Djúp er þín lind. Um sálmaskáldið Sigurbjörn Einarsson.“ *Kirkjuritið* 73 (1): 20–22.
- 5) „Svör Margrétar Eggertsdóttur.“ *Gripla XVIII*:183–192.
- 6) „Barokk á Íslandi.“ *Í ljóssins barna selskap*, bls. 113–124. Reykjavík 2007.
- 7) „Inngangur.“ *Í ljóssins barna selskap*, bls. vii–xi. Reykjavík 2007. [Ásamt Þórunni Sigurðardóttur.]

Ritstjórn:

- 1) *Gripla XVII* (2006). [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Sverri Tómassyni.]
- 2) *Gripla XVIII* (2007). [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Sverri Tómassyni.]
- 3) *Í ljóssins barna selskap*. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um séra Hallgrím Pétursson og samtíð hans sem haldin var í Hallgrímskirkju 28. október 2006. Ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju 2007. Ritroð Listvinafélags Hallgrímskirkju 2.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Barokk á Íslandi. – Hallgrímur Pétursson og samtíð hans, ráðstefna haldin í Hallgrímskirkju 28. október 2006.
- 2) Djúp er þín lind. Sálmaskáldið Sigurbjörn Einarsson. – Flutt í Grafarvogskirkju 19. nóvember 2006.
- 3) Mynd mín af Hallgrími. – Ávarp við opnun myndlistarsýningar í Hallgrímskirkju 2. desember 2006.
- 4) Manuscript Tradition in Iceland in the 17th Century. – Frá fornöld til nýaldar: Þættir úr sögu klassískra mála og menningar 23. apríl 2007.
- 5) Passíusálmarnir. – Þjóðlagaakademían, námskeið um íslenska þjóðlagatónlist í samvinnu Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Kennaraháskóla Íslands haldið í tengslum við þjóðlagahátíð á Siglufirði 3.–8. júlí 2007.
- 6) Sól í Saurbæ. – Hallgrímsstefna á heimaslóð, haldin á Hótel Glym 14. júlí 2007.
- 7) Post-medieval mss, collectors and collections. – Opunarfyrirlestur á námskeiðinu Summer school of manuscript studies í Árnagarði 18. ágúst 2007.
- 8) Sálmur sem menningararfleifið. – Sálmafoss á Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju 18. ágúst 2007.

Marteinn H. Sigurðsson

Rit:

- „bera tilt með tveim: Lokasenna 38 and the One-Handed Týr“, *Arkiv för nordisk filologi* 121/2006, 139–59.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Einhendr áss: Um guðinn Tý og samnefnda rún. – Rannsóknarkvöld Félags íslenskra fræða 29. mars 2007.

- 2) Sig-Týr, hanga-Týr, farma-Týr: Um skipti á nöfnum í goðakenningum. – Þjóðfræði og þakkarskuld, málþing til heiðurs Jóni Hnefli Aðalsteinssyni áttæðum í Þjóðminjasafni Íslands 30. mars 2007.
- 3) “Perfectly mammillary”: Breasts, Nipples and Teats in the Landscape. – 14. ráðstefna norræna nafnfræðifélagsins (NORNA) í Borgarnesi 11.–14. ágúst 2007.
- 4) Rúnakvæði og -kenningar. – Málþing á vegum Íslenska málfræðifélagsins: Rúnir og rúnamenning, 6. október 2007.
- 5) Rúnir og heiðni. – Landnámssetrið í Borgarnesi 12. nóvember 2007.

Ólafur Halldórsson

Rit:

- 1) „*Danakonungatal* in Copenhagen, Royal Library Barth. D III. Fol.: An Edition.“ *Beatus Vir. Studies in Early English and Norse Manuscripts in Memory of Philip Pulsiano*. Útg. A. N. Doane og Kirsten Wolf. Tempe, Arizona 2006, 107–174.
- 2) „AM 240 fol XV, tvinn úr handriti með ævintýrum.“ *Gripla* XVIII, 23–46.

Erindi:

- Skarðsbók. – Flutt í Þjóðmenningarhúsi á samkomu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til að minnast heimkomu Skarðsbókar fyrir 40 árum.

Ólöf Benediktsdóttir

Rit:

- 1) „Norrænar bóksögurannsóknir á ofanverðri 20. öld“. *Bókasafnið* 31. árg. 2007. 76–77.
- 2) „Forníslensk fræði – fjölþætt samfélag“. M.LIS ritgerð 2006.
- 3) „Oceanus“. *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. 96–98.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Háskóla- og sérfræðibókasöfn (í Gegni). – Gegnir – vonir og væntingar. Málþing Aleflis, 4. desember 2006.
- 2) Bókasöfn og höfundarréttur. – Málþing Upplýsingar um höfundarétt, 17. apríl 2007.

Rósa Þorsteinsdóttir

Rit:

- 1) *Einu sinni átti ég gott*. Umsjón með útgáfu: Rósa Þorsteinsdóttir. Smekkleysa SM ehf. og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík, 2006.
- 2) *Vel trúi ég þessu! Tólf munnmálasögur með myndum eftir tólf teiknara*. Umsjón með útgáfu: Áslaug Jónsdóttir, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Baldursson og Rósa Þorsteinsdóttir. Bókaútgáfan Æskan og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík, 2007.

- 3) „Erlend og „alíslensk“ ævintýri á Austurlandi.“ *Sjöunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags Þjóðfræðinga á Íslandi. Haldin á Eiðum 3.–5. júní 2005. Ráðstefnurit.* Ritstj. Hrafnkell Lárusson. Fylgirit Múlapings 33. Egilsstöðum, 2006. 35–40.
- 4) „Sæl og blessuð, systir góð. Ljóðabréf Solveigar Eiríksdóttur frá 1833.“ *Són. Tímarit um óðfræði.* 4/2006. 35–48.
- 5) „Hvað er hann Varði að gera með Grylu?“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006.* 104–108.
- 6) „Heimspeki fólksins. Jónas og Þjóðsögurnar.“ *Sú þrá að þekkja og nema. Greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili.* Reykjavík, 2007. 74–81.

Ritstjórn:

- *Sú þrá að þekkja og nema. Greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili.* Ritstj. Rósa Þorsteinsdóttir. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Reykjavík, 2007.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) „Heimspeki fólksins“: Jónas og Þjóðsögurnar. – Sú þrá að þekkja og nema ... málþing haldið 23. september 2006 til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili (1856–1918) í tilefni þess að 150 ár voru liðin frá fæðingu hans 7. ágúst 2006.
- 2) Einu sinni átti ég gott. Bókarkynning. – Bókmenntadagskrá Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna 16. desember 2006.
- 3) Gáttir allar: Aðgengi og nýting heimilda í Þjóðfræðisafni Árnastofnunar. – Notkun munnlegra heimilda á Íslandi, málþing Minnis, nýstofnaðs félags um munnlegan menningararf, 27. janúar 2007.
- 4) Sögukona úr Sellátri. – Sagnafólk í samtíma sínum, þemakvöld Félags Þjóðfræðinga á Íslandi, 1. febrúar 2007.
- 5) Tveir dagar á Vaðbrekku í ágúst 1964: Hljóðritanir og heimildamenn. – Þjóðfræði og þakkarskuld, málþing til heiðurs Jóni Hnefli Aðalsteinssyni áttatræðum, 30. mars 2007.
- 6) Sögur frá Skagfirðingum: Skagfirðingar í segulbandasafni Árnastofnunar. – Menningar- og skemmtikvöld Sögufélags Skagfirðinga í tilefni af 70 ára afmæli félagsins, Sauðárkróki 2. maí 2007.
- 7) Skritnar vísur úr Skagafirði. – Fundur Kvæðamannafélagsins Iðunnar 4. maí 2007.
- 8) Fjórir fyrirlestrar: Munnleg kvæðahefð; Rímur; Íslensk danskvæði; Barnagætur og þulur. – Þjóðlagaakademían, námskeið um íslenska þjóðlagatónlist í samvinnu Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar á Siglufirði og Kennaraháskóla Íslands haldið í tengslum við þjóðlagahátíð á Siglufirði 3.–8. júlí 2007.
- 9) Þjóðsagnapersónan Sigfús. – Sigfúsarþing í minningu Sigfúsar Sigfúsosnar þjóðsagnaritara, Kirkjumíðstöðinni á Eiðum 12.–13. október 2007.

Daniel Sävborg

Rit:

- 1) *Sagan om kärleken: Erotik, känslor och berättarkonst i norrön litteratur.* (Acta Universitatis Upsaliensis, Historia Litterarum 27). Uppsala 2007.
- 2) „Norden och den höviska kärleken: Begrep riddarasagornas författare vad de sysslade med?“ *Den norröna renässansen: Reykholt, Norden och Europa 1150–1300.* Red. Karl G. Johansson. (Snorrastofa, Rit 4). Reykholt 2007. S. 157–178.

Ársskýrsla 2006–2007

- 3) „Erotik, kärlek och känslor i Bjarnar saga Hítöelakappa.“ *Maal og minne*, p. 107–135. 2006.
- 4) „Kärleken i Laxdøla saga höviskt och sagatypiskt.“ *Alvíssmál*, vol. 11, 2004. S. 75–104. [Kom út 2007]

Ritdómar:

- 1) „Margaret Clunies Ross, A History of Old Norse Poetry and Poetics.“ *Mediaevistik: Internationale Zeitschrift für interdisziplinäre Mittelalterforschung*, vol. 20, 2007. S. 412–416.
- 2) „Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide. Ed. Carol J. Clover and John Lindow.“ *Mediaevistik: Internationale Zeitschrift für interdisziplinäre Mittelalterforschung*, vol. 20, 2007. S. 334–337.
- 3) „Njals saga / Översättning och inledning av Lars Lönnroth.“ *Gardar: Årsbok för Samfundet Sverige-Island i Lund-Malmö*, vol. 38. 2007. S. 35–36.
- 4) „Herzort Island: Aufsätze zur isländischen Literatur- und Kulturgeschichte. Zum 65. Geburtstag von Gert Kreutzer. Ed. Thomas Seiler.“ *Samlaren*, vol. 127, 2006. S. 546–549.

Fyrirlestur:

- Tradition och egenart i den efterklassiska sagalitteraturen. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 26. október 2007.

Sigrún Helgadóttir

Rit:

- „Mörkun íslensks texta.“ *Orð og tunga* 9:75–107.

Sigurgeir Steingrímsson

Rit:

- 1) „Árnagarður í Höfn.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. Bls. 113–119.
- 2) „Stefán Karlsson dr. phil. h.c. 2.12.1928 – 2.05.2006.“ *Gripla XVII*. Bls. 193–207.
- 3) „Stefán Karlsson. Ritaskrá. Útgáfur og fræðilegar greinar 1960–2006.“ *Gripla XVII*. Bls. 208–215. [Meðhöfundur: Guðvarður M. Gunnlaugsson.]

Ritstjórn:

- *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. [Ásamt Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, Haraldi Bernharðssyni og Svanhildi Óskarsdóttur.]

Svanhildur Óskarsdóttir

Rit:

- „Heroes or Holy People? The Context of Old Norse Bible Translations.“ *Übersetzen im skandinavischen Mittelalter*. Ritstj. Vera Johanterwage og Stefanie Würth (*Studia Mediaevalia Septentrionalia* 14). Wien 2007, 107–121.

Ritstjórn:

- *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006.* Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen. [Ásamt Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, Haraldi Bernharðssyni og Sigurgeiri Steingrímssyni.]

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Women and writing in the Middle Ages. – Avhandlingsseminar i filologi. Universitetet i Oslo. Gran, 19. október 2006.
- 2) Þáttur kvenna í ritstörfum. – Fyrirlestraröðin Konur á miðöldum, Reykholti, 14. nóvember 2006.
- 3) Reynistaðarbók – Kodikologiske aspekter. – Málþing um skrift, skriftarfræði og handrit, 30. ágúst 2007.
- 4) Gyðinga sögur: Íslenskar biblíupýðingar og áheyrendur á 13. og 16. öld. – Málstofa Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 24. september 2007.
- 5) The textual variation of Egils saga. – Málþingið Oral Tradition and Sagas í Rússnesku Vísindaakademíunni í Moskvu, 15. október 2007.

Svarar Sigmundsson

Rit:

- 1) *Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855.* Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag, 2007.
- 2) „Skilmannahreppur.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*, bls. 123–127.
- 3) „Séra Jón og samheitin.“ *Lesið í hljóði fyrir Kristján Arnason sextugan 26. desember 2006*, bls. 178–180.
- 4) „Brak och bris i isländskan.“ *Från drasut till brakknut. Studier tillägnade Gerd Eklund på 65-årsdagen den 23 oktober 2007.* Meddelanden från Sällskapet för svensk dialektologi.1. Uppsala 2007, bls. 183–186.
- 5) „De islandske bønnebøger.“ *Encyclopædica Britannica*; eller, et Antal Fremstillinger om de skønne og nyttige Videnskaber, i hvilke Diskurser diverse Phænomeners Beskrivelser & Forklaringer gives tillige med adskillige besynderlige og særdeele Observationer, etcetera i Øst og Vest. Illustrerede med xxv til deels colorede Afbildninger. Udgivne af en Kreds af Danneqvinder paa Amager. Hafniæ, bls. 207–212.
- 6) „Om staðir-navne på Island.“ *Busetnadsnamn på -staðir. Rapport frá NORNAs 33. symposium på Utstein kloster 7.–9. mai 2004*:147–157. Redigert av Inge Særheim, Per Henning Uppstad og Åse Kari Hansen. NORNA-Rapporter 81.
- 7) „Útgáfa á Vísitásiubókum.“ *Brynjólfur biskup: kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld: safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005.* Ritstj. Jón Pálsson o.fl. Reykjavík 2006, bls. 145–149. [Meðhöfundur: Hallgrímur J. Ámundason.]
- 8) „Bæjanöfn í Holtahreppi.“ *Holtamannabók I.* Helli, 2006, bls. 544–551.
- 9) „Nokkur bæjanöfn í Ásahreppi.“ *Holtamannabók II.* Ásahreppur. Ritstj. Ragnar Böðvarsson. Ásahreppi, 2007, bls. 421–424.

Örnefni mánaðarins á heimasíðu Árnastofnunar í september-desember 2006. www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefni_manadarins_2002-6. (Akbraut, Frakka-örnefni, Keta, Hnit-örnefni.)

Örnefni mánaðarins á heimasíðu Árnastofnunar í janúar-júlí og september-deseember 2007. www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_ornefni_manadarins_2007. (Grýla, Vattar-örnefni, Breiðavík, Kleppur og Kleppsvík, Snugga, Ljá, Skytja, Goðafoss, Klukka, Harðskafi, Hestaþings-örnefni.

Alls skrifaði Svavar 14 svör fyrir Vísindavefinn á tímabilinu. <http://visindavefur.is>.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Hvaðan komu örnefnin? – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 10. nóvember 2006.
- 2) Orðasmíð Jónasar Hallgrímssonar. – Jónasarþing í Háskóla Íslands 8. júní 2007.
- 3) Örnefni í Árnassýslu. – Fræðslunet Suðurlands, Selfossi, 27. september 2007.
- 4) Átthagafræði Flóans. Menningarsaga; landnám, Flóamannasaga, menntun. – Fræðslunet Suðurlands, Félagslundu 8. október 2007.

Sverrir Tómasson

Rit:

- 1) „Old Icelandic Prose.“ *A History of Icelandic Literature*: 64–173. Ed. Daisy Nejmman. The University of Nebraska Press. Lincoln 2006.
- 2) *Heilagra karla sögur*. Sverrir Tómasson, Bragi Halldórsson og Einar Sigurbjörnsson bjuggu til prentunar. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2007.
- 3) „Helgisögur og helgisagnaritun.“ *Heilagra karla sögur*: xxi–lx. Reykjavík 2007.
- 4) „Skemmtanarleikur.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*: 128–130.
- 5) „Njarðarvöttur.“ *Lesið í hljóði fyrir Kristján Árnason sextugan 26. desember 2006*: 190–193.
- 6) „Porgils saga ok Hafliða.“ *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde*. Berlin 2007. Band 35:122.
- 7) „Kysst á rassinn Öskubusku.“ *Mannamál. Greinar, frásagnir og ljóð í tilefni af sextugsafmæli Páls Pálssonar frá Aðalbóli 11. maí 2007*. 181–185. Ritstj. Kristján Jóhann Jónsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Reykjavík 2007.
- 8) „Gylfi S. Gröndal. Minningarorð.“ *Morgunblaðið* 8. nóvember 2006.
- 9) „Magnús Már Lárusson. dr. theol. h.c. 2.9.1917 – 15.1.2006.“ *Gripla XVII*: 217–220.

Ritdómur:

- „Elizabeth Ashman Rowe: The Development of Flateyjarbók: Iceland and the Norwegian Dynastic Crisis of 1389.“ *Speculum* 2007:1033–1034.

Ritstjórn:

- 1) *Gripla XVII* (2006) [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Margréti Eggertsdóttur.]
- 2) *Gripla XVIII* (2007) [Ásamt Gísla Sigurðssyni og Margréti Eggertsdóttur.]
- 3) Í ritnefnd *Reallexikon der Germanischen Altertumskunde* Band 34, 35 (2007).

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Hersveit himnakonungs og aðrir riddarar. Tveggja postula saga Jóns og Jakobs í Skarðs-

Ársskýrsla 2006–2007

- bók postulasagna. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 22. september 2006.
- 2) Sagnalist og íslenskir riddarar. – Hugvísindapíng, Háskóla Íslands 4. nóvember 2006.
 - 3) Skattholið: Vesturgata 16, bústaður Benedikts S. Gröndals. – Málfundur Torfusamtakanna 20. nóvember 2006.
 - 4) Skrifað fyrir Skarðverja. – Hugvísindapíng, Háskóla Íslands 10. mars 2007.
 - 5) Þingeyrar – menningarsetrið. – Sagnaþing í héraði, haldið á Þingeyrum 18.–19. ágúst 2007.
 - 6) Enn fljúgast bændur á. Jón Ólafsson úr Grunnavík, gleymdur brautryðjandi íslenskra fornþókmennna. – Fundur Góðvina Grunnavíkur-Jóns 21. október 2007.
 - 7) Historia Nicholai. – Málstofa um íslenskan tónlistararf haldin af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 6. desember 2007.

Úlfar Bragason

Rit:

- „Genealogies: a return to the past.“ *Den norröna renässansen: Reykholt, Norden och Europa 1150–1300*. Ritstj. Karl G. Johansson. Reykholti, 2007. Bls. 73–81.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Að vera á milli landa. – Hugvísindapíng, Háskóla Íslands, 9.–10. mars 2007.
- 2) Sturla Þórðarson and the Knowledge of Women. – The 97th Annual Meeting of the Society for the Advancement of Scandinavian Study (SASS), Davenport, Iowa, 26.–28. apríl 2007.
- 3) Til varnar ættfræðinni. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 19. janúar 2007.
- 4) Perspectives in Sturla Þórðarson's *Íslendinga saga*. – The University of Aarhus Summer School, 6. júlí 2007.
- 5) Sturla Þórðarson and Women's Knowledge of the Past. – UCL Medieval Scandinavian Seminar, London, 6. desember 2007.
- 6) Sturla Þórðarson and Women's Knowledge of the Past. – Old Norse in Oxford research Seminar (ONORS), Oxford, 7. desember 2007.

Vésteinn Ólason

Rit:

- 1) *Dialoghi con l'era vichinga. Narrazione e rappresentazione nelle Íslendingasögur*. Trieste. Edizioni Parnaso. Þýð. Silvia Cosimini. [Þýðing á Samræðum við söguöld, 1998.]
- 2) „Skrifari Konungsbókar, Helgakviða Hundingsbana I og „fornaldarsagan“ um Helga tvo.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. 134–36.
- 3) „Old Icelandic Poetry.“ *A History of Icelandic Literature*. Ritstj. Daisy Neijmann. Lincoln og London, 2006. 1–64.
- 4) „The Icelandic Saga as a Kind of Literature with Special Reference to Its Representation of Reality.“ *Learning and Understanding in the Old Norse World*. Essays in Honour of

Ársskýrsla 2006–2007

Margaret Clunies Ross. Ritstj. Judy Quinn, Kate Heslop, and Tarrin Wills. Turnhout, 2007. 27–47.

- 5) „The Fantastic Element in Fourteenth Century *Íslendingasögur*: A Survey.“ *Gripla* XVIII, 7–22.
- 6) „Maddaman með kýrhausinn og Völuspá.“ *Tímarit Máls og menningar*, 68. árg. 2007:1, 47–54.

Fyrirlestrar:

- 1) Dargestellte Wirklichkeit in den Isländersagas. – Árna Magnússonar fyrirlestur á degi íslenskrar tungu í boði Friedrich-Alexander Universität í Erlangen, 16. nóvember 2006.
- 2) Norröne tekstutgaver – Hvordan? For hvem? – Gautaborgarháskóli, 13. apríl 2007.
- 3) Scenes from Daily Life in *Íslendingasögur*: Narrative Function. – Dialogues with the Viking Age. Dialogar su vikingu epocha. Málþing haldið af deild Norðurlandafræða við Vilnius háskóla 11.–13. okt. 2007
- 4) The Poetic Edda – Literature or Folklore? – Along the Oral - Written Continuum. Málþing á vegum Centre for Medieval Studies. Björgvinjarháskóla 17.–19. okt. 2007.
- 5) Hugtök og heiti í bókmenntafræði. – Arfur og endurnýjun: hvað býr í íslenskum orðaforða? Málþing *Orðs og tungu* í Reykholti 1. desember 2007.

Yelena Sesselja Helgadóttir (Yershova)

Rit:

- 1) *Lausavísur frá svartadauða til siðaskipta*. Yelena Sesselja Helgadóttir gaf út. Ritstj. Guðrún Nordal. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2007.
- 2) „Hvað sagði múkurinn?“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. 137–140.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Íslenskar þulur síðari alda: kynning á doktorsverkefningu á Rannsóknadögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 24. janúar 2007. Verkefnið var einnig kynnt með veggspjaldi.
- 2) Íslenskar þulur og færeysk *skjaldur* – er allt sama tóbakið? (‘Þulur’ og ‘skjaldur’ – er allt sama súrdeiggið?) – Frændafundur 6, Tórshavn, 25.–29. júní 2007.

Þórður Ingi Guðjónsson

Rit:

- 1) Jón Ma. Ásgeirsson og Þórður Ingi Guðjónsson. *Frá Sýrlandi til Íslands. Arfur Tómasar postula*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 2007.
- 2) „Guðbrenska og Konráðska. – Um tvo „(sal)deilendur“.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*. 141–148.
- 3) „Félag íslenskra fræða 60 ára.“ *Morgunblaðið*, 27. apríl 2007.

Ritstjórn:

- *Sverris saga*. Þorleifur Hauksson gaf út. Íslensk fornrit XXX. Ritstj. Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson. Reykjavík, 2007. – Samtímis kom út sérútgáfa bindisins sem hluti af þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna: *Sverris saga – Sverres saga*.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Frá Sýrlandi til Íslands: Frá Tómasarsögu til Tómas sögu postula. – Hugvísindapíng, Háskóla Íslands, 9.–10. mars 2007.
- 2) Translations of Saints' Lives in Medieval Iceland. – Frá fornöld til nýaldar: Þættir úr sögu klassískra mála og menningar, málstofa á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 23. apríl 2007.
- 3) „sá er gauð sem grætur slíkt.“ Skáldsagan Kjartan og Guðrún. – Torfhildarpíng í Þórbergsetri í Suðursveit, 14. október 2007.
- 4) Sverris saga. – Nótt safnanna í Bókasafni Vestmannaeyja, 10. nóvember 2007.

Þórdís Úlfarsdóttir

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Orðabækur á milli dönsku og íslensku. – Hugvísindapíng, Háskóla Íslands 10. mars 2007.
- 2) Samfylgd forms og merkingar – samhengi orðaforðans í Íslensku orðaneti. – Málstofa Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 30. mars 2007. [Ásamt Jóni Hilmarí Jónssyni.]
- 3) ISLEX–Íslandsk-skandinavisk webordbog. – 9. norræna orðabókarráðstefnan, Akureyri 22.–26. maí 2007. [Ásamt Halldóru Jónsdóttur.]

Þórunn Sigurðardóttir

Rit:

- 1) „„Caput de versione poëtica.“ Ritgerð Jóns Ólafssonar úr Grunnavík um kvæðaþýðingar.“ *Varði reistur Guðvarði Má Gunnlaugssyni fimmtugum 16. september 2006*, bls. 149–152.
- 2) „Inngangur.“ *Í ljóssins barna selskap*, bls. vii–xi. Reykjavík 2007. [Ásamt Margréti Eggertsdóttur.]
- 3) „Hallgrímur „með síra Guðmund Erlendsson í Felli í bak og fyrir.“ Tveir skáldbræður á 17. öld.“ *Í ljóssins barna selskap*, bls. 49–61. Reykjavík 2007.

Ritstjórn:

- 1) *Samfélagsleg áhrif verkalyðshreyfingarinnar á 20. öld. Framtíðarsýn á 21. öldinni*. Ráðstefna í tilefni af 100 ára afmæli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og 50 ára afmælis Bókasafns Dagsbrúnar 23. september 2006. Ritstj. Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík: Efling-stéttarfélag og ReykjavíkurAkademían 2007.
- 2) *Í ljóssins barna selskap*. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um séra Hallgrím Pétursson og samtíð hans sem haldin var í Hallgrímskirkju 28. október 2006. Ritstj. Margrét Eggertsdóttir og Þórunn Sigurðardóttir. Reykjavík: Listvinafélag Hallgrímskirkju 2007. Ritröð Listvinafélags Hallgrímskirkju 2.

Fyrirlestrar og erindi:

- 1) Hallgrímur „með síra Guðmund Erlendsson í Felli í bak og fyrir.“ Tveir skáldbræður á 17. öld. – Hallgrímur Pétursson og samtíð hans, ráðstefna haldin í Hallgrímskirkju 28. október 2006.
- 2) Skáldbræður á 17. öld. Hallgrímur Pétursson og Guðmundur Erlendsson. – Hallgrímsstefna á heimaslóð, haldin á Hótel Glym 14. júlí 2007.

Viðauki 1

Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

2006 nr. 40 12. júní

Tóku gildi 1. september 2006.

1. gr. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Stofnunin hefur náin tengsl við Háskóla Íslands eins og nánar greinir í lögum þessum og er hluti af fræðasamfélagi hans.
2. gr. Ríkisstjórn Íslands er verndari handrita og skjalagagna sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn í vörslu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Gögn þessi mynda Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi og er hún falin Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til varðveislu og umsjónar.
3. gr. Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Hlutverk sitt rækir stofnunin einkum með því að:
 - a. afla frumgagna á fræðasviði sínu og varðveita þau, safna þjóðfræðum og heimildum um íslenskan orða- og nafnaförða og gera þessi gögn aðgengileg fyrir fræðimenn og almenning;
 - b. rannsaka handrit, þjóðfræðasöfn og aðrar heimildir um íslenska tungu, bókmenntir og sögu, sinna orðfræði- og nafnfræðirannsóknum og verkefnum á sviði tungutækni;
 - c. stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu, eflingu hennar og varðveislu í ræðu og riti og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli, þar á meðal um íðorð og nýyrði
 - d. efla samstarf á fræðasviðum stofnunarinnar á innlendum og erlendum vettvangi og auka þekkingu á íslenskum fræðum meðal almennings og í alþjóðlegu fræðasamfélagi og taka þátt í samstarfi um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis;
 - e. gefa út fræðirit, texta eftir handritum, þjóðfræðaeefni og orða- og nafnabækur.
4. gr. Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Skulu þrír skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar. Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar. Þeir sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa við stofnunina mynda húsþing sem forstöðumaður kallar saman og starfar í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar. Menntamálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og húsþings.
5. gr. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Forstöðumaður skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar að mati þriggja manna dómnefndar sem menntamálaráðherra skipar. Skal einn

nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna og störf dómnefndar fer eftir hliðstæðum reglum og við ráðningu sérfræðinga og kennara við Háskóla Íslands.

Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Hann ræður starfsmenn stofnunarinnar og er í fyrirvari fyrir hana. Hann ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

- 6. gr.** Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gerir samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin á samstarf við aðrar stofnanir á háskólastigi samkvæmt sérstökum samningum.

Starfsmenn stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna í námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands.

- 7. gr.** Við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skulu vera tvær sérstakar rannsóknarstöður. Skal önnur vera sérstaklega tengd nafni Árna Magnússonar en hin með sama hætti tengd nafni Sigurðar Nordals. Forstöðumaður getur að fenginni umsögn húsþings ráðið í þessar stöður til tiltekins tíma án þess að þær séu auglýstar lausar til umsóknar.

- 8. gr.** Við ráðningu til rannsóknarstarfa við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skal fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands. Þriggja manna dómnefnd sem forstöðumaður skipar metur hæfi umsækjenda. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar stofnunarinnar og er hann jafnframt formaður, einn samkvæmt tilnefningu húsþings og einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra. Forstöðumaður skal leita umsagnar húsþings við ráðningu til rannsóknarstarfa.

Starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor.

Stofnunin setur sér siðareglur, m.a. um fræðilegt sjálfstæði starfsmanna.

- 9. gr.** Menntamálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í Íslenskri málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinn tilnefnir einn mann í nefndina: háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, hugvísindadeild Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rit höfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Menntamálaráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar.

- 10. gr.** Kostnaður við rekstur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjöld fyrir afrit gagna úr segulbandasöfnum,

fyrir gerð og birtingu ljósmynda úr handritum, fyrir hvers konar sérúnnin afrit af gögnum í vörslu stofnunarinnar, fyrir afnot af rannsóknaraðstöðu, fyrir veitta sérfræðiþjónustu vegna yfirlesturs gagna og gagnaöflunar, og fyrir aðgang að sýningum á vegum stofnunarinnar. Stofnunin setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

11. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006.

...

Ákvæði til bráðabirgða. Við gildistöku laga þessara tekur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands. Í því felst m.a. að starfsmenn framangreindra stofnana verða starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. verða störf forstöðumanna þeirra stofnana, sem sameinast í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, lögð niður. Þeir skulu þó vera forstöðumanni sem skipaður verður skv. 4. mgr. til aðstoðar og starfa þannig áfram við stofnunina til 31. október 2006. Niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans hefur þó ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands. Öllum fráfarandi forstöðumönnum skulu boðin rannsóknarstörf við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum frá og með 1. nóvember 2006 og skulu þeir við ráðningu í þau störf halda öllum áunnum réttindum sínum úr fyrri starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga þessara skal hugvísindadeild Háskóla Íslands, í stað húspings, tilnefna einn mann í dómnefnd til að meta hæfi forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vegna skipunar hans í embætti skv. 4. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. skal stjórn skv. 4. gr. skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að veita umsögn um skipun í embætti forstöðumanns skv. 5. gr. Dómnefnd skv. 5. gr. skal einnig skipuð eigi síðar en 1. júlí 2006, til að meta hæfi umsækjenda um starf forstöðumanns. Gengið skal frá skipun forstöðumanns skv. 5. gr. eigi síðar en 1. september 2006.

Ónýttar fjárheimildir á fjárlögum 2006 fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Íslenska málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands við gildistöku laga þessara renna til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki 2

SAMSTARFSSAMNINGUR HÁSKÓLA ÍSLANDS OG STOFNUNAR ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

1. Inngangur

Aðilar samnings

Aðilar samnings þessa eru Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM), kt. 700806-0490.

Forsendur samstarfsins

Samning þennan gera aðilar til þess að skilgreina samstarf sín á milli sem byggist á eftirfarandi forsendum:

- a) Að starfsemi sem sameinast hefur í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur frá öndverðu verið stunduð innan vébanda Háskólans og verið hluti af fræðasamfélagi hans, sbr. 1. gr. laga um SÁM.
- b) Að kennsla og rannsóknir sem fram fer innan deilda HÍ tengjast náið rannsóknum og starfsemi SÁM.
- c) Að HÍ hefur tiltekið hlutverk við umsjón handrita og skjalagagna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Þessar forsendur eru bundnar í ákvæði laga nr. 40/2006 sem jafnframt eru grundvöllur samnings þessa, sbr. einkum 1. og 6. gr. laganna og tilvísun þeirra til sáttmála milli Danmerkur og Íslands um vörslu og umsjón HÍ með handritum.

Markmið og hlutverk samningsaðila

Með samstarfinu vilja samningsaðilar samnýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem þeir búa yfir í þágu eftirfarandi markmiða:

- Efla rannsóknir og kynningu á íslenskum fræðum innan lands og í alþjóðlegu fræðasamfélagi.
- Styrkja menntun stúdenta í greinum sem fást við íslensk fræði.
- Tryggja gæði rannsóknastarfs á sviði íslenskra fræða.

Sem háskólastofnun hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum það hlutverk að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar menningar, tungu, bókmennta, sögu og þjóðfræði, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Rannsóknahlutverki sínu sinnir SÁM í nánu samstarfi við háskóladeildir þegar þess er kostur, einkum þær sem stunda rannsóknir á fræðasviði hennar, svo sem hugvísindadeild og félagsvísindadeild. Starfsmenn stofnunarinnar geta annast kennslu í deildum Háskólans, en þá er það hlutverk HÍ að bera faglega ábyrgð á kennslu, námsefni, efnistöðum og prófum og sjá til þess að starfsfólk sem annast kennslu og rannsóknir á vegum skólans uppfylli akademískar kröfur.

2. Gildistími

Samningurinn er gerður til fimm ára. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með sameiginlegri ákvörðun samningsaðila á vettvangi samstarfsnefndar, sbr. 4. kafla. Þegar

liðin eru þrjú ár af samningstímanum skal með samþykki beggja aðila fara fram úttekt á framkvæmd samningsins og mat á því hvernig markmiðum hans hafi verið náð.

3. Gildissvið

Samningur þessi nær til samstarfs á fræðasviðum SÁM. Hann er ramma utan um sameiginleg akademísk málefni, starfsmannamál og fjárhagsleg samskipti. Samningsaðilar eru sammála um að semja nánar um hvaðeina sem þeir telja hagkvæmt að skuli verða hluti samnings þessa.

Samninginn gerir HÍ vegna þeirra háskóladeilda sem hlut eiga að máli, einkum hugvísindadeildar og félagsvísindadeildar. Í fylgiskjali er gerð grein fyrir því hvernig fræðasvið sem samningurinn tekur til tengjast deildum og skorum HÍ og stofum SÁM.

Verði breytingar á stjórnskipulagi samningsaðila skulu ákvæði samningsins eiga við um nýja eða breytta skipan, nema sérstaklega sé um annað samið.

4. Skipan og störf samstarfsnefndar

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins og samskipti samningsaðila sitja sex fulltrúar. Auk háskólarektors og forstöðumanns SÁM eru tveir skipaðir af háskólaráði að fengnum tilnefningum frá hugvísindadeild og tveir til vara tilnefndir af félagsvísindadeild og tveir kjörnir af húsþingi SÁM og tveir til vara. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er:

- Að sjá um framkvæmd samningsins og ákvarðana er honum tengjast.
- Að fjalla um samnýtingu rannsóknadstöðu.
- Að fjalla um sameiginleg málefni svo sem störf sem tengjast báðum stofnunum, sbr. 7. kafla.
- Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

Samstarfsnefndin setursérnánari starfsreglur. Samstarfsnefndin skal fundareglulega. Ákvarðanir og aðrar niðurstöður mála skulu færðar í fundargerð sem staðfest er af nefndarmönnum.

5. Rannsóknasamstarf

Á grundvelli stefnumörkunar um vísindastarf munu aðilar móta sameiginlegar áherslur um rannsóknaverkefni er tengjast báðum stofnunum. Markmið þeirrar vinnu er að efla akademískt rannsóknastarf.

Í faglegum málefnum skal almennt ríkja gagnkvæmni um stöðu starfsmanna hvorrar stofnunar um sig hjá hinni. Þannig veitir SÁM starfsmönnum og stúdentum HÍ aðgang að rannsóknæfnivið og aðstöðu til rannsókna eftir því sem föng eru á. Á sama hátt veita deildir og stofnanir HÍ starfsmönnum SÁM aðgang að rannsóknæfnivið og aðstöðu til rannsókna eftir því sem föng eru á. Stefnt er að því að sama eigi við um aðkomu að þeim vettvangi þar sem fjallað er um fagleg málefni.

Starfsmenn SÁM birta niðurstöður af akademísku starfi sínu sameiginlega í nafni SÁM og HÍ.

5. Kennsla og nemendur

SÁM getur haldið málstofur sem metnar yrðu til eininga með samþykki viðkomandi háskóladeilda. Þeir sem ráðnir eru til rannsóknastarfa við SÁM taka að öðru leyti að sér kennslu og leiðbeiningu við HÍ eftir því sem um semst milli stofnunarinnar og deilda eða skora. Gerðir skulu sérstakir samningar við deildir þegar sú samvinna er stöðug og mikil. Þeir

sem ráðnir eru til rannsóknastarfa við SÁM geta tekið að sér að leiðbeina nemendum við lokaverkefni, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi deildar.

6. Starfstengsl – starfsmannamál

Samningsaðilar munu eiga náð samstarf í starfsmannamálum.

Starfstengsl þeirra starfsmanna SÁM sem hafa rannsóknaskyldu [þ.e. þeirra sem ráðnir eru að undangenginni auglýsingu og mati dómnefndar með sama hætti og samkvæmt hliðstæðum kröfum og akademískir starfsmenn HÍ] geta verið með tvennum hætti:

a) Annars vegar að starf háskólakennara verði tengt starfi á SÁM í samræmi við 11. gr. laga nr. 41/1999 um HÍ sem kveður á um að heimilt sé að tengja starf kennara tilteknu starfi utan Háskólans eða starfi við stofnanir hans samkvæmt reglum sem háskólaráð setur. Aðilar munu í sameiningu á vettvangi samstarfsnefndar um málefni samningsins skilgreina slík samhliða störf, en um þau eru gerðir tveir ráðningarsamningar.

b) Hins vegar að starfsmenn SÁM sinni kennslu við háskóladeildir, sbr. 6. kafla. Stofnunin mun fyrir sitt leyti skilgreina starfsskyldur þeirra starfsmanna sem ákveðið er að taki að sér kennslu við HÍ. Ekki er gerður ráðningarsamningur um slíka kennslu en um fjárhagsleg samskipti vegna hennar fer skv. 8. kafla samningsins.

Auk þessara starfstengsla mun SÁM veita kennurum og sérfræðingum við háskóladeildir og stofnanir þeirra aðstöðu við rannsóknir eftir því sem óskað er eftir og um er samið í hverju tilviki.

Miðað er við að þeir starfsmenn SÁM sem hafa eiginleg starfstengsl við Háskólann sbr. lið a) og b) hér að framan, hafi sambærilega stöðu innan HÍ og starfsmenn skólans með sömu starfsheiti að teknu tilliti til starfshlutfalls. Í því felst einkum að þeir hafi seturétt á deildarfundum og aðkomu að þeim vettvangi þar sem fjallað er um fagleg málefni deildar. Sömuleiðis er við það miðað að akademískir starfsmenn háskóladeilda sem eru í nánnum tengslum við SÁM eigi kost á að sitja húsþing SÁM.

7. Fjárhagsleg samskipti

Samningsaðilar eru sammála um að fjárhagsleg samskipti og ákvarðanir um störf og verkefni sem samningurinn gerir ráð fyrir verði milli stofnananna en snúi ekki að einstökum starfsmönnum.

Að því marki sem ekki er um annað samið greiðir hvor aðili um sig sinn kostnað af framkvæmd samningsins eða framkvæmd einstakra verkefna. Samið skal fyrirfram um skiptingu kostnaðar vegna aðkeyprar þjónustu eða um annan sérstakan kostnað sem samningsaðilar þurfa að leggja í og telst ekki vera hluti af almennum daglegum rekstri samningsaðila.

Fjárhagsleg samskipti vegna vinnumatssjóðs, ársmatssjóðs og Sáttmálasjóðs eru skv. fyrirmælum í kjarasamningum og fjárlögum. Þjónustuverkefni sem þessu tengjast, m.a. vinnumat og ársmat, verða unnin með eins skilvirkum og hagkvæmum hætti og kostur er.

8. Kynning og almenn umfjöllun

Samningsaðilar munu koma sameiginlega fram í málefnum þessa samnings og gera átak í því að afla stuðnings við uppbyggingu þeirra fræðigreina sem samningurinn lýtur að. Leitað

verður til ráðuneyta og fjárveitingavalds en jafnframt til fyrirtækja og annarra einkaaðila um að fjármagna ný störf eða verkefni sem sett verða á fót í tengslum við báðar stofnanir.

Í allri almennri umfjöllun um málefni samningsins og verkefni sem honum tengjast skal tryggt að beggja samningsaðila sé getið.

9. Önnur atriði

Forstöðumaður SÁM eða fulltrúi hans á sæti á háskólafundi HÍ.

Við framkvæmd á 5. mgr. 74. gr. reglna nr. 458/2000, sem fjallar um Rannsóknasjóð Háskóla Íslands verður þess gætt að starfsmenn SÁM sem hafa meðal skilgreindra starfsskyldna sinna að stunda sjálfstæðar rannsóknir og hafa hlotið hæfnisdóm geti sótt um stuðning sjóðsins með sama hætti og kennarar og sérfræðingar við HÍ. Háskólinn og SÁM munu í sameiningu vinna að því að efla sjóðinn.

Háskólaráð hefur samþykkt breytingu á 9. gr. reglna HÍ nr. 458/2000, þar sem fjallar er um kosningu rektors HÍ, sem felur í sér að SÁM er talin upp með þeim stofnunum sem þar eru tíundaðar. Gildir það annars vegar um kjörskrá (5. tölul.) og hins vegar um atkvæðisrétt og vægi atkvæða (6. tölul.).

Háskólaráð mun að höfðu samráði á vettvangi samstarfsnefndar um málefni samningsins, skipa fulltrúa í stjórn Minningarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, sbr. ákvæði gjafabréfs dags. 15. október 1971. Samráð verður viðhaft með hliðstæðum hætti um skipun eða tilnefningu fulltrúa í aðrar stjórnir og ráð sem tengjast samstarfi aðila.

Sérstakur samningur verður gerður um húsnæðismál.

Aðilar munu taka ákvörðun um það á vettvangi samstarfsnefndar hvernig háttað verður skiptingu verkefna skv. samningi dags. 6. september 2004 milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands (um tiltekin verkefni Stofnunar Sigurðar Nordals). Aðilar munu enn fremur standa sameiginlega að viðræðum við ráðuneytið um endurnýjun á þessum samningi.

Undir samning þennan, sem háskólaráð hefur staðfest, rita rektor Háskóla Íslands og forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Reykjavík, 20. mars 2007

Fh. Háskóla Íslands

Fh. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Kristín Ingólfssdóttir
rektor

Vésteinn Ólason
forstöðumaður